


Desember 2019



# Hálendisþjóðgarður



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

# Hálendisþjóðgarður

-TILLÖGUR OG ÁHERSLUR ÞVERPÓLITÍSKRAR NEFNDAR-

Útgefandi:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Desember 2019

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

©2019 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

ISBN 978-9935-9390-8-1

Forsíðumynd: Í Kerlingarfjöllum.

Ljósmyndir í skýrslu: Steinar Kaldal.

# Efnisyfirlit

<b>UM VERKEFNI ÞVERPÓLÍTÍSKRAR NEFNDAR</b>	<b>1</b>
<b>ÞJÓÐGARÐUR Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS</b>	<b>4</b>
MIÐHÁLENDI ÍSLANDS	4
STJÓRNSÝSLA OG SVEITARFÉLÖG	4
ÞJÓÐGARÐAR	7
<b>BYGGÐAÐRÓUN OG ATVINNULÍF</b>	<b>9</b>
INNVIÐIR	9
ÞJÓNUSTA & ÖRYGGI	10
ÚTIVIST & FERÐAÞJÓNUSTA	10
VÖRUR	11
REKSTUR	11
RANNSÓKNIR	12
DREIFING FERÐAMANNA	12
SAMRÆMT VALDDREIFT VERKLAG	12
<b>ÁHERSLUR Í ATVINNUSTEFNU</b>	<b>14</b>
SAMRÁÐ	15
GÆÐI & ÖRYGGI	15
BYGGÐAÐRÓUN	15
AUÐKENNI & MÖRKUN	16
MIÐLUN & FRÆÐSLA	16
AUÐLINDIR & UPPBYGGING	16
UMSJÓN	16
ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ	17
GJALDTAKA	17
<b>ÁHERSLUR Í STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLUN</b>	<b>18</b>
SAMRÁÐ	18
FRAMSETNING & INNTAK	18
ÁHERSLUEFNI	19
DREIFSTÝRING/VALD HEIMAMANNA	19
VERND NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJA	20
AÐGENGI OG ALMANNARÉTTUR	20
ATVINNUSTEFNA	20
SAMSTARF/SAMNINGAR	20
NYTJARÉTTUR Á HÁLENDINU	21
SAMGÖNGUR Á MIÐHÁLENDI	21
ÖRYGGISMÁL OG VÖKTUN	22
ÞJÓNUSTA, FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR	22

<b>MÖRK ÞJÓÐGARÐSINS</b>	<b>24</b>
MÍÐHÁLENDIÐ OG ÝMIS KORT	24
AFMÖRKUN MÍÐHÁLENDISINS Í LANDSSKIPULAGSSTEFNU	24
ÞJÓÐLENDUR Á MÍÐHÁLENDINU	24
FRÍÐLÝST SVÆÐI Á MÍÐHÁLENDINU	25
FORSENDUR NEFNDAR UM MÖRK HÁLENDISÞJÓÐGARÐS	26
MEGINTILLAGA NEFNDAR	27
ÚTSKÝRING Á TILLÖGUM NEFNDARINNAR	28
<b>ÁHERSLUR: VERNDARFLOKKAR</b>	<b>31</b>
HVAÐ ER ÞJÓÐGARÐUR?	31
MISMUNANDI VERNDARFLOKKAR	31
VERNDARFLOKKAR OG STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLUN	32
ÞJÓÐLENDUR Á MÍÐHÁLENDINU	33
FRÍÐLÝST SVÆÐI Á MÍÐHÁLENDINU	34
VIRKJANASVÆÐI Á MÍÐHÁLENDINU	34
MEGINTILLAGA NEFNDAR	36
<b>REKSTRARSVÆÐI OG ÞJÓNUSTA</b>	<b>37</b>
REKSTRARSVÆÐI ÞJÓÐGARÐS	37
FORSENDUR, AÐKOMULEIÐIR, VEGIR	38
GERÐIR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVA	39
STAÐSETNING ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVA	40
<b>FJÁRMÖGNUN ÞJÓÐGARÐS</b>	<b>43</b>
NÚVERANDI STAÐA & FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR	43
AUKIN FJÁRMAGNSÞÖRF	44
SAMSTARFSSAMNINGAR	44
ÖRYGGISMÁL	45
SAMGÖNGUR	45
FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR	45
SAMANTEKT UM FJÁRMÖGNUN	47
<b>ÁHERSLUR Í LAGAFRUMVARPI</b>	<b>48</b>
KAFLI I – STOFNUN HÁLENDISÞJÓÐGARÐS	48
KAFLI II – STJÓRN & UMDÆMISRÁÐ	49
KAFLI III – STARFSEMI Í HÁLENDISÞJÓÐGARÐI, LANDNÝTING & ÞJÓNUSTA	50
ÖNNUR ATRIÐI	51
<b>SAMANTEKT</b>	<b>53</b>
<b>VIÐAUKI I: ATHUGASEMDIR OG ÚRVINNSLA</b>	<b>55</b>
<b>VIÐAUKI II - FUNDIR OG SAMRÁÐ</b>	<b>82</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>83</b>

# Myndir og töflur

Mynd 1 Þjóðlendar á miðhálandi Íslands (Forsætisráðuneytið, 2019).....	5
Mynd 2 Stefnumótun um nýtingu lands á þjóðlendum, innan og utan þjóðgarðs.....	7
Mynd 3 Yfirlit friðlýstra <b>svæða</b> .....	7
Mynd 4 Samantekt mögulegra tækifæra með stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.....	9
Mynd 5 Á Sprengisandsleið.....	13
Mynd 6 Samantekt áherslna í atvinnustefnu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.....	15
Mynd 7 Tillögur að áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.....	19
Mynd 8 Möguleg viðfangsefni samninga um verkefni.....	21
Mynd 9 Jarlhettur við Langjökul.....	23
Mynd 10 Afmörkun miðhálandis (sk. "miðhálandislína").....	24
Mynd 11 Þjóðlendar og afmörkun miðhálandis.....	25
Mynd 12 Þjóðlendar og friðlýst svæði á miðhálandinu.....	25
Mynd 13 Þjóðlendar, friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá.....	26
Mynd 14 Tillaga nefndar um mörk þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.....	28
Mynd 15 Tillaga nefndar um mörk þjóðgarðs ásamt Vatnajökulsþjóðgarði og friðlýstum svæðum innan markanna.....	28
Mynd 16 Við Geitá.....	30
Mynd 17 Dæmi um verndarflokkaskiptingu tveggja erlendra þjóðgarða.....	32
Mynd 18 Þjóðlendar á miðhálandi; eftir flokkum.....	34
Mynd 19 Orkumannvirki, lón og háspennulínur á miðhálandinu (Skipulagsstofnun, 2018).....	35
Mynd 20 Að Fjallabaki.....	36
Mynd 21 Tillaga að útfærslu rekstrarsvæða fyrir þjóðgarð.....	38
Mynd 22 Flokkun þjóðvega á Íslandi (Vegagerðin, 2018).....	39
Mynd 23 Miðstöðvar þjóðgarðs, ólíkir flokkar.....	40
Mynd 24 Hugmyndir að mögulegum þjóðgarðsmiðstöðvum.....	41
Mynd 25 Dæmi um hugsanlega rekstrarfjárbörf Hálandisþjóðgarðs, út frá stærð landsvæðis og rekstrarreynslu friðlýstra svæða á hálandinu.....	46
Mynd 26 Dæmi um hugsanlega fjármögnun rekstrar Hálandisþjóðgarðs miðað við ólíkar forsendur (efling starfsemi með auknu rekstrarfé og ólíkt hlutfall sértekna).....	46

# Um verkefni þverpólítkrar nefndar

## Nefndin

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði í apríl 2018 þverpólítiska nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (Hálendisþjóðgarð). Nefndinni var ætlað að koma með tillögur að útfærslu þjóðgarðsins. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra þingflokka á Alþingi auk tveggja fulltrúa sveitarfélaga. Þá sátu fulltrúar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu í nefndinni.

Nefndin var þannig skipuð:

- Óli Halldórsson, formaður, skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra,
- Bergþór Ólason, þingflokk Miðflokksins,
- Dagbjört Jónsdóttir, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga,
- Guðmundur Andri Thorsson, þingflokk Samfylkingar,
- Halldóra Mogensen, þingflokk Pírata,
- Hanna Katrín Friðriksson, þingflokk Viðreisnar,
- Inga Sæland, þingflokk Flokks fólksins,
- Líneik Anna Sævarsdóttir, þingflokk Framsóknarflokksins,
- Margrét Hallgrímsdóttir, samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytis,
- Steingrímur J. Sigfússon, þingflokk Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs,
- Valtýr Valtýsson, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Vilhjálmur Árnason, þingflokk Sjálfstæðisflokks,

Í nefndinni sátu hluta starfstímans Albertína Friðbjörg Elíasdóttir fyrir þingflokk Samfylkingar og Ólafur Ísleifsson fyrir þingflokk Flokks fólksins en ofangreindir fulltrúar þingflokka leystu þau af hólmi. Bergþór Ólason, Miðflokk, sagði sig frá störfum nefndarinnar í lok vinnunnar.

Með nefndinni starfaði Steinar Kaldal, verkefnisstjóri frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Nefndin fundaði 23 sinnum á tímabilinu frá maí 2018 til nóvember 2019.

## Verkefni nefndar

Skipun nefndarinnar var í samræmi við markmið í stjórnarsáttamála ríkisstjórnar Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Í sáttmálanum segir: „Stofnaður verður þjóðgarður á miðhálandinu í samráði þverpólítkrar þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila.“

Við upphaf vinnu nefndarinnar lá fyrir skýrsla nefndar á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá árinu 2017 um „Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017).

Vinna hinnar þverpólítkru nefndar byggir á grunni starfs fyrri nefndarinnar og tekur verkefnið áfram á næsta stig. Í erindisbréfi er nefndinni falið að vinna að eftirfarandi verkefnum:

- Greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf
- Tillögum að helstu áherslum í atvinnustefnu
- Tillögum að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun
- Skilgreiningu á mörkum þjóðgarðsins
- Tillögum að áherslum um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka
- Umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði
- Umfjöllun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

– Áherslum í lagafrumvarp um þjóðgarð á miðhálandinu

Nefndin hefur unnið að framangreindum verkefnum og er skýrsla þessi uppbyggð með þeim hætti að umfjöllun um hvert verkefni er að finna í sjálfstæðum köflum auk þess sem í upphafi er fjallað um forsendur verkefnisins og um miðhálandi Íslands almennt. Vert er að minnast á að við vinnu nefndarinnar hafa komið fram athugasemdir um að ekki hafi verið skoðað hvort stofna eigi þjóðgarð. Því til útskýringar þá tók vinna nefndarinnar mið af því sem óskað var eftir í skipunarbréfi nefndarmanna, þ.e.a.s. að skoða hvernig best væri að standa að því að stofna þjóðgarð. Við vinnu nefndarinnar komu einnig fram sjónarmið um mikilvægi þess að verkefnið verði frá upphafi fjármagnað með viðunandi hætti og í því samhengi byggt á reynslu og lærdómi af rekstri annarra þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Eins og sjá má á efni erindisbréfs nefndarinnar var hlutverk hennar nokkuð annað en fyrri nefndar, sem fjallaði um *forsendur* fyrir stofnun þjóðgarðs. Verkefni þessarar þverpólítísku nefndar var í megindráttum að setja fram *tillögur að útfærslu* þjóðgarðsins, þ.e. skilgreina mörk, leggja línur um fyrirkomulag og áherslur sem útfærðar verði í lagafrumvarpi um þjóðgarðinn.

Nefndin nálgast verkefnið á þeim forsendum að setja fram megináhersluatriði sem leggja þurfi til grundvallar við stofnun Hálendisþjóðgarðs og dregur fram verkefni sem þarf að vinna að því til undirbúnings. Þannig er gert ráð fyrir því að nákvæmari útfærsla einstakra þátta fari fram á síðari stigum. Annars vegar við málsmeðferð lagafrumvarps og/eða reglugerðar og hins vegar innan stjórnkerfis hins nýja þjóðgarðs við stofnun hans, þ.e. við stefnumótun svæðisbundinna rekstrarsvæða og stjórnar þjóðgarðsins í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.<sup>1</sup>

Nefndin hefur unnið út frá því að þjóðgarður á miðhálandi Íslands verði stofnaður með sérlögum, sem falli að lagaumhverfi stjórnsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða sem og gildandi stefnumótandi áætlunum Alþingis þar sem það á við.

## Verklag og samráð

Nefndin tók til starfa í apríl 2018 og lýkur störfum með skýrslu þessari í desember 2019. Ákveðið var í upphafi að leggja áherslu á samráð við hagaðila og opinn aðgang að upplýsingum sem nefndin hefur unnið með á hverjum tíma. Frá því nefndin hóf störf hefur hún verið með opna heimasíðu á vef Stjórnarráðsins þar sem birtar hafa verið fundargerðir, kynningargögn og ítarefni.<sup>2</sup>

Auk þess hafa verið haldnir opnir kynningar- og samráðsfundir í öllum landshlutum auk fjölmargra annarra vinnufunda að beiðni sveitarfélaga og/eða annarra aðila sem óskað hafa eftir.

Í ágúst 2018 hélt nefndin 10 fundi á fimm stöðum hringinn í kringum landið. Á fundina var boðið þeim 24 sveitarfélögum sem fara með skipulagsvald á miðhálandinu, eiga þar upprekstrarréttindi eða hafa sveitarfélagamörk innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Fundunum var skipt í fimm kynningarfundi sem voru öllum opnir og fimm fundi með sveitarstjórnarfulltrúum. Á fundunum var farið yfir hver verkefni nefndarinnar væru og hvernig hún hygðist vinna að þeim með því að skipta þeim niður í verkþætti, setja textadrög varðandi verkþættina í samráðsgátt stjórnvalda jafnóðum og þeir kláruðust og óska eftir umsögnum. Á fundunum fóru einnig fram almennar umræður um hugmyndina um Hálendisþjóðgarð þar sem ýmis sjónarmið komu fram.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Sjá frekari umfjöllun í lokaorðum skýrslu.

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-naturuvernd/naturuvernd/thjodgardar-og-fridlyst-svaedi/nefnd-um-stofnun-midhalendisthjodgards/>

<sup>3</sup> Sjá Viðauka II með upplýsingum um fundina.

Auk þess voru í janúar 2019 haldnir átta fundir um land allt með sömu 24 sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju landsvæði sem liggur að miðhálandi Íslands. Þar var sérstök áhersla lögð á að ræða hvaða nýting ætti sér stað á miðhálandinu, auk þess sem aðkomuleiðir og þjónustugáttir voru til umfjöllunar og kallað eftir áherslum um þau atriði. Þá voru þrír opnir kynningarfundir haldnir í Reykjavík en til þeirra var boðað jafnóðum og verkefnum nefndar vatt fram. Þá fór nefndin í vettvangsferð í Veiðivötn á sunnanverðu miðhálandinu og kynnti sér starfsemina á svæðinu. Á ýmsum stigum í fyrrgreindu vinnuferli hafa nefndinni borist athugasemdir, bæði með formlegum hætti í gegnum samráðsgátt stjórnvalda sem og á samráðsfundum eða í kjölfar þeirra. Farið hefur verið yfir allar athugasemdir og er yfirlit helstu efnisatriða og meðferð þeirra að finna í Viðauka II við skýrsluna.

Auk fyrrgreindrar samráðsvinnu hefur nefndin leitað ráðgjafar fagstofnana og sérfræðinga á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis á ýmsum stigum. Nefndin færir þessum aðilum þakkir fyrir veitta aðstoð.

## UMSAGNIR Í SAMRÁÐSGÁTT

Textadrög nefndarinnar um hvern verkþátt hafa verið birt jafnóðum í samráðsgátt stjórnvalda eða í fjórum hlutum á starfstíma nefndarinnar. Alls bárust 122 umsagnir um verkefni nefndarinnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnir voru birtar opinberlega í samráðsgáttinni þegar þær bárust. Farið hefur verið yfir umsagnirnar allar.<sup>4</sup> Við vinnu nefndarinnar hefur verið horft til umsagna jafnóðum og verkefnið hefur verið unnið. Nokkuð var um að efni umsagna næði til verkefnisins í heild, sneri almennt að þjóðgörðum eða öðrum verkþáttum sem átti eftir að vinna. Við vinnu nefndarinnar var því unnt að horfa til þessara umsagna og bregðast jafnóðum við áhersluatriðum sem fram komu í ferlinu.

Nefndin hefur tekið saman heildaryfirlit umsagna út frá efnisatriðum þeirra. Vísað er til Viðauka I við skýrslu þessa þar sem finna má þessa samantekt úr umsögnum.

## Tillögur nefndarinnar

Í þessari skýrslu leggur nefndin fram tillögur og áhersluatriði til að leggja til grundvallar við stofnun og rekstur þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Tillögurnar grundvallast á vinnu nefndarinnar á starfstíma hennar sem rakin er að framan og er m.a. horft til þeirra umsagna og áherslna sem fram hafa komið í samráðsferlinu.<sup>5</sup>

Eins og rakið hefur verið að framan hefur samráðsvinna nefndarinnar verið mikil og miðast við fyrrgreind hlutverk úr erindisbréfi. Þannig var tilhögun samráðs og kynningar með þeim hætti að aðilum sem varða málefni miðhálandisins, eiga hagsmuna að gæta eða hafa áhuga á því, yrði gert auðvelt að nálgast gögn, sækja fundi og koma efnislegum athugasemdum að.

---

<sup>4</sup> Allar umsagnir sem bárust í samráðsgátt má finna á heimasíðu nefndarinnar. Sjá hlekk á heimasíðu í tilvísun á bls. 2.

<sup>5</sup> Sjá Viðauka I þar sem gerð er grein fyrir umsögnum og athugasemdum sem borist hafa.



# Þjóðgarður á miðhálandi Íslands

## MIDHÁLENDI ÍSLANDS

Miðhálandið tekur yfir um 40% af flatarmáli landsins og er eitt stærsta svæði í Evrópu þar sem ekki er föst búseta. Miðhálandið þykir einstakt frá náttúrunnar hendi og innan þess er mikill fjöldi náttúru- og menningarminja<sup>6</sup> og svæða sem njóta verndar að einhverju leyti.

Þar má finna eldfjöll, jökla, vatnsmiklar ár og fossa, litrík háhitasvæði, víðfeðm hraun og svartar sandauðnir sem kallast á við viðkvæmar gróðurvinjar. Með tilliti til jarðfræði er miðhálandið tilkomumikið svæði þar sem náíð samspil elds og íss síðustu 2,6 milljónir ára hefur skapað heild sem á enga sína líka. Innan miðhálandisins eru stærstu víðerni landsins. Mannvirki eru ekki viðamikil og dreifð um hálandið. Landnytjar eru mismiklar. Á stórum svæðum takmarkar hrjóstrugt landslagið nýtingu lands en á öðrum svæðum má finna margvíslega landnýtingu, s.s. beitarnot, veiðihlunnindi, ferðabjónustu, útivist, orkuvinnslu og flutning raforku.

Miðhálandið er í samhengi skipulagsmála almennt afmarkað af línu sem dregin var í *Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands*, sem staðfest var árið 1999. Þessi lína var dregin á milli heimalanda og afrétta og aðlöguð staðbundið í samráði við sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila. Þegar þingsályktun um *Landsskipulagsstefnu 2015–2026* var samþykkt á Alþingi árið 2016 kom hún í stað svæðisskipulags miðhálandisins og tók yfir stefnumótandi þætti þess. Í landsskipulagsstefnu er stefna um skipulagsmál á miðhálandinu miðuð við afmörkun þess eins og það var skilgreint í *Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015*.

Finna má frekari upplýsingar um náttúru miðhálandisins og þá nýtingu og starfsemi sem fer fram á svæðinu í skýrslunni *Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands* sem nefnd skipuð af Sigrúnu Magnúsdóttur, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, skilaði til Bjartar Ólafsdóttur, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra í lok árs 2017 (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017).


## STJÓRNSÝSLA OG SVEITARFÉLÖG

Stærstur hluti lands innan miðhálandislínunnar, eða um það bil 85%, er þjóðlendur. Í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sem forsætisráðherra/forsætisráðuneytið fer með, kemur fram að þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunnir að eiga þar takmörkuð réttindi (Alþingi, 1998).

Um þjóðlendur gildir að íslenska ríkið er eigandi lands og hver konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Þjóðlendum á miðhálandinu má skipta í þrennt á þessum forsendum: 1. Þjóðlendu og afrétt 2. Þjóðlendu í afréttareign 3. Aðrar þjóðlendur (jökla/land utan jökla).<sup>7</sup>

<sup>6</sup> Um menningarminjar gilda lög nr. 80/2012.

<sup>7</sup> <https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/thjodlendur-kort.pdf>



**Mynd 1 Þjóðlendum á miðhálandi Íslands (Forsætisráðuneytið, 2019)**

Afréttur er almennt skilgreindur sem hvers konar land ofan byggða sem notað er til sumarbeitar fyrir búfé. Þjóðlenda telst í *afréttareign* ef afréttur tilheyrir eigendum tiltekinnar jarðar, einnar eða fleiri. Þegar talað er um *þjóðlendu og afrétt* er um að ræða afrétt sveitarfélags þar sem ótiltekinn fjöldi jarða sveitarfélagsins hefur þann rétt sem afrétt fylgir. Munurinn á þessum flokkum felst í því hvort afrétturinn tilheyrir tilteknum jörðum eða öllum þeim jörðum sem tilheyra sveitarfélaginu. Afréttareign fylgir einnig réttur til fiskveiða í ám og vötnum. Þegar talað er um afréttareign er ekki átt við grunneignarréttinn að landinu heldur upprekstrar- og fiskveiðirétt og eftir atvikum önnur takmörkuð nýtingarréttindi. Ef hvorki er til staðar afréttur eða afréttareign er um *aðrar þjóðlendum* að ræða þar sem enginn á tilkall til neinna óbeinna eignarréttinda (Sif Guðjónsdóttir, 2005).

Samtals 20 aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga ná inn á þjóðlendum miðhálandisins. Um eftirtalin sveitarfélög er að ræða: Akrahreppur, Ásahreppur, Bláskógabyggð, Borgarbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur • Grímsnes- og Grafningshreppur • Hrunamannahreppur • Húnaþing vestra • Húnavatnshreppur • Mýrdalshreppur • Rangárþing eystra • Rangárþing ytra • Skeiða- og Gnúpverjahreppur • Skaftárhreppur • Skútustaðahreppur • Sveitarfélagið Hornafjörður • Sveitarfélagið Skagafjörður • Þingeyjarsveit.

Jafnframt eiga Árborg og Flóahreppur upprekstrarréttindi á miðhálandinu, Djúpavogshreppur stjórnsýslumörk að þjóðlendum miðhálandisins, auk þess sem Norðurþing hefur aðkomu að Vatnajökulsþjóðgarði.

Samkvæmt 3. gr. þjóðlendlaga þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til nýtingar lands og landsréttinda vegna annarrar nýtingar en þeirrar sem tekur til vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku, náma og annarra jarðefna. Þar þarf leyfi forsætisráðherra. Sé nýtingin sem þarfnast leyfis sveitarstjórna til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra.<sup>8</sup>


<sup>8</sup> Fyrir liggja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendum og afmörkun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 þar sem m.a. er lagt til að leyfi fyrir nýtingu náma og annarra jarðefna verði felld undir leyfisveitingarhlutverk sveitarfélaga. Upplýsingum sem hér koma fram ber því að taka með fyrirvara á mögulegum breytingum laganna.

Samkvæmt 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 leggur umhverfis- og auðlindaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skal felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Árið 2018 fól umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu sem feli í sér viðbætur við *Landsskipulagsstefnu 2015–2026* (Alþingi, 2016). Sú vinna er nú í gangi. Gert er ráð fyrir að *Landsskipulagsstefna 2015–2026* gildi áfram en að mótuð verði nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála.


Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflökka sem varða landnotkun. Landsskipulagsstefna er útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið skipulagslaga auk framangreindra áætlana. Þá ber, eftir því sem við á, að hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar. Landsskipulagsstefna getur náð yfir landið allt, einstaka landshluta og efnahagslögsöguna og í henni skal ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Ef sveitarstjórn telur að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Á miðhálandinu eru svæði sem þegar hafa verið friðlýst (Mynd 2). Þau lúta tvenns konar stjórnfyrikkomulagi. Annars vegar er Vatnajökulsþjóðgarður sem skiptist í fjögur rekstrarsvæði. Þeim er stýrt af svæðisráðum sem í sitja fulltrúar sveitarfélaga, ferðapjónustu, náttúruverndar og útivistar. Sveitastjórnarfulltrúarnir eru formenn svæðisráðanna og skipa jafnframt meirihluta í stjórn þjóðgarðsins. Önnur friðlýst svæði á miðhálandinu heyra undir Umhverfisstofnun í samræmi við lög um náttúruvernd. Um hvert svæði gilda ákveðnir friðlýsingarskilmálar. Allar framkvæmdir innan viðkomandi verndarsvæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Þá nær Katla-jarðvangur (Katla-Geopark) inn á miðhálandið og langt inn á Vatnajökul. Jarðvangurinn er með starfsemi á þessu svæði og byggir starfsemin meðal annars á samstarfssamningi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið (Katla geopark, 2019).

Hvað varðar þjóðgarð á miðhálandinu þá gæti tilkoma hans aukið samvinnu sveitarfélaga á svæðinu og sameiginlega sýn m.t.t. landsskipulagsstefnu (Mynd 2). Sveitarfélögin munu áfram sinna lögbundnum hlutverkum gagnvart skipulagi innan marka þjóðgarðs, sem markast af þjóðlendum miðhálandisins. Það á við um aðalskipulags- og deiliskipulagsáætlanir sem og svæðisskipulagsáætlanir þar sem um slíkar er að ræða. Innan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi sveitarfélaga út fyrir sveitarfélagamörk. Fyrirkomulagið verður á þann veg að innan rekstrarsvæða þjóðgarðsins verða umdæmisráð, þar sem sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru innan rekstrarsvæðis, og munu þessi ráð hafa umsjón með stjórnar- og verndaráætlun fyrir hvert rekstrarsvæði. Stjórnar- og verndaráætlun gegnir meginhlutverki í stefnumörkun landnýtingar og er gert ráð fyrir því að skipulagsáætlanir falli að henni. Á stórum hluta svæðisins sem um ræðir er töluverð reynsla af áþekku fyrirkomulagi, þ.e. innan núverandi Vatnajökulsþjóðgarðs. Auk þess sem að framan er rakið um aðkomu sveitarfélaga og skipulagshlutverk mun stjórn þjóðgarðsins, sem staðfestir allar áætlanir og stefnumörkun, verða samsett af fulltrúum sveitarfélaga að meirihluta. Bera má þetta fyrirkomulag saman við samstarf sveitarfélaga í svæðisskipulagsáætlunum, sem sveitarfélög geta ákveðið að vinna í sameiningu utan um tiltekin svæði bæði innan og utan þjóðgarðs. Við svæðisskipulag er komið á formlegu samstarfi um meginlínur landnýtingar á tilteknu landsvæði í samstarfi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Í samanburði við Vatnajökulsþjóðgarð verður að hafa í huga að innan stærri þjóðgarðs sem tæki til meginhluta miðhálandisins væri um fjölbreyttari hóp nytjarréttarhafa að ræða, stærri upprekstrarfélög og afrétti, fleiri veiðifélög, hálendismiðstöðvar og fjölbreyttari starfsemi almennt.



Mynd 2 Stefnumótun um nýtingu lands á þjóðlendum, innan og utan þjóðgarðs.



Mynd 3 Yfirlit friðlýstra svæða

## ÞJÓÐGARÐAR

Forsendur fyrir því að landsvæði eru gerð að þjóðgördum um allan heim geta verið af ýmsu tagi. Þó eiga forsendurnar það sameiginlegt að þær tengjast ávallt lífríki, jarðfræði, menningu eða menningarminjum svæðisins sem mikilvægt er talið að vernda. Svæðin þykja þannig einstök með tilliti til þessara þátta.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (e. International Union for Conservation of Nature, IUCN) teljast svæði sem geta fengið þann sess að teljast þjóðgarðar vera stór náttúruleg eða lítt snortin svæði sem jafnframt skapa margvíslega möguleika til upplifunar,

útivistar, vísindaiðkunar, fræðslu og afþreyingar, sem samrýmast menningu og umhverfissjónarmiðum svæðisins. Skilgreining íslenskra laga, sem tekur mið af skilgreiningum IUCN, segir að þjóðgarðar séu stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag sem einnig sé mikilvægt í menningarlegu eða sögulegu tilliti (Alþingi, 2013).

Um þjóðgarða hefur verið sagt að engin einstök náttúruverndarframkvæmd sameini á jafn ákjósanlegan hátt náttúrufræðileg, menningarleg og félagsleg sjónarmið náttúruverndar.<sup>9</sup> Í því samhengi má benda á að þessi sjónarmið tengjast beint Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem eiga að mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.

Auk náttúrufræðilegra og menningarlegra sjónarmiða um mikilvægi svæðisins þá er samfélagslegum sjónarmiðum gefið sérstakt vægi í þjóðgörðum því eitt af aðalmarkmiðum þeirra er að almenningi sé tryggður aðgangur að svæðinu til að geta notið náttúru þess. Annað markmið laga margra þjóðgarða víðs vegar um heiminn er að stofnun þeirra og framgangur efla byggðir í nágrenni þeirra. Friðlýsing, með stofnun þjóðgarðs, getur þannig aukið aðsókn að stöðum, einkum ef lögð er áhersla á markaðssetningu af hálfu fyrirtækja, sveitarfélaga eða yfirvalda. Ástæðan fyrir þessu markmiði er að þjóðgarðar hafa sérstakt aðdráttarafl; fólk hefur mikinn áhuga á að heimsækja þá. Markmiðið um eflingu byggða er því tengt því að aðdráttaraflíð sem felst í þjóðgarðinum skili sér í störfum og efnahagslegum umsvifum í heimabyggð og hvetji til sjálfbærrar nýtingar sem samrýmast verndarmarkmiðum svæðisins. Það sem friðlýsingin hins vegar gerir einnig er að skapa ákveðna umgjörð um vernd ásetinna staða eða staða sem talið er mikilvægt að vernda til framtíðar. Umgjörðin felst til dæmis í vöktun á þolmörkum og þróun og uppbyggingu innviða og fræðslu. Jafnframt skapar friðlýsingin tækifæri til að efla þau svæði þar sem þörf er talin á auknum umsvifum á forsendum þróunar byggða og atvinnulífs. Friðlýsingin getur því skapað samstarf um sjálfbæra nýtingu og friðun svæða sem aftur geta eftt byggð í og við þjóðgarða.

---

<sup>9</sup> Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands [https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF\\_skrar/Hvitbok\\_natturuvernd.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Hvitbok_natturuvernd.pdf)

## Byggðapróun og atvinnulíf

Vernd náttúru- og menningarminja er almennt helsta ástæða þess að landsvæði hafa verið gerð að þjóðgörðum víða um heim. Undanfarin ár hafa jákvæð samfélagsleg áhrif einnig verið nefnd í auknum mæli sem rök fyrir stofnun þeirra, enda hafa rannsóknir sýnt að þau geti fylgt þjóðgörðum. Stofnun slíkra verndarsvæða eru þannig talin geta falið í sér ýmis tækifæri sem ýtt geta undir byggðapróun og atvinnulíf nærsamfélaga.

Eftirfarandi mynd sýnir tækifæri sem geta að mati nefndarinnar fylgt stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Vert er að taka fram að skörun er á milli flokka/tækifæra á myndinni, til dæmis á milli tækifæranna *þjónusta*, *útivist/ferðapjónusta* og *vörur*. Til að mynda væri hægt að setja *ferðapjónustu* sem undirflokk flokksins *vörur* eða flokksins *þjónusta*. Hins vegar útskýra undirflokkar þeirra tækifæra sem eru skilgreindir á myndinni nánar hugmyndina á bak við umrædd heiti.

Hver eru möguleg tækifæri?							
Innviðir	þjónusta	Útivist/ ferðapjónusta	Vörur	Rekstur	Rannsóknir	Samræmt valddreift verklag	Dreifing ferða- manna
Nýfram- Kvæmdir	Veitingar Gisting	Náttúruferða- mennska	Mörkun/auð- kenning vara (e. branding)	Störf hjá þjóðgarði	Störf við rannsóknir	Samfélags- sátt um vernd náttúru- og menningar- minja	Öflugar gáttir
Viðhald	Fræðsla	Samstarf	Umhverfis- vottaður landbúnaður Sjálfbær orka	Verkefni	Þekkingar- og rannsóknar- setur Menntun		Áfanga- staða- áætlanir sveitar- félaga

Mynd 4 Samantekt mögulegra tækifæra með stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

### INNVIÐIR

Í lögum um náttúruvernd segir að í þjóðgörðum skuli tryggja aðgang almennings til útivistar þannig að almenningur kynnist náttúru og sögu svæðisins.

Mikilvægt er að tryggja að sú áhersla sem lögð er á aðgengi almennings í náttúruverndarlögum verði staðfest í stjórnunar- og verndaráætlun væntanlegs þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Stjórnunar- og verndaráætlun er eitt meginstjórnæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar og ákvarðanatöku.<sup>10</sup> Í ljósi þess að vernd náttúru- og menningarminja er aðalmarkmið þjóðgarða er jafnframt mikilvægt að fyrirbyggja að álag sem fylgt getur aðgengi almennings valdi raski eða skemmdum á miðhálandinu. Í landsskipulagsstefnu íslenskra stjórnvalda segir meðal annars að standa verði vörð um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist og að öll uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu svæðisins.

Ljóst er að framangreind markmið, vernd náttúru, landslags og minja annars vegar og tryggt aðgengi til útivistar hins vegar, þurfa að fara saman í þjóðgarði á miðhálandinu. Líklegt er að stofnun Hálendisþjóðgarðs hafi í för með sér aukinn áhuga fólks á að ferðast um svæðið og þar af leiðandi aukna þörf á innviðum og viðhaldi þeirra. Miðhálandið er hins vegar mjög viðkvæm auðlind og því þyrfti að huga vel að því að öll innviðagerð í þágu útivistar, ferðapjónustu og samgangna sé talin ásættanleg og að leitast verði við að ná sem bestu jafnvægi milli hennar og verndunar náttúru- og

<sup>10</sup> Sjá nánari umfjöllun um stjórnunar- og verndaráætlun í kaflanum *Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun*.

menningarminja. Þá verði horft til verndunar víðerna og tryggt að mannvirkjagerð skerði ekki óbyggð víðerni á miðhálandinu.

Einnig þarf að hafa að markmiði að sú uppbygging sem mun eiga sér stað gagnist nærsamfélagi, s.s. vegir að þjóðgarði, íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk þjóðgarðs og þjónustufyrirtækja í nágrenni þjóðgarðs. Innviðir sem um ræðir í þjóðgarðinum væru til að mynda þjónustumiðstöðvar, skilgreindir áfangastaðir ferðamanna, þ.m.t. salernisaðstaða, stofnvegir og aðrir vegir, skilgreindar gönguleiðir, stígar og útsýnispallar og fræðslu- og upplýsingaskilti.

Tækifæri liggja því í ýmiss konar framkvæmdum og viðhaldi sem fylgir innviðum og innviðapörf í og við jaðar Hálendisþjóðgarðs. Í því samhengi er mikilvæg að við allar framkvæmdir verði stefnt að því að greina hverju sóst er eftir við framkvæmdina og mið tekið af því.

Aukið samstarf þjóðgarðsyfirvalda og aðila sem stunda atvinnustarfsemi innan svæðisins gæti einnig skapað tækifæri fyrir báða aðila. Þar væri til dæmis hægt að horfa til samstarfs opinberra aðila og einkaaðila (e. public-private partnership). Sú aðferð hefur m.a. verið notuð í þjóðgördum í Bandaríkjunum og á Nýja Sjálandi. Þar er um að ræða langtímaverkefni þar sem einkaaðilar eru fengnir að borðinu til að skila af sér fyrir fram skilgreindri þjónustu yfir ákveðið tímabil.

## ÞJÓNUSTA & ÖRYGGI

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þarf, ef vel á að vera, að fylgja auknið þjónustustig á svæðinu. Ef horft er til reynslu annarra landa varðandi aðsókn að þjóðgördum eða sjónum beint að vinsældum íslensku þjóðgarðanna þriggja sem áfangastaða ferðamanna, mun stofnun Hálendisþjóðgarðs að öllum líkindum auka straum almennings og ferðamanna á miðhálandið. Í náttúruverndarlögum er gerð sú krafa að lögð skuli áhersla á fræðslu og upplýsingar til gesta þjóðgarða. Aukin áhersla á fræðslu um náttúru og sögu miðhálandisins mun þannig fylgja stofnun þjóðgarðs. Með aukinni umferð fólks um svæðið er einnig líklegt að kröfur gesta er varðar aðgengi, veitingar og gistingu muni aukast og verða fjölbreyttari. Jafnframt felast í þessu ákveðin tækifæri til að vinna skipulega að því að veita upplýsingar um öryggisatriði þegar ferðast er um fáfarnari staði. Gæti það snúið bæði að ferðamönnum og ferðapjónustuaðilum.

## ÚTIVIST & FERÐAÞJÓNUSTA

Ljóst er að ferðaþjónusta er ein meginstöð í þjóðgördum almennt. Ákveðin svæði miðhálandisins hafa auk þess verið vettvangur fyrir tómsundur fólks til langs tíma. Útivist í formi gönguferða, jeppaferða, vélsleðaferða og hestaferða skilar sér í lífsgleði og þar með aukinni lýðheilsu. Aukin tækifæri felast í sjálfbærri ferðaþjónustu og náttúruupplifun á miðhálandinu, ekki síst þegar horft er til þess mikla þunga sem þjóðgarðar geta haft sem markaðssetningartæki einir og sér. Að þróa og markaðssetja ferðaþjónustu og útivistarmöguleika innan þjóðgarðs felur því í sér mikil tækifæri.

Náttúruferðamennska er mest vaxandi grein ferðamennsku í heiminum. Um er að ræða hugtak sem nær yfir alla náttúrutengda ferðamennsku, svo sem visthæfa ferðamennsku (e. ecotourism), ferðamennsku í víðernum (e. wilderness tourism), jarðminjaferðamennsku (e. geotourism) og ævintýraferðamennsku (e. adventure tourism). Fjölbreytileg náttúruupplifun er undirstaða náttúruferðamennska og er þessi tegund ferðamennsku almennt meira háð gæðum umhverfisins en aðrar tegundir ferðamennsku. Miðhálandið býður einnig upp á fjölbreytta möguleika fyrir menningartengda ferðamennsku. Þar má víða finna búsetulandslag auk þess sem mörg svæði eru tengd gömlum þjóðsögum og útilegumönnum. Þá eru fornar leiðir víða á miðhálandinu sem eru til marks um samgöngumáta Íslendinga um aldir.

Í ljósi fækkunar víðerna alls staðar á jörðinni aukast verðmæti slíkra svæða og annarra náttúrulegra svæða sem eftir standa. Á Íslandi má enn finna víðáttumikil svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og í ljósi þess að náttúruferðamennska er ört vaxandi í heiminum eru þau svæði orðin að mikilvægri auðlind. Mikið hefur verið fjallað um þróun ferðaþjónustu á Íslandi, hvernig hægt sé að þróa greinina í átt að aukinni sjálfbærni og laða til landsins ferðamenn sem skilja eftir sig minna kolefnisspor eftir

komu til landsins. Með þessu er átt við að þeir sem stunda náttúruferðamennsku nýta oft staðbundnar samgöngur, þ.e.a.s. sem liggja innan sveitarfélaga eða innan efnahagslega tengdra svæða eða ferðast um fótgangandi hluta ferðar eða á farartækjum sem brenna ekki jarðefnaeldsneyti. Í ljósi þess að ferðamenn sem stunda náttúruferðamennsku sækja í þjóðgarða gæti þjóðgarður á miðhálandinu stutt við ákjósanlega þróun í þeim efnum. Í því samhengi má benda á mikilvægi góðra samgangna fyrir almenning á miðhálandinu. Þær eru ekki einungis þjónusta, sem eykur aðgengi fólks að hálandinu, heldur stuðla þær einnig að auknu öryggi fyrir göngu- og hjólafólk og reynslulitla ferðamenn sem vilja síður þurfa að aka sjálfir við aðstæður sem þeim eru framandi. Almennings-samgöngur stuðla einnig að aukinni náttúruvernd og skipulagðari upplýsingagjöf til ferðamanna.

## VÖRUR

Landsvæði innan þjóðgarðs fá á sig ákveðinn umhverfisgæðastimpill vegna þeirrar áherslu sem lögð er á að vernda umhverfi og náttúru slíkra svæða. Af því leiðir að auðlindir sem finna má innan svæðisins og nýttar eru til framleiðslu á vöru, geta einnig fengið þess konar gæðastimpill.

Sem dæmi um auðlindir á miðhálandinu sem nýttar eru til framleiðslu vara má nefna ýmiss konar jurtir, jökulár og sauðfé sem nærast á afréttum miðhálandisins.

Nú þegar er talsverð nýting víða á miðhálandinu á jurtum, þ.m.t. hefðbundin berjatínsla, fjallagrös og söfnun annarra jurta til skrauts, auk þess sem öflun hráefnis fyrir smáidnað hefur færst í vöxt. Einnig má minnst á hinn hefðbundna menningararf þar sem lífrænt efni af svæðinu, t.d. hreindýrahorn og skinn, er nýtt á umhverfissvænan máta.

Árið 1999 gengu alls um 70 þús. sauðfjár á afréttum á miðhálandinu yfir sumartímann, sem þá samsvaraði um 15% heildarfjöldi sauðfjár á landinu öllu. Ekki liggja fyrir nýrri heildstæðar tölur um þessa nýtingu en heildarfjöldi sauðfjár í landinu hefur lítið breyst síðan (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017). Samkvæmt nýlega samþykktum lögum um landgræðslu nr. 155/2018 skal setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, m.a. varðandi beit búfjár á afréttum sem og annars staðar. Markmið laganna er að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu lands og því ættu þau að nýtast sem viss gæðastimpill á ferli sauðfjárframleiðslu ef vel er haldið á spilunum (Alþingi, 2018).

Á miðhálandinu er einnig framleidd orka úr endurnýjanlegum orkugjöfum sem skapar lífsgæði fyrir þjóðina í formi rafmagns til almenningsnota.

Ljóst er að mörkun/auðkenning vara (e. branding) skipar sífellt stærri sess við sölu þeirra. Þannig væri sérstök auðkenning vara, umfram þau gæði sem vörunar búa yfir og bent hefur verið á hér að framan, möguleg ef varan kemur úr þjóðgarði. Það gæfi möguleika á því að skapa vörunni sérstöðu og getur aukið líkurnar á að mögulegur kaupandi finni fyrir jákvæðri staðartilfinningu (e. sense of place) gagnvart vörunni. Tækifærin felast þar af leiðandi í því að nýta sér mörkun við að kynna vörur sem koma úr þjóðgarði. Það er því skoðun nefndarinnar að þau fyrirtæki sem nýta sér miðhálandið til vöruframleiðslu ættu að geta notað merki (e. brand) þjóðgarðsins í sinni markaðssetningu. Það væri þó háð því að ákveðin skilyrði um vottun varanna væru uppfyllt.

## REKSTUR

Stórum þjóðgarði á miðhálandinu mun fylgja umfangsmikill rekstur og klárlega aukning á þeim rekstri sem fyrir er í öðrum þjóðgörðum og verndarsvæðum sem ná yfir hálandið. Störf af ýmsu tagi verða til við rekstur þjóðgarðs, svo sem heilsársstörf fagfólks í landvörslu og fræðslu og einnig störf við þjónustu og upplýsingagjöf. Þá er ljóst að árstíðabundin starfsemi og þjónustukaup yrðu töluverð. Fjölbreytt starfstækifæri fylgdu því slíkum rekstri, hvort sem það væri á vettvangi, skrifstofum eða þjónustumiðstöðvum slíks verndarsvæðis. Mikilvægt er að benda á að um væri að ræða mögulega viðbót við þann fjölbreytta og umfangsmikla rekstur og sjálfböðavinnu ýmissa aðila sem fer fram á miðhálandinu nú þegar. Sem dæmi má nefna að upprekstrarfélög, bændur, veiðifélög,



útivistarfélög og náttúruverndarsamtök vinna að ýmsum landbótaverkefnum og sinna þjónustu við ferðalanga á miðhálandinu og nauðsynlegt að sú starfsemi verði áfram tryggð.

## RANNSÓKNIR

Óraskað umhverfi er vísindamönnum mikilvægt til að geta stundað rannsóknir. Verndarsvæði eru því vinsæl sem vettvangur ýmissa rannsókna. Sem dæmi um afar áhugaverðar rannsóknir sem fara fram á miðhálandinu má nefna rannsóknir HiRise teymis bandarísku geimvísindastofnunarinnar NASA. Teymið hefur t.d. rannsakað eldgosið í Holuhrauni sem og hraunflæði frá Lakagígum og borið saman við gögn frá HiRise myndavél NASA af plánetunni Mars. En margt þykir líkt með jarðmyndunum á plánetunni og á miðhálandi Íslands. Samkvæmt þeim vísindamönnum sem vinna að umræddum rannsóknum felast mikil tækifæri í að rannsaka önnur svæði miðhálandisins að því gefnu að þau séu öröskuð.<sup>11</sup>

Þá gætu skapast tækifæri í nærsamfélögum til að byggja upp þekkingarsetur/rannsóknarsetur þar sem sagan, jarðfræðin, menningarminjarnar og náttúran verði rannsökuð og áhugasamir fræddir um þessi málefni á staðnum. Þau tækifæri væri einnig hægt að nýta til að þróa í samvinnu við menntastofnanir landsins frekara nám í umhverfisfræðum á öllum skólastigum.

## DREIFING FERÐAMANNA

Því fylgja kostir að ferðamenn fari sem víðast um landið. Fleiri landsvæði geta þá notið góðs af fjölgun ferðamanna. Auk þess dreifist álag á náttúru og samfélag sem ferðamennirnir valda. Hálendisþjóðgarður með öflugum gáttum, svo sem þjónustumiðstöðvum, rannsóknasetrum og gestastofum sem draga fram sérkenni mismunandi hluta miðhálandisins gæti aukið aðdráttarafl svæða á ýmsum stöðum í eða við þjóðgarðinn. Þannig geta aukist líkur á að ferðamenn vilji skoða stærri svæði í stað þess að stoppa á einum stað og telja sig þar með hafa séð það sem þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða. Þá má nefna vinnu við áfangastaðaáætlanir landshluta og möguleg samlegðaráhrif þeirra við þjóðgarð á miðhálandinu. Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma.

## SAMRÆMT VALDDREIFT VERKLAG

Aukin þátttaka sveitarfélaga, félagasamtaka, ferðaþjónustuaðila, bændasamtaka og fleiri, í náttúruverndarverkefni á borð við stofnun Hálendisþjóðgarðs gæti að mati nefndar skapað tækifæri til samfélagssáttar um náttúruvernd. Þátttaka sem flestra í slíku valddreifðu stýrineti sem væri samstarfsvettvangur aðila sem ynnu saman að framkvæmd og stefnumótun verkefnisins getur leitt til aukins skilnings allra aðila á fjölbreyttum áhersluatriðum þeirra sem að verkefninu kæmu.

Við slíkt verklag getur myndast samstaða fjölbreytts hóps, auk þess sem viljinn til að ná markmiðum verkefnisins ætti að vera meiri. Nefndin telur jafnframt mikilvægt að slíkt verklag byggi á fagmennsku og öflugum þekkingargrunni og að lögð verði áhersla á samspil þekkingar og valddreifingar í vinnu við stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

---

<sup>11</sup> Iceland Magazine, 29. febrúar 2016 <https://icelandmag.is/article/protecting-central-highlands-iceland-important-space-exploration-nasa-scientist-argues>



**Mynd 5 Á Sprengisandsleið.**

## Áherslur í atvinnustefnu

Eins og fram hefur komið eru helstu markmið með stofnun þjóðgarða að vernda náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar og tryggja aðgengi almennings að svæði til sjálfbærrar hefðbundinnar nýtingar, útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Einnig fylgja þjóðgörðum oft markmið um að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar á gæðum svæðisins sem samrýmast verndarmarkmiðum.

Hálendisþjóðgarður getur verið aflvaki í rannsóknum og fræðslu, sjálfbærri nýtingu og þróun, m.a. á sviði ferðamennsku og landbúnaðar.

Þverpólísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu telur að skýr atvinnustefna sé ein helsta forsenda þess að markmið friðlýsingarinnar náist. Eitt af hlutverkum nefndarinnar er að koma með tillögur að áherslum á því sviði. Í þessum kafla verður fjallað um þær áherslur.

Að því sögðu leggur nefndin áherslu á að stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu eigi að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins. Telur nefndin að allar athafnir og framkvæmdir á tilvonandi verndarsvæði þurfi að byggja á meginreglu umhverfisverndar, *varúðarreglunni* svokölluðu.

Sjónarmið nefndarinnar eru því eftirtalin:

*Skýr atvinnustefna sem tekur til umsvifa, athafna og framkvæmda í þjóðgarði á miðhálandi Íslands þarf að liggja fyrir við upphaf rekstrar þjóðgarðsins. Atvinnustefnuna á að vinna í samráði við hagsmunaaðila frá grunni og þarf hún að endurspeglar kröfur um gæði og öryggi sem gerðar eru til starfsemi innan verndarsvæðis. Náttúran er auðlind Hálendisþjóðgarðs og öll uppbygging og annað mögulegt álag á náttúruna þarf að byggja á meginreglu umhverfisréttar, varúðarreglunni svokölluðu.*

*Stefna og mörkun (e. branding) þjóðgarðsins þarf að vera samræmd fyrir svæðið í heild og rekstraraðilar sem eru með starfsemi innan þjóðgarðs eiga að geta nýtt auðkenni (e. logo) hans við kynningu á þeirri þjónustu sem veitt er.*

*Fræðsla um náttúruverðmæti og miðlun á tækifærum til upplifunar í þjóðgarðinum eiga að vera hluti af stefnu garðsins við að ýta undir fjölbreytta starfsemi innan hans.*

*Umsjón á svæðinu á að byggja á yfirsýn og samvinnu, og framboð þjónustu þarf að taka mið af eftirspurn, þó þannig að það sé undir þolmörkum náttúrunnar (sbr. varúðarregluna).*

*Atvinnustefna þarf að byggja á vel útfærðri stefnu um nýtingu ólíkra svæða innan þjóðgarðsins og setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan hans í verndarflokka m.t.t. þessa.*

*Tryggja þarf að möguleg gjaldtaka í þjóðgarðinum sé unnin í samráði við hagaðila og að ferli mögulegra samningagerða um fyrir fram skilgreind verkefni séu gegnsæ.*

Með ofangreind sjónarmið að leiðarljósi leggur nefndin til að atvinnustefna Hálendisþjóðgarðs verði byggð á nokkrum áhersluatriðum sem verði nýtt sem leiðarljós við nánari útfærslu stefnunnar.

Áherslur í atvinnustefnu								
Samráð	Öryggi & gæði	Byggða- festa	Auðkenni & mörkun	Auðlindir & uppbygging	Miðlun & fræðsla	Umsjón	Þjónustu- framboð	Gjaldtaka
Tímanlegt & náíð	Vottuð starfsemi	Starfsemi í heima- byggð	Samræmt & nýtanlegt	Vernd & stýring	Regluleg & fjölbreytt	Samvinna & yfirsýn	Polmörk & effirspurn	Gegnsæi & samráð

## Mynd 6 Samantekt áherslna í atvinnustefnu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

### SAMRÁÐ

Atvinnustefna Hálendisþjóðgarðs mun hafa áhrif á nytjaréttihafa, bændur, útivistarfólk og ferðamenn, veiðifélög og fjölda rekstraraðila sem munu vera með starfsemi innan þjóðgarðsins. Mikilvægt er að stefna strax í upphafi að því að þau áhrif verði jákvæð. Til að svo megi verða þarf að eiga sér stað náíð samráð við hagaðila um þá stefnu sem mörkuð verður. Sérstaklega ber að gæta að ólíkum aðstæðum innan landshluta og einstakra svæða innan miðhálandisins og nálgast samráð með tilliti til þess. Einnig er mikilvægt að samráðið fari tímanlega fram í ljósi þess að margar atvinnugreinar byggja á skipulagningu langt fram í tímann.<sup>12</sup>

### GÆÐI & ÖRYGGI

Innviðaupbygging og annars konar starfsemi í þjóðgarði á miðhálandinu verður að uppfylla kröfur um gæði og öryggi. Með tilkomu þjóðgarðs þarf að vinna út frá því að starfsemi á svæðinu nýti sér fjölbreytt sérkenni miðhálandisins þegar kemur að upplifun og náttúru- og menningarminjum. Mikilvægt er að bjóða upp á aðstæður, þjónustu og vörur sem hafa sanngildi (e. authenticity value). Gæðin þurfa því að taka til innviða, þjónustu og vara. Stefnumörkun sem byggist á slíkri gæðastýringu getur tryggt sjálfbærni svæðisins og aukið öryggi í ferðaþjónustu. Til að meta þessa þætti þurfa að vera til staðar vísar (e. indicators). Þar mætti til dæmis greina hvort innleiðing vottunarkerfa eins og ISO eða Svansins myndu henta til gæðastýringar. Þar þyrfti m.a. að hafa í huga hvort að innleiðing vottunarkerfa hjá minni fyrirtækjum gæti verið íþyngjandi.

### BYGGÐAÞRÓUN

Markmið verndarflokka Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN, International Union for Conservation of Nature), eru víðast hvar höfð að leiðarljósi við stofnun verndarsvæða. Eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs samkvæmt IUCN er að ýta undir félagslegan og efnahagslegan ávinning nærsamfélagsins af stofnun slíks svæðis. Eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þarf að vera að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins. Nefndin telur því að störf sem til verða við nýjan þjóðgarð skuli verða hýst á starfsstöðvum og þjóðgarðsmiðstöðvum þjóðgarðsins með það að markmiði að efla atvinnu á landsbyggðinni. Leggja þarf sérstaka áherslu á sjálfbæra nýtingu svæðisins og nýsköpun s.s. tengdri ferðaþjónustu og ferðatækni, menningu sem og þróun atvinnuvega í tengslum við þjóðgarðinn í nærliggjandi byggðum. Meta þarf að verðleikum staðbundna menningu og þekkingu samhliða öðrum þáttum.

Auk þess telur nefndin mikilvægt að benda á að ýmis verkefni eru nú þegar unnin af ýmsum aðilum á miðhálandinu. Um er að ræða verkefni sem hafa ýmis samlegðaráhrif með þeirri starfsemi sem þjóðgarði er falið. Því gæti það verið þjóðgarði til hagsbóta að greina um hvaða verkefni er að ræða

<sup>12</sup> Sjá nánar um aðkomu hagaðila í köflunum *Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun og Áherslur í lagafrumvarp*.

og hefja samtal um mögulegt samstarf við þá sem þeim sinna og auk þess bjóða upp á slíkt samstarf þar sem þörf er á því. Nánari umfjöllun um þetta má finna í kaflanum *Áherslur í stjórnumar- og verndaráætlun-Samningar/Samstarf*.

## AUÐKENNI & MÖRKUN

Auðkenni getur á einfaldan en árangursríkan stutt við starfsemi þjóðgarðs, hvort sem um er að ræða einkennisklæðnað og farartæki starfsmanna, mannvirki, skilti og vegvísa eða leyfi til rekstraraðila með starfsemi í garðinum til að tengja sig auðkenninu. Það getur hjálpað til við að gera þjónustu sýnilega og vörur eftirsóknarverðar. Að mati nefndar á þjóðgarðurinn þ.a.l. að leggja áherslu á að huga vel að samræmi og nýtingu auðkennis, m.a. svo viðurkenndir rekstraraðilar sem eru með starfsemi innan hans geti nýtt það við kynningu á þeirri þjónustu sem veitt er.

## MIÐLUN & FRÆÐSLA

Ef uppbygging og starfsemi þjóðgarðsins á að ganga vel þarf að leggja mikla áherslu á miðlun og fræðslu. Þar er mikilvægt að faglega sé staðið að öflun gagna, rannsóknum og vöktun. Stefnan er að atvinnustarfsemi verði í samræmi við meginreglur í umhverfisvernd en því markmiði verður einfaldlega ekki náð nema að ákveðin þekking sé til staðar og hennar verður ekki aflað nema með viðvarandi rannsóknum og vöktun bæði á sviði náttúrufræða og félagsvísinda. Áhersla á þessi atriði, auk vel útfærðrar samskiptastefnu, mun hjálpa til við að auka skilning gesta á náttúru og menningu svæðisins og ánægju þeirra af upplifuninni. Þótt auðkenni og mörkun væru samræmd fyrir þjóðgarðinn væri hægt að þróa mismunandi undirauðkenni sem draga fram ákveðna þætti náttúru, landslags, menningar og hefða mismunandi landsvæða. Það væri til dæmis hægt að ímynda sér að landsvæði innan Hálendisþjóðgarðs miðluðu upplýsingum um mismunandi tækifæri til náttúruverndar, upplifunar og atvinnusköpunar. Þar má nefna eldfjöllin á suðurhálandinu, víðernin miklu á miðju miðhálandinu, hraunin norðan Vatnajökuls og svo mætti áfram telja.

## AUÐLINDIR & UPPBYGGING

Þróun ferðamannaáðstöðu, vega og annarra mannvirkja þarf að taka mið af þolmörkum náttúrunnar, öryggisþáttum og þess sem njótendur svæðisins sækjast eftir á miðhálandinu (útsýni, lítt snortin náttúra og kyrrð).<sup>13</sup> Spyrja þarf spurninga eins og *hver er staðarandinn?* og *hvernig geta innviðir haft sem minnst áhrif á hann eða stuðlað að því að draga hann fram?* Ígrunda þarf aðgengi að þjóðgarðinum og mögulega uppbyggingu þar sem uppbygging innviða gæti stangast á við varðveislu víðerna, ásýnd náttúrulegra svæða eða upplifun af lítt snortnu og ómanngerðu umhverfi. Þar þyrfti frekar að horfa til þess að beita ítölu eða stýringu á svæðunum. Þá þarf að huga vel að sjálfbærniþættinum með því að nýta eins og kostur er vinnuafli af svæðinu og byggingarefni sem ekki er sótt langt að, t.d. íslenskt timbur, mól, berg og steinull í ýmiss konar innviði, s.s. í stígagerð, palla, byggingar, upplýsingaskilti o.fl.

## UMSJÓN

Tryggja þarf yfirsýn yfir umsjón svæða innan þjóðgarðsins. Nauðsynleg er að fullnægjandi landvarsla verði byggð upp til að tryggja vernd náttúru og menningarsögulegra minja og til að tryggja að ferðamenn fái viðhlítandi leiðbeiningar og fræðslu. Í Hálendisþjóðgarði gæti samvinna þjóðgarðsyfirvalda, sveitarfélaga og einkaaðila varðandi umsjón með ákveðnum svæðum dreift álagi og ábyrgð. Dæmi þar um má nefna Landeigendur, mannvirkjæigendur og rekstraraðila innan

<sup>13</sup> Áætlun um ferðamennsku á miðhálandi Íslands: Niðurstöður rannsókna:

[https://skemman.is/bitstream/1946/14504/1/%C3%81%C3%A6tlun\\_fer%C3%B0amennsku\\_Lokask%C3%BDrs\\_la-3.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/14504/1/%C3%81%C3%A6tlun_fer%C3%B0amennsku_Lokask%C3%BDrs_la-3.pdf)

þjóðgarðsins eða í nágrenni hans. Þá þyrfti að skilgreina umsjónaraðila og útfæra í hverju ábyrgð þeirra fælist.<sup>14</sup> Einnig er mikilvægt í tengslum við umsjón svæða og rekstur að sveitarfélög, í samstarfi við þjóðgarð, skilgreini lóðir undir öllum mannvirkjum á miðhálandinu, úthluta þeim fasteignanúmeri og vinna deiliskipulag eftir atvikum. Mörg mannvirki á miðhálandinu (hús og skálar) hafa fastanúmer en standa ekki á skilgreindum lóðum og því ríkir óvissa um skipulagslega stöðu svæðanna.

## ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ

Greina þarf þjónustuframboð innan væntanlegs þjóðgarðs og þarfir m.t.t. til gistingar, veitingaþjónustu og afþreyingar sem og þjónustu sem hefðbundnar landnytjar kunna að útheimta. Þar er grundvallarskilyrði að þolmörk svæðisins séu virt, þ.e.a.s. að hvers konar nýting og úthlutun takmarkaðra gæða spilli ekki náttúru og menningarsögulegum minjum. Þjónusta í Hálendisþjóðgarði á að byggjast á fagmennsku og gæðum sem eykur upplifun gesta. Það á bæði við um staðbundna þjónustu við gesti sem og um útivistarferðir, fræðsluferðir, heilsuferðir, o.fl. Eðlilegt er að gerðar séu kröfur um gæði þeirrar þjónustu sem boðið er upp á. Til dæmis að þjónusta og vörur séu vottaðar af viðurkenndum vottunaraðilum og í samræmi við mörkun þjóðgarðsins. Hins vegar ber að hafa í huga að staðbundin fyrirtæki eru jafnan smá í sniðum, oft frumleg og framsækin og leitast við að byggja sitt starf á gæðum og fagmennsku. Því þarf að greina hvort innleiðing vottunarkerfa eins og ISO eða Vakans myndu henta til gæðastýringar.

Áður hefur verið nefnt að hægt sé að horfa til samstarfs opinberra aðila og einkaaðila. Á það einnig við um þennan áhersluþátt atvinnustefnunnar.

## GJALDTAKA

Verðmæti miðhálandisins eru sameiginleg auðlind okkar. Þjónustan sem þessi verðmæti bjóða gestum er af ýmsu tagi. Í ferðaþjónustu er það í formi upplifunar þar sem gestir nýta sér til ánægju og heilsueflingar það sem náttúran býður upp á. Það getur valdið álagi á takmörkuð gæði. Þessum gæðum þarf að halda við svo aðdráttarafl svæðisins minnki ekki. Möguleikar til gjaldtöku sem gætu nýst til aðgangsstýringar, sem og til að standa undir viðhaldi og gæðum þurfa að vera til staðar. Slíkar ákvarðanir þarf hins vegar að taka á breiðum grundvelli og í samræmi við heildstæða stefnumörkun stjórnvalda um fyrirkomulag gjaldtöku. Þá leggur nefndin áherslu á að ferli vegna mögulegrar gjaldtöku verði gegnsætt.

Rétt er að taka fram að í umfjöllun nefndarinnar um gjaldtöku og samninga er ekki átt við þá nýtingu sem rétt höfum er heimil á miðhálandinu, svo sem búfjárbætur, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum.

---

<sup>14</sup> Sjá nánari umfjöllun um samstarf þjóðgarðs og einkaaðila í kaflanum *Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun-Samstarf/Samningar*.

# Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun

Áætlun um stjórnun, náttúruvernd, nýtingu og miðlun upplýsinga í þjóðgörðum er gjarnan nefnd stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er rammi utan um stjórn og skipulag á svæðinu þar sem ofangreindum efnisatriðum eru gerð skil. Stjórnunar- og verndaráætlun er unnin í samráði við hagaðila, svo sem sveitarstjórnir, fagstofnanir, landeigendur, ýmis samtök og hagsmunaaðila og skal endurskoða eftir því sem tilefni er til.

Í 81. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um stjórnunar- og verndaráætlun. Þar segir:

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Stofnunin getur falið hæfum aðilum að annast undirbúning eða gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun og skal gerður um það samningur þar sem m.a. er kveðið nánar á um umfang verkefnisins og greiðslur fyrir það.

Tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun skal liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í [stjórnunar- og verndaráætlun svo og reglur um önnur atriði er greinir í IV. kafla.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir við hana hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunin er háð staðfestingu ráðherra og skal staðfesting og gildistaka áætlunarinnar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Í meginatriðum er stjórnunar- og verndaráætlun nefndarinnar eftirfarandi:

- Leiðarljós fyrir þá aðila sem stýra svæðinu.
- Leiðarljós fyrir þá aðila sem vilja vera með starfsemi í svæðinu og þá aðila sem þurfa samþykki fyrir hvers konar athöfnum á svæðinu.
- Inniheldur upplýsingar um þær skuldbindingar sem felast í vernd svæðisins.
- Inniheldur upplýsingar um stjórnun, nýtingu og vernd þeirra náttúrugæða sem eru á svæðinu.
- Inniheldur mælikvarða sem nýtast við árangursmælingar.
- Handbók fyrir starfsmenn með nauðsynlegum upplýsingum um svæðið.

## SAMRÁÐ

Þverpólitísk nefnd um stofnun Hálendisþjóðgarðs hefur á undanförunum mánuðum haldið samráðsfundi víðs vegar um landið með sveitarfélögum og öðrum hagaðilum. Þar hefur meðal annars verið rætt um hvaða hagsmuna þurfi að gæta í tengslum við stofnun og rekstur þjóðgarðs á svæðinu.

Nefndin telur brýnt að virða þau sjónarmið sem komu fram í samráðinu og leitast við að leggja þau til grundvallar við ákvörðun megináherslna sem lúta að stjórnunar- og verndaráætlun.

Nefndinni er ekki ætlað að vinna eða útfæra stjórnunar- og verndaráætlun heldur eingöngu að leggja fram tillögur að helstu áherslum fyrir vinnslu slíkrar áætlunar. Ferlið við útfærslu sjálfrar áætlunarinnar er umfangsmeira og krefst frekara samráðs og nánari útfærslu á einstökum svæðum. Nefndin telur mikilvægt að í því ferli verði horft til þeirra áhersluatriða sem fram koma í þessu skjali.

## FRAMSETNING & INNTAK

Varðandi stjórnunar- og verndaráætlun almennt telur nefndin eftirfarandi atriði mikilvæg:

- að áætlunin verði skýr og myndræn í framsetningu,
- að unnið verði út frá þekktu vinnulagi við framsetningu skipulagsáætlana,

- að textaumfjöllun verði einföld og hnitmiðuð,
- að áætlunin verði þróuð og unnið eftir henni í miklu og nánu samráði þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Í ljósi stærðar væntanlegs þjóðgarðs vill nefndin einnig benda á að mögulegt er með því fyrirkomulagi sem lagt er til í Hálendisþjóðgarði að vinna svæðisskiptar stjórnunar- og verndaráherslur. Þannig muni þjóðgarðinum verða skipt niður í nokkur rekstrarsvæði, eins og lýst er nánar í þessari skýrslu og má hugsa sér að hvert svæði hafi umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar innan þess. Vinnan byggist á ákveðnum grunnforsendum slíkrar áætlanagerðar og innan ramma meginmarkmiða með þjóðgarðinum en hægt væri að horfa til sérkenna svæðisins. Þessar áherslur rekstrarsvæðanna eru svo sameinaðar í einu heildarskjali, stjórnunar- og verndaráætlun alls þjóðgarðsins og staðfest þar af stjórn.

Nefndin telur sérstaklega mikilvægt að stjórnunar- og verndaráætlun verði skýr og aðgengileg í notkun. Þannig verði horft til úrbóta og framþróunar frá því sem þekkt er, t.a.m. í Vatnajökulsþjóðgarði, og lögð mikil áhersla á skýra og myndræna framsetningu ákvarðana. Almennar grunnupplýsingar og fróðleikur í texta um þjóðgarðinn verði þannig frekar í viðaukum eða öðrum samhangandi útgáfum heldur en meginmáli stjórnunar- og verndaráætlunar. Þannig verði höfð hliðsjón af þekktu vinnulagi við framsetningu skipulagsáætlana sveitarfélaga. Aðkoma og sýnileiki samráðsaðila við vinnslu áætlunarinnar verði mikill, enda unnið út frá því að áætlunin verði m.a. afrakstur af víðtæku samráði. Upplýsingar um samráðsaðila ættu því að koma fram strax á fyrstu síðum skjalsins.

Í ljósi þessa telur nefndin að samráð við hagaðila og eðlileg nýting hálendisins þurfi að liggja til grundvallar löggjöf og/eða áætlunum til stýringar, samhliða náttúruverndarmarkmiðum. Nefndin telur einnig að íhuga mætti hvort nota ætti annað heiti fyrir áætlunina en „stjórnunar- og verndaráætlun“. Þannig væri hægt að skoða hvort byggja mætti einnig á hugtökunum „samráð“ eða „nýting“ samhliða hinum, „stjórnun“ og „vernd“, t.d. „stjórnunar-, verndar- og nýtingaráætlun“.

## ÁHERSLUEFNI

Í eftirfarandi töflu má sjá tillögur að aðalatriðum/helstu áherslum nefndarinnar í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs á miðhálendinu. Hafa ber í huga að áherslurnar kallast á við fram komnar tillögur nefndar varðandi atvinnustefnu í þjóðgarðinum. Það er mat nefndarinnar að hagræði yrði af því að atvinnustefna verði fram sett sem hluti af stjórnunar- og verndaráætlun, frekar en að hún verði unnin í aðskildu ferli.

Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun hálendisþjóðgarðs								
Dreifstýring	Náttúruvernd	Aðgengi	Atvinnustefna	Samningar	Nytjaréttur	Samgöngur	Öryggi	Upplýsingar
Mikilvægt að sveitarfélög og hagaðilar eiga jafnan þátt í stjórnun og skipulagi	Markmið snúi sérstaklega að viðhaldi viðerna og náttúru- og menningarminja á heildstæðan hátt	Gætt verði að almannarétti til aðgengis um hálendið til ýmiss konar útivistar	Atvinnustefna verði fullmótuð áður en þjóðgarður tekur formlega til starfa	Áhersla á nýjar leiðir til að styðja við búsetu og atvinnulíf á nærsvæðum þjóðgarðs	Brýnt að réttur til hefðbundinna nytja haldist í þjóðgarði, s.s. beitarnýting og veiði	Áhersla á að þjóðgarður bjóði upp á möguleika til útivistar og að aðgengi sé eftir því	Áhersla á sértækar aðgerðir gagnvart öryggismálum og vöktun	Korta- og upplýsingaefni. Skýrar upplýsingar um þjónustu og fræðslu sem boðið er upp á, þ.m.t. náttúruvá

Mynd 7 Tillögur að áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun

## DREIFSTÝRING/VALD HEIMAMANNA

Nefndin telur dreifstýringu mikilvæga/skilyrði fyrir framgangi verkefnisins að sveitarfélög og hagaðilar verði beinir þátttakendur í stjórnun og skipulagi, t.a.m. í gegnum svæðis- eða umdæmisráð. Mikilvægt er að fulltrúar sveitarfélaga í því stjórnarfyrirkomulagi sem notast verður við séu lýðræðislega kjörnir sveitarstjórnarmenn eða sveitarstjórar þannig að bein tengsl milli sveitarfélaga og þjóðgarðs séu til staðar.



## VERND NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJA

Sérstaða miðhálandisins felst m.a. í því að hvergi á jörðinni finnst annar eins fjölbreytileiki sérstæðra náttúruyfyrirbæra. Þetta eru t.a.m. eyðisandar og víðerni, hraunmyndanir og mosabreiður, jarðhitasvæði, eldstöðvar af flestum gerðum sem finnast á jörðinni og einstakt samspil ummerkja um eldvirkni, ís og vatn. Jöklar og jökulár, lindir og lindár og þannig mætti áfram telja. Þá eru þar menningarminjar og landslag af ýmsu tagi, t.d. áþreifanlegar minjar um athafnir, búsetu og ferðir fólks á hálendinu sem og óáþreifanlegri minjar í rötgrónum hefðum og menningarsögu þjóðarinnar. Þar má nefna hefðir við smalamennsku og útivist í óbyggðum (fjallamennsku) af ýmsu tagi. Þessir þættir endurspeglast einnig í arfleifð hálandisins í bókmenntum og almennri menningarsögu þjóðarinnar (Alþingi, 2012). Nefndin telur í þessu ljósi að verndarmarkmið þjóðgarðs á miðhálandinu skuli snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja hálandisins, þó einnig verði horft til stakra svæða, náttúruyfyrirbæra eða minja, sem megi útfæra með sérstökum hætti. Einnig er mikilvægt að huga að endurheimt raskaðra vistkerfa. Nefndin telur það því lyklatríði í stjórnunar- og verndaráætlun að hægt verði að svæðisskipta vernd innan þjóðgarðs m.t.t. markmiða verndar á hverju svæði.

## AÐGENGI OG ALMANNARÉTTUR

Miðhálandi Íslands tengir byggðirnar meðfram ströndum og uppsveitum landsins saman í landfræðilega miðju sem skipar mikilvægan sess í hugum Íslendinga. Stærstur hluti miðhálandisins er enn fremur í almannaeigu sem þjóðlendur. Í ljósi þess er mikilvægt að gætt verði sérstaklega að almannarétti til aðgengis að hálendinu með stofnun þjóðgarðs. Lögð er áhersla á að réttur almennings til útivistar, upplifunar, náttúrufræðslu og menningar- og minjafraeðslu komi skýrt fram. Stjórnunar- og verndaráætlun þarf að innihalda skilning á nauðsyn þess að útivistarfólk geti nýtt miðhálandið til upplifunar þar sem því verður við komið með sjálfbærum og ábyrgum hætti, hvort sem ferðamáti er akandi, gangandi, ríðandi, hjólandi eða þá róíð á vötnum og farið til veiða. Jafnframt þarf að ganga út frá því að sérstaklega verði fjallað um umferð sem er heimil vegna afmarkaðrar starfsemi en ekki í öðru skyni í stjórnunar- og verndaráætlun. Lagt er til að við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar verði leitað samráðs við aðila sem nú nýta hálendið í slíkum tilgangi til að útfæra leiðir til aðgengis um hálendið m.t.t. þolmarka.

## ATVINNUSTEFNA

Eins og fram kemur í áherslum um atvinnustefnu telur nefndin mikilvægt að umfjöllun um hana og áherslur nefndar þar að lútandi fái vægi í stjórnunar- og verndaráætlun. Þá telur nefndin að atvinnustefna þurfi að vera fullmótuð áður en þjóðgarður tekur til starfa.

## SAMSTARF/SAMNINGAR

Fyrir liggur að mjög mikilvægt starf er unnið af heimamönnum, t.d. bændum, ferðafélögum, veiðifélögum, upprekstrarfélögum og rekstraraðilum sem og öðrum aðilum víða á svæðum miðhálandisins og í jaðri þess. Nefndin telur mikilvægt að við stofnun og rekstur þjóðgarðs verði byggt á nánú samstarfi við aðila af þessu tagi, mögulega með „samstarfsstefnu“ þar sem samstillt verði meginatriði í samstarfi af þessu tagi fyrir þjóðgarðinn í heild. Þannig verði skoðað hvort þróa megi nýjar leiðir til að styðja við búsetu og atvinnulíf á nærsvæðum þjóðgarðs, t.d. í sveitum/dreifbýli, mögulega með útfærðu samstarfi og/eða þjónustusamningum eða umsjónarsamningum um verkefni fyrir þjóðgarðinn sem gagnkvæmur hagur gæti verið af. Þannig verði náð fram samlegð í verkefnum þessara aðila annars vegar og verkefnum þjóðgarðs hins vegar, þar sem horft yrði til þess að þjóðgarðurinn legði fjármagn í að unnið yrði að þessum verkefnum.



**Mynd 8 Möguleg viðfangsefni samninga um verkefni**

Verkefni sem tiltekin eru í skýringarmyndinni eru nú þegar unnin á mörgum stöðum á miðhálandinu af fjölbreyttum hópi ýmissa aðila sem í sumum tilvikum leggja fjármagn og sjálfböðavinnu í þau. Mikilvægt er að skýra verkaskiptingu innan þjóðgarðsmarka áður en samstarfssamningar eru gerðir. Þannig verði skýrt hvaða verkefni tilheyra nytjarréttarhöfum og hvað tilheyri þjóðgarðinum.

Þörf á slíkum verkefnum mun að öllum líkindum aukast, auk þess sem kostnaður við þau getur verið mikill. Hugmyndin um samstarfssamninga þjóðgarðs og ýmissa félaga og einkaaðila er að hafa þann valmöguleika að bjóða samninga við aðra aðila um að vinna að verkefnum sem heyra undir starfsemi þjóðgarðs. Hugsunin er þá einnig að ýmis verkefni séu betur sett hjá þeim aðilum sem þegar hafa umsjón með þeim, stundum á grunni hefða og reynslu, heldur en á vegum þjóðgarðsins. Í ljósi samlegðar með öðrum verkefnum geti slíkir aðilar gert samning við þjóðgarðinn um greiðslu fyrir að innna þau af hendi þannig að gagnkvæmur hagur verði af.

Til að nefna dæmi um sambærileg verkefni sem gengið hafa vel má nefna að bændur og aðrir landeigendur hafa í samstarfi við Landgræðsluna og með hennar tilstyrk stundað landgræðslu á miðhálandinu. Mikilvægt er t.a.m. að gert verði ráð fyrir slíku í stjórnunar- og verndaráætlun.

Rétt er að taka fram að í umfjöllun nefndarinnar um samninga er ekki átt við að gera eigi samninga við rétthafa um þá nýtingu sem þeim er þegar heimil á miðhálandinu, svo sem búfjárbætur, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum. Nefndin leggur áherslu á að slíki réttindi breytast ekki með tilkomu þjóðgarðs. Hér er eingöngu fjallað um þau verkefni eða þjónustu sem tilheyra munu þjóðgarði og gagnkvæmur hagur gæti orðið af því að eiga samstarf um.

## NYTJARÉTTUR Á HÁLENDINU

Nefndin telur mjög brýnt að tilkoma Hálendisþjóðgarðs skerði ekki sjálfbærar hefðbundnar nytjar, s.s. beitarnýtingu og veiði, enda sé slíkri nýtingu almennt þegar stýrt í lögbundnum farvegi. Nefndin telur því ekki þörf á að þjóðgarður stýri sérstaklega eftirliti með þessum nytjum heldur sé það á höndum þeirra aðila sem nú þegar hafa það hlutverk. Einnig verði stefnt að því að viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur eða kunna að hafa áform um slíkt. Sömuleiðis þarf að tryggja að jákvæð umsvif og tekjur verði sem mest eftir í héraði, t.a.m. með útfærslu atvinnustefnu.

## SAMGÖNGUR Á MIÐHÁLENDI

Nefndin áréttar mikilvægi aðgengis að miðhálandinu og samgangna í því tilliti. Lögð er áhersla á að í þjóðgarðinum verði boðið upp á fjölbreytta möguleika til útivistar og að aðgengi sé eftir því. Ferðamennska á hálandinu hefur aukist og mun væntanlega aukast enn frekar með tilkomu þjóðgarðs. Því er mikilvægt að huga vel að þjónustu, rekstri og viðhaldi vega. Í því samhengi er mikilvægt að sveitarfélögin, þjóðgarðsyfirvöld og Vegagerðin eigi náið samráð um skipulag vega á

miðhálandinu. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að þróun og uppbygging samgangna þarf að vera í samræmi við áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun en vísar einnig í umfjöllun *Landsskipulagsstefnu 2015–2026* um samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi (Alþingi, 2016). Varðandi viðhald og lagfæringar á vegum þarf þannig að gæta að áhrifum framkvæmda á náttúru- og menningarminjar og landslagsheildir. Nefndin telur þó eðlilegt að stjórnunar- og verndaráætlun útiloki ekki athafnir tengdar samgöngumannvirkjum, t.d. efnistöku. Við viðhald samgöngumannvirkja verði þannig mögulegt að nýta efnistökusvæði sem nú þegar eru til staðar við vegi og slóða eða á nýjum svæðum í nærumhverfi þeirra þar sem umhverfisáhrif þykja viðunandi. Við slíkar framkvæmdir verði enda ávallt unnið innan almennra laga og reglna þar að lútandi, t.a.m. um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

## ÖRYGGISMÁL OG VÖKTUN

Mikilvægt er að hugað verði vel að öryggismálum og vöktun á miðhálandinu, með sérstöku tilliti til náttúruvár, enda hefur miðhálandið verið uppspretta og vettvangur flestra hamfaraatburða í náttúru Íslands á síðustu árbúsundum. Stjórnunar- og verndaráætlun þarf því að mati nefndar að fjalla sérstaklega um þessi atriði. Líklegt er að þjóðgarður á miðhálandinu muni auka aðdráttarafl svæðisins og þar með fjölda ferðamanna. Þess vegna og í ljósi þess að um margvíslega náttúruvá getur verið að ræða á miðhálandinu s.s. aftakaveður, ofanflóð, jarðskjálfta, eldgos, jökulhlaup og vatnsflóð, er nauðsynlegt að framkvæma hættumat vegna náttúruvár á svæðinu. Einnig er mikilvægt að kortleggja þau svæði og vinna að viðbragðs- og rýmingaráætlunum fyrir þjóðgarðinn fyrir þau. Þá er líka mikilvægt að starfsmenn Veðurstofu Íslands hafi tryggt aðgengi að mælistöðvum Veðurstofunnar í ljósi mikilvægi vöktunar í þágu almannahags. Stór hluti af öryggisþjónustu miðhálandisins er einnig unninn af björgunarsveitum í sjálfbóðaliðavinnu og telur nefndin að mögulega þurfi að horfa til sértækra aðgerða gagnvart öryggismálum við stofnun þjóðgarðs. Einnig verði skoðuð sérstaklega þörf á eflingu löggæslu á miðhálandinu. Nauðsynlegt er að samráð verði haft við þar til bæra aðila um hvernig fjalla beri um þessi mál í áætluninni.

## ÞJÓNUSTA, FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR

Mikilvægt er að mati nefndarinnar að í stjórnunar- og verndaráætlun verði lagðar línur um þá þjónustu sem boðið verði upp á í væntanlegum þjóðgarði. Upplýsingar þurfi að liggja fyrir um hvaða lágmarksþjónustu þjóðgarðurinn skuldbindi sig til að bjóða upp á, auk frekari upplýsinga almennt um aðra þjónustu og fræðslu sem gestir geti nýtt sér, s.s. upplýsingar um lífríki og jarðfræði, sögu, náttúruvá, viðbrögð og forvarnir. Í því sambandi er mikilvægt að í áætluninni verði vísað í hvar hægt sé að leita sér frekari upplýsinga um þjóðgarðinn (t.a.m. vefsíðu og aðra tengla).



Mynd 9 Jarlhettur við Langjökul.

# Mörk þjóðgarðsins

## MIDHÁLENDIÐ OG ÝMIS KORT

Í þessum kafla eru birt ýmis kort sem nefndin nýtti sér í vinnunni við að skilgreina mörk þjóðgarðs. Sem dæmi sýnir fyrsta kortið afmörkun miðhálandisins samkvæmt landsskipulagsstefnu. Einnig eru kort af þjóðlendum, friðlýstum svæðum og svæðum á náttúruminjasrá. Kort með tillögu að þjóðgarðsmörkum Hálendisþjóðgarðs má svo sjá í kaflanum *Útskýring á tillögum nefndar*.<sup>15</sup>

## AFMÖRKUN MIÐHÁLENDISINS Í LANDSSKIPULAGSSTEFNU

Í landsskipulagsstefnu er stefna um skipulagsmál á miðhálandinu miðuð við afmörkun eins og hún er skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Hún miðast í grunninn við línu dregna á milli heimalanda og afrétta, en sú lína var aðlöguð staðbundið í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila við vinnslu skipulagsins.




Mynd 10 Afmörkun miðhálandis (sk. "miðhálandislína")

## ÞJÓÐLENDUR Á MIÐHÁLENDINU

Stærstur hluti lands innan miðhálandislínunnar, eða um það bil 85%, er þjóðlendir. Í lögum um þjóðlendir, nr. 58/1998, kemur fram að þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð réttindi. Einnig kemur fram að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.


<sup>15</sup> Þau kort eru öll tekin saman fyrir nefndina af Náttúrufræðistofnun Íslands.




Mynd 11 Þjóðlendur og afmörkun miðhálandis

## FRIDLÝST SVÆÐI Á MIDHÁLENDINU

Á miðhálandinu eru stór friðlýst landsvæði sem þekja samtals um 40% þjóðlendna á miðhálandinu. Þar má nefna Vatnajökulspjóðgarð, Friðland að Fjallabaki, Þjórsárver, Guðlaugstungur, Hveravelli og hluta Þingvallapjóðgarðs. Einnig er þar fjöldi svæða á náttúruminjaskrá, auk annarra merkra náttúruminja.



Mynd 12 Þjóðlendur og friðlýst svæði á miðhálandinu



Mynd 13 Þjóðlendur, friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

## FORSENDUR NEFNDAR UM MÖRK HÁLENDISÞJÓÐGARÐS

Nefnd um stofnun Hálendisþjóðgarðs byggir umfjöllun sína á mörkum þjóðgarðsins, lagalegri stöðu miðhálandisins og eignarhaldi og umráðum lands. Nefndin hefur viðhaft víðtækt samráð á vinnslutíma, m.a. boðað til fjölda funda með sveitarfélögum, hagaðilum og almenningi þar sem lögð hefur verið sérstök áhersla á að fá fram sjónarmið um mörk þjóðgarðs. Í samráðsferlinu hafa komið fram skiptar skoðanir á mörkum þjóðgarðsins, t.d. um að mörkin ætti að draga út fyrir sveitarfélagsmörk tiltekinna sveitarfélaga sem ná upp á hálendið. Einnig hafa komið fram athugasemdir um að mörk þjóðgarðsins ættu að taka mið af landfræðilegum heildum fremur en stjórnsýslu sveitarfélaga eða eignarhaldi lands og þannig geta náð út fyrir miðhálandislínu á einhverjum svæðum.

Nefndin hefur við sína vinnu samþykkt bókanir í fundargerðum sem liggja til grundvallar (Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, 2018-2019):

*Nefndin ræddi svæðismörk fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi. Fyrir liggur landsskipulagsstefna (áður svæðisskipulag miðhálandis) sem skilgreinir mörk miðhálandis Íslands. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að horfa til lands innan þessa svæðis við umfjöllun um mörk þjóðgarðsins. Í fyrstu umferð sérstaklega þann hluta miðhálandisins og svæða við jaðra þess sem er í þjóðar-/ríkiseign, þ.e. þjóðlendur og ríkisjarðir og friðlýst svæði (frá fundi nefndar 6. nóv. 2018).*

*Nefndin leggur til að unnið verði með svæðismörk þjóðgarðs út frá þjóðlendum og þegar friðlýstum svæðum innan miðhálandislínunnar. Enn fremur verði unnin tillaga að skiptingu landsvæða í verndarflokka sem byggir á þeim áherslum sem nefndin hefur þegar lagt fram. Leitast verði við að kortleggja þau svæði innan þjóðlendanna sem hefðbundnar nýttjar eru stundaðar á til að geta unnið tillögu að viðeigandi verndarflokkun m.t.t. fundargerðar 12. fundar. Þessi gögn verði lögð fyrir nefnd að nýju fyrir næsta fund nefndar (frá fundi nefndar 9. apríl 2019).*

Áður hefur verið greint frá áherslum nefndar í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Þar kemur fram að nefndin telji, í ljósi sérstöðu miðhálandisins og þeirra náttúruyfyrirbæra sem þar finnast, að verndarmarkmið þjóðgarðs á miðhálandinu skuli snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna

víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja hálendisins, þótt einnig verði horft til stakra svæða, náttúrufyrirbæra eða minja, sem kunni að verða útfærð með sérstökum hætti.


## MEGINTILLAGA NEFNDAR

Í samræmi við framangreint telur nefndin ekki forsendur á þessu stigi til annars en að þjóðgarður verði stofnaður utan um land sem með skýrum hætti er í þjóðareign og/eða umráðum ríkisins. Á þessum forsendum leggur nefndin fram eftirfarandi tillögur um mörk þjóðgarðsins:


- (1) *Almenn mörk Hálendisþjóðgarðs miðist við þjóðlendur og þegar friðlýst svæði innan afmörkunar miðhálendisins. Þar með talinn Vatnajökulsþjóðgarður. Nefndin gerir hins vegar ráð fyrir að núverandi verndarstig og mörk Vatnajökulsþjóðgarðs haldist sem slík innan stærri Hálendisþjóðgarðs.*
- (2) *Ljóst er að við jaðra þeirra þjóðgarðsmarka sem nefndin leggur til eru ýmis áhugaverð svæði sem gætu orðið hluti af þjóðgarðinum ef vilji eigenda þeirra svæða stæði til að vera innan þjóðgarðs. Má þar til dæmis nefna svæði á vesturhluta og austurhluta miðhálendisins sem mynda náttúrufarslegar heildir eða liggja að svæðum innan þeirra þjóðgarðsmarka sem hér er gerð tillaga um.*
- (3) *Þar sem norðurmörk þjóðgarðsins á Þingvöllum ná inn á þjóðlendur miðhálendisins, að mörk Hálendisþjóðgarðs liggja að þeim mörkum nema að fengnum tillögum Þingvallanefndar um annað.*
- (4) *Ríkisjarðir eða hlutar ríkisjarða innan afmörkunar miðhálendis eða við jaðra þess geti fallið innan þjóðgarðsmarka Nefndin telur ekki forsendur sem stendur fyrir því að leggja til að þjóðgarðsmörk nái yfir einstakar ríkisjarðir eða jarðarhluta við jaðra hálendisins, enda umráð jarðanna í ólíkum farvegi og þjóðlendumál ekki alls staðar teidd til lykta. Nefndin telur þó óráðlegt að slíkum svæðum verði ráðstafað til annarra nota á meðan undirbúningsvinnu stofnunar þjóðgarðs stendur. Komi tillögur fram um að ríkisjarðir eða hlutar þeirra skuli falla innan þjóðgarðs, t.d. frá eiganda eða umsjónaraðila, verði teknar upp viðræður um mörkin á viðeigandi svæði og þá starfsemi og innviði sem þjóðgarður gæti átt aðkomu að.*
- (5) *Svæði utan þjóðlendna á einkaeignarlöndum innan afmörkunar miðhálendis eða við jaðra þess falli utan þjóðgarðs nema eigendur eða umráðaaðilar lands geri tillögu um annað. Komi slíkar tillögur fram frá þar til bærum aðilum verði teknar upp viðræður um mörkin á viðeigandi svæði og þá starfsemi og innviði sem þjóðgarður gæti átt aðkomu að.*



## ÚTSKÝRING Á TILLÖGUM NEFNDARINNAR



**Mynd 14** Tillaga nefndar um mörk þjóðgarðs á miðhálandi Íslands



**Mynd 15** Tillaga nefndar um mörk þjóðgarðs ásamt Vatnajökulsþjóðgarði og friðlýstum svæðum innan markanna.

Eins og tillaga og meðfylgjandi korti gefa til kynna þá byggist tillaga nefndarinnar um landsvæði sem verði gert að Hálendisþjóðgarði á þjóðlendum hálendisins, auk nú þegar friðlýstra svæða þar. Að höfðu samráði, m.a. við sveitarfélög og hagaðila, er það mat nefndarinnar að ekki séu forsendur fyrir því að miða þjóðgarðsmörk við miðhálandislínu eins og hún er skilgreind í landskipulagsstefnu (áður svæðisskipulagi miðhálandis). Enn fremur telur nefndin ekki forsendur til að leggja til að

þjóðgarðsmörk nái inn á eignarlönd einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra lögaðila, nema þessir aðilar óski eftir því og sjái sér hag í slíku. Fjölmargar jarðir í eigu ríkisins eiga land að miðhálandinu eða nærri mörkum þess. Margir aðilar fara með afnot og/eða umráð þessara jarða, þ.m.t. ríkisstofnanir. Nefndin telur að ástæður geti verið ríkar til að fella hluta þessara svæða undir þjóðgarð, en rétt sé þó að sama vinnulag verði viðhaft með þessar jarðir að mörk hans verði ekki skilgreind inn á þær nema óskir komi fram um slíkt. Nefndin leggur áherslu á það að aðilar sem fara með eignarhald eða umráð jarða utan þjóðlendna við mörk miðhálandisins, bæði landeigendur og aðrir umráðaaðilar jarða, geti að eigin frumkvæði óskað eftir samstarfi um útfærslu þjóðgarðsmarka inn á hluta landareigna. Þetta getur átt við á landsvæðum þar sem landeigendur, sveitarfélög eða ríkisstofnanir sem fara með umráð jarða telja þörf vera á þjónustu, náttúruvernd, landvörslu, aðgerðum eða uppbyggingu af einhverju tagi sem fylgt getur rekstri þjóðgarðs. Fordæmi eru um slíkt í Vatnajökulsþjóðgarði sem hægt er að horfa til, og eftir, atvikum þróa frekar.

Í samráðsferli hafa komið fram hugmyndir um að láta mörk stakra sveitarfélaga sem ná upp á miðhálandið falla utan þjóðgarðsmarka. Sú hugmynd sem nefndin gengur út frá gerir ráð fyrir að þjóðgarðurinn verði stofnaður utan um þjóðlendur og þegar friðlýst svæði innan miðhálandisins. Þjóðlendurnar eru með skýrum hætti í eigu íslensku þjóðarinnar/ríkisins og gilda nú þegar um þær sérstök lög sem ramma inn og stýra að hluta ráðstöfun lands og málsmeðferð (Alþingi, 1998). Þá er einnig í gildi landsskipulagsstefna fyrir umrætt svæði, á grunni skipulagslaga, þar sem enn frekar er mörkuð samræmd stefna á miðhálandinu (Alþingi, 2016). Ljóst má því vera að ríkið ber mikla ábyrgð og skyldur gagnvart því landi sem um ræðir, bæði sem landeigandi og í gegnum framangreindar stefnur, s.s. til að ráðstafa því undir Hálendisþjóðgarð.

Hvað varðar hugmyndir sem fram hafa komið í samráðsferlinu um að skilgreina mörk þjóðgarðs ekki út frá eignarhaldi eða stjórnsýslumörkum heldur landfræðilegum heildum, þá telur nefndin ýmis fagleg rök hníga að slíkri tilhögun. Á þessu eru hins vegar annmarkar sem gera slíkt erfitt í framkvæmd strax við stofnun þjóðgarðsins, enda ljóst að ef landfræðilegum heildum er fylgt alfarið eru líkur á að mörk þjóðgarðsins muni ná yfir eignarlönd og út fyrir það svæði sem lög um þjóðlendur og landsskipulagsstefna ná yfir. Mikilvægt er hins vegar að gerlegt verði að færa mörk þjóðgarðsins eftir stofnun hans í samráði við sveitarfélög og nærliggjandi landeigendur sé vilji fyrir slíku hjá þeim sem eiga eða fara með umráð lands.

Innan núverandi marka Vatnajökulsþjóðgarðs liggur tunga til norðurs niður eftir Jökulsárgljúfrum og í Ásbyrgi. Þetta svæði var áður rekið sem sjálfstæður þjóðgarður, þ.e. þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, en sameinaðist svo Vatnajökulsþjóðgarði við stofnun hans. Í ljósi þess að svæðið er nú innan stjórnsýslu Vatnajökulsþjóðgarðs leggur nefndin ekki til breytingar á því. Hins vegar telur nefndin að við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands geti þetta svæði hvort heldur sem er verið rekið sem hluti nýs Hálendisþjóðgarðs eða sem sjálfstæð eining utan um afmarkað svæði með áþekkingu hætti og er nú með þjóðgarðana á Snæfellsnesi og á Þingvöllum. Nefndin telur útfærslu þessa ekki breyta neinu efnislega út frá friðlýsingu eða markmiðum þjóðgarðanna og því snúi þetta að útfærslu í stjórnsýslu fremur en öðru, enda svæðið friðlýst sem þjóðgarður áfram hvor leiðin sem farin verður.

Vert er að nefna að Vatnajökulsþjóðgarður var á árinu samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO. Nefndin gerir ráð fyrir að núverandi verndarstig og mörk Vatnajökulsþjóðgarðs haldist sem slík innan stærri Hálendisþjóðgarðs.<sup>16</sup> Það að hann verði hluti af stærri þjóðgarði á miðhálandinu getur

---

<sup>16</sup> Sjá nánar umfjöllun um verndarflokkaskiptingu og mörk verndarsvæða innan Hálendisþjóðgarðs í kaflanum *Áherslur um skiptingu landsvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka*.

mögulega styrkt UNESCO stöðu hans í ljósi þess að það þýddi aukið verndarstig á jaðarsvæðum við núverandi mörk Vatnajökulsþjóðgarðs.

Að höfðu samráði við hagaðila og sveitarfélög telur nefndin óhjákvæmilegt að þjóðgarði á miðhálandi Íslands verði skipt upp í rekstrarsvæði, sem fari hvert í sínu lagi með umsjón og stefnumörkun. Nánari umfjöllun um rekstrarsvæði má finna í kaflanum *Rekstrarsvæði og þjónusta*.



Mynd 16 Við Geitá

## Áherslur: Verndarflokkar <sup>17</sup>

### HVAÐ ER ÞJÓÐGARÐUR?

Hugsjónin um stofnun fyrstu þjóðgarða heimsins byggðist á að tryggja að mikilvægustu náttúrugersemar þjóðar væru varðveittar um alla tíð fyrir almenning að njóta. Einnig höfðu svæðin oft yfir sér ákveðna helgi í huga viðkomandi þjóðar og voru talin hluti af menningararfinum. Síðar bættust við markmið um verndun tegunda, búsvæða og vistkerfa, vísindarannsóknir og fræðslu auk markmiða um útivist og upplifun.

Þjóðgarðar hafa haldið í öll framangreind markmið en nú snýst tilvist þeirra einnig um að styðja við sjálfbæra byggðapróun með ýmsum leiðum til atvinnu- og verðmætasköpunar þannig að víða um heim má finna heilu bæjarfélögin innan þjóðgarða.

### MISMUNANDI VERNDARFLOKKAR

Þjóðgarðar hafa fjölpætt hlutverk og ná til fjölbreyttra svæða í byggð og óbyggðum. Flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) skilgreinir nokkra flokka verndarsvæða (Ia, Ib, II, III, IV, V, VI) sem alla er hægt að nota innan þjóðgarða. Flokkarnir eru skilgreindir út frá því hvaða meginmarkmið eru með vernd svæðis. Þannig má gera landsvæði að þjóðgarði þar sem meginmarkmið hans sem heildar er skilgreint en jafnframt að skilgreina stök svæði innan þjóðgarðsins í aðra flokka, allt eftir því hver meginmarkmiðin eru með vernd viðkomandi svæðis.


Þjóðgarðar í heiminum eru oft með ýmis minni verndarsvæði innan sinna marka, eru á fjölbreyttum landgerðum og hafa mismunandi markmið sem eru í sumum tilfellum ólík þeim sem skilgreind eru í flokki II í IUCN-kerfinu sem telst þjóðgarðsflokkur.

Hugtakið „þjóðgarður“ varð til áður en flokkunarkerfi IUCN kom til sögunnar. Það að ákveðið hafi verið að nota orðið „þjóðgarð“ í heiti verndarsvæðis, þýðir því ekki endilega að því sé stjórnað í samræmi við skilgreiningu IUCN um slíka tegund verndarsvæðis.


Á mynd 16 má sjá verndarflokkaskiptingu tveggja þjóðgarða, annars vegar í Frakklandi og hins vegar í Skotlandi.

---

<sup>17</sup> Texti í þessum kafla er byggður á greinargerð ráðgjafarfyrrtækisins ALTA um hlutverk og verndarflokka þjóðgarða. Greinargerðin er aðgengileg á vefsíðu nefndarinnar [www.stjornarradid.is/midhalendid](http://www.stjornarradid.is/midhalendid) (ALTA, 2018)



Ecrins þjóðgarðurinn í Frakklandi fellur undir tvo flokka, annarsvegar kjarnasvæði í flokki II (grænt) og svæði umhverfis kjarnann í flokki V (blátt).



Skipting Cairngorms þjóðgarðsins í IUCN flokka. Rautt er kjarnasvæði í flokki II. Ljósblátt er heildarsvæðið í flokki V. Bleikt eru svæði í flokki IV og fjólublátt í flokki VI.

### Mynd 17 Dæmi um verndarflokkaskiptingu tveggja erlendra þjóðgarða

## VERNDARFLOKKAR OG STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLUN

Nefnd um stofnun Hálendisþjóðgarðs hefur sett fram áherslur fyrir stjórnunar- og verndaráætlun væntanlegs þjóðgarðs sem ríma vel við fjölbreytt hlutverk þjóðgarða eins og áður hefur verið lýst. Áherslur nefndarinnar grundvallast að mestu á sjónarmiðum sem komu fram á samráðsfundum með sveitarfélögum og öðrum hagaðilum.

Nefndin telur einnig mikilvægt að hugsa svæðið sem heild en jafnframt að tillögur hennar um vernd og nýtingu dragi fram mismunandi áherslur varðandi skiptingu í verndarflokka innan heildarsvæðisins. Landsvæðin sem tilheyra þjóðlendum miðhálandisins eru ólík að gerð og þar fer fram mismunandi nýting á landi, s.s. friðlýsing, afréttarnot, veiðar, útivist og orkuvinnsla. Í þessu ljósi telur nefndin skynsamlegt að skipta þjóðgarði í nokkra verndarflokka.

Horfir nefndin til þess að verndarflokkar IUCN verði nýttir við skilgreiningar á svæðum þjóðgarðsins.

Í flokki **Ia** eru svæði sem þarf að vernda í þeim tilgangi að varðveita líffræðilega fjölbreytni og mögulega einnig jarðminjar/jarðmyndanir. Umferð manna, nýting og inngríp sem áhrif geta haft á svæðin eru háð ströngum skilyrðum og takmörkunum í því skyni að varðveita verndargildi svæðisins. Þessi svæði geta haft ómetanlegt gildi sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

Svæði í flokki **Ib** eru venjulega stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af mannum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

Verndarsvæði sem falla í flokk **II** eru stór náttúruleg eða lítt snortin svæði sem afmörkuð eru til verndar heildstæðum vistfræðilegum ferlum, jarðminjum og landslagi og þeim tegundum og vistkerfum sem einkenna svæðið. Jafnframt skapa svæðin margvíslega möguleika til andlegrar upplifunar, vísindaiðkunar, fræðslu, útivistar og afþreyingar fyrir ferðamenn af því tagi sem samrýmist menningu og umhverfissjónarmiðum.

Svæði í flokki **III** eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið landslagsfyrirbæri, neðansjávarfjöll, neðansjávarhellisskútar, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel

lífandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan einkar lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Markmiðið með vernd svæða í flokki **IV** er að vernda tiltekna tegundir eða búsvæði og stjórnun svæðanna endurspeglar þá forgangsroðun. Mörg svæði í þessum flokki þarfnast reglubundinnar íhlutunar til að mæta þörfum tiltekinnar tegundar eða til að viðhalda búsvæðum en það er þó ekki skilyrði verndarflokksins.

Undir flokk **V** falla verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Jafnframt er varðveisla þessa samspils nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæðisins og þeirra náttúrufarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur.

Svæði í flokki **VI** miða að verndun vistkerfa og búsvæða ásamt þeim menningarlegu gildum sem tengjast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Þau eru yfirleitt stór og að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Jafnframt er lítið svo á að hófsöm nýting náttúruauðlinda, sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd, sé eitt aðalmarkmiðið með vernd svæðisins (Umhverfisstofnun, 2011).<sup>18</sup>

Næstu kaflar fjalla um megináherslur nefndar varðandi verndarflokka með tilliti til nýtingar á afréttum, friðlýstum svæði og orkuvinnslusvæðum miðhálandisins.

## ÞJÓÐLENDUR Á MIÐHÁLENDINU


Um þjóðlendur gildir að íslenska ríkið er eigandi lands og hver konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Þjóðlendum eru því landsvæði utan eignarlanda en einstaklingar eða lögaðilar kunna þó að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.<sup>19</sup> Þjóðlendum á miðhálandinu má skipta í þrennt á þessum forsendum: 1. þjóðlendu og afrétt, 2. þjóðlendu

---

<sup>18</sup> Útskýringar á flokkunum eru þýðingar á texta IUCN úr *Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands*.

<sup>19</sup> 1.-2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur.

í afréttareign, 3. aðrar þjóðlendar (jökla/land utan jökla) (Obyggðanefnd, 2019).



**Mynd 18 Þjóðlendar á miðhálandi; eftir flokkum.**

Afréttur er almennt skilgreindur sem hvers konar land ofan byggða sem notað er til sumarþeirrar fyrir búfé. Þjóðlenda telst *í afréttareign* ef afréttur tilheyrir eigendum tiltekinnar jarðar, einnar eða fleiri. Þegar talað er um *þjóðlendu og afrétt* er um að ræða afrétt sveitarfélags þar sem ótiltekinn fjöldi jarða sveitarfélagsins hefur þann rétt sem afrétti fylgir. Munurinn á þessum flokkum felst í því hvort afrétturinn tilheyrir tilteknum jörðum eða öllum þeim jörðum sem tilheyra sveitarfélaginu. Afréttareign fylgir einnig réttur til fiskveiða í ám og vötnum. Þegar talað er um afréttareign er ekki átt við ekki grunneignarréttinn að landinu heldur upprekstrar- og fiskveiðirétt og eftir atvikum önnur takmörkuð nýtingarréttindi. Ef hvorki er til staðar afréttur eða afréttareign er um *aðrar þjóðlendar* að ræða þar sem enginn á tilkall til neinna óbeinna eignarréttinda.<sup>20</sup>

## FRIDLÝST SVÆÐI Á MIÐHÁLENDINU


Eins og áður hefur verið nefnt hafa ákveðin svæði á miðhálandinu nú þegar verið friðlýst. Þessi svæði eru í mismunandi verndarflokkum. Svæðin eru flest skilgreind sem friðlönd sbr. auglýsingu um friðlýsingu þeirra í Stjórnartíðindum. Í Vatnajökulsþjóðgarði eru minni svæði sem skilgreind eru í aðra verndarflokka (Ia, VI) en meginflokk þjóðgarðsins (II).

## VIRKJANASVÆÐI Á MIÐHÁLENDINU

Innan miðhálandisins eru virkjanir og virkjanalón og má því velja upp hvort slík mannvirki geti verið innan þjóðgarðs. Dæmi um virkjunarlón innan þjóðgarða eða annarra verndarsvæða eiga helst við um lón sem voru til staðar þegar þjóðgarður var stofnaður. Dæmi um slíka garða eru Krka National Park í Króatíu, Eifel National Park í Þýskalandi og Sri Nakarin Dam National Park í Thailandi. Í Bandaríkjunum hafa verið skilgreind National Recreation Areas í kringum virkjunar-/miðlunarlón og þau þannig nýtt til ýmiss konar útivistar og náttúruskoðunar. Slík svæði eru stundum á jaðri þjóðgarða eða stýrt með sama hætti. Því virðist ekkert því til fyrirstöðu að virkjanir og tengd

<sup>20</sup> Sif Guðjónsdóttir: „Megindrættir í þjóðlendumálum 1998–2005“, bls. 509.

mannvirki sem fyrir eru geti fallið innan marka þjóðgarðs. Verndarflokkar IUCN og friðlýsingarflokkar laga um náttúruvernd eru hins vegar skilgreindir með þeim hætti að nýjar virkjanaframkvæmdir rúmast ekki innan þeirra (ALTA, 2018).



**Mynd 19 Orkumannvirki, lón og háspennulínur á miðhálandinu (Skipulagsstofnun, 2018)**

Með tilliti til áherslu nefndarinnar á skiptingu svæða í verndarflokka má velta upp þeirri spurningu hvort orkuvinnslusvæði geti verið innan Hálendisþjóðgarðs. Orkuvinnslusvæðin sem um ræðir eru Þjórsár-Tungnaásvæðið, Blöndusvæðið og Kárahnjúkasvæðið. Á öllum þessum svæðum er unnin endurnýjanleg orka úr jökulám. Svæðin eru rekin af Landsvirkjun. Starfsemi Landsvirkjunar er alþjóðlega vottuð með tilliti til gæðastjórnunar og umhverfisstjórnunar (ISO 9001 og ISO 14001) auk þess sem fyrirtækið hefur tileinkað sér innra verklag byggt á alþjóðlegum matslykli (Hydropower Sustainability Assessment Protocol, HSAP) um sjálfbæra vatnsorkuvinnslu.<sup>21</sup>

Í ljósi þess að þjóðgarðar hafa verið stofnaðir þar sem fyrir var orkuvinnsla, telur nefndin að núverandi orkuvinnslusvæði á miðhálandinu geti verði innan þjóðgarðs en að skilgreina þurfi vel mörk þeirra svæða og hvað megi fara fram innan þeirra. Fyrir liggur að orkuvinnslusvæði finnst innan verndarsvæða víða um heim eins fram hefur komið. Þar eru þau hins vegar ekki skilgreind í verndarflokka. Svæðin eru hins vegar afmörkuð og skilyrði fyrir starfseminni skilgreind. Á sama hátt leggur nefndin áherslu á að slíkt verði gert varðandi núverandi orkuvinnslusvæði á miðhálandinu. Þannig verða útlínur hálendisþjóðgarðs reglulegri og betur næst utan um svæðið í heild en ella væri.

Hvað varðar áætlanir um frekari orkunýtingu á miðhálandinu vinnur nefndin út frá því að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku. Stofnun og rekstur þjóðgarðs á miðhálandinu mun hafa áhrif á landnotkun með þeim hætti að hún mun beinast að þeim markmiðum og áherslum sem liggja munu til grundvallar þjóðgarðinum. Nefndin telur þó ekki eðlilegt að líta svo á að stefnumörkun og ákvarðanatáka um tiltekin orkunýtingarsvæði eða hugmyndir um orkuvinnslu til framtíðar geti verið á verksviði nefndarinnar. Fremur sé eðlilegra að stefnumörkun um landnýtingu stakra svæða verði unnin út frá þeim

<sup>21</sup> Sjálfbær orkuvinnsla lýsir því hvernig orkulind er nýtt en endurnýjanleiki lýsir eðli hennar. Endurnýjanlega auðlind er þannig hægt að nýta á sjálfbæran eða ósjálfbæran hátt.



forsendum sem raktar eru að framan, í málsmeðferð stefnumarkandi áætlana (t.d. rammaáætlunar), sem og í ítarlegri útfærslu í stjórnar- og verndaráætlun í stjórnkerfi þjóðgarðsins.

## MEGINTILLAGA NEFNDAR

Í samræmi við framangreindar forsendur leggur nefndin til eftirfarandi áherslur um skiptingu landsvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka:

*(1) Nefndin telur að í meginráttum verði horft til verndarflokka Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN), flokka II og VI, með hliðsjón af afréttarnýtingu á þjóðlendum miðhálandisins.*

*(2) Nefndin telur eðlilegt að verndarflokkar þegar friðlýstra svæða á miðhálandinu, sbr. auglýsingu víðeigandi friðlýsingar í Stjórnartíðindum, haldist óbreyttir innan Hálendisþjóðgarðs.*

*(3) Í ljósi þess að þjóðgarðar hafa verið stofnaðir víðs vegar um heiminn þar sem fyrir var orkuvinnsla telur nefndin að hægt sé að leggja til að núverandi orkuvinnslusvæði verði innan Hálendisþjóðgarðs. Horfa þarf til þess að umrædd orkuvinnsla er þegar í gangi og starfsemin er alþjóðlega vottuð. Svæðin verði ekki skilgreind sérstaklega í verndarflokka en þau verði afmörkuð og skilyrði fyrir starfseminni skilgreind. Málafni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku.*



Mynd 20 Að Fjallabaki.

# Rekstrarsvæði og þjónusta

## REKSTRARSVÆÐI ÞJÓÐGARÐS

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands telur nauðsynlegt að byggja rekstur og stjórnkerfi víðfeðms þjóðgarðs, sem nær yfir miðhálandi Íslands, á skiptingu í rekstrarsvæði. Innan þessara rekstrarsvæða verði starfræktar svæðisbundnar stjórnir eða ráð, sem fari með málefni hvers svæðis. Að þessu leyti má horfa til reynslu af rekstri og stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem svæðisbundin ráð eru lykilþáttur í stjórnkerfi þjóðgarðsins.<sup>22</sup> Nefndin hefur leitað samráðs við sveitarfélög og aðra hagaðila varðandi rekstrarsvæði og m.a. kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að útfærslu svæða fyrir miðhálandið. Ýmsar leiðir er hægt að fara við skiptingu í rekstrarsvæði. Nefndin leggur til sex rekstrarsvæði sem ná inn á miðhálandið: Vestur-, Norðvestur-, Norðaustur-, Austur-, Suðaustur- og Suðvestursvæði.


Núverandi sveitarfélög skiptist með eftirfarandi hætti niður á þessi rekstrarsvæði:

- Vestur: Borgarbyggð
- Norðvestur: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Skagafjörður og Akrahreppur
- Norðaustur: Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur og Norðurþing
- Austur: Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur
- Suðaustur: Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur
- Suðvestur: Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða – og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð

Skipting þeirra miðist við landfræðilegar forsendur, reynslu af samvinnu við nærliggjandi samfélög og aðkomu að miðhálandinu. Í ljósi mögulegra breytinga á sveitarfélögum á komandi árum, með sameiningum og breytingum á mörkum þeirra, telur nefndin ekki heppilegt að grundvalla rekstrarsvæði þjóðgarðs á miðhálandinu á núverandi fjölda eða mörkum sveitarfélaga. Sú hugmynd sem kynnt er byggist á því að horfa m.a. til aðkomuleiða, samgangna og landfræðilegra forsendna innan hálendis og við jaðra þess.

Þrátt fyrir að hér sé kynnt tillaga að skiptingu í rekstrarsvæði telur nefndin ákjósanlegt að nákvæm skipting í rekstrarsvæði verði útfærð með öðrum hætti en í sérlögum fyrir Hálendisþjóðgarð. Þannig verði gerlegt að færa til mörk rekstrarsvæða komi upp aðstæður sem kalli á slíkt, t.d. eftir óskum sveitarfélaga, vegna verndarfyrirkomulags sem fyrir hendi er (t.d. Friðland að Fjallabaki) eða með þróun samgangna í framtíðinni, án þess að til lagabreytingar þurfi að koma.

<sup>22</sup> Nánar er greint frá áherslum nefndarinnar varðandi stjórnkerfi og útfærslu þess, þ.m.t. svæðisbundin ráð og hlutverk þeirra innan hvers rekstrarsvæðis.




Mynd 21 Tillaga að útfærslu rekstrarsvæða fyrir þjóðgarð

## FORSENDUR, AÐKOMULEIÐIR, VEGIR

Á samráðsfundum með sveitarfélögum og hagaðilum var kallað eftir tillögum um þjónustumiðstöðvar, m.a. í tengslum við aðkomuleiðir og rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Við vinnu nefndarinnar hafa komið fram ýmsar tillögur um svæði sem gætu hentað sem aðkomuleiðir/þjónustumiðstöðvar að þjóðgarðinum. Umræður um þörf á úrbótum við aðkomuleiðir með tilkomu þjóðgarðs fóru fram á ýmsum stigum í samráðsferlinu ekki síst um stofnvegi eða aðrar mikilvægar samgönguæðar við hálendismörk.<sup>23</sup> Í samgönguáætlun er ekki að finna nein áform um nýja stofnvegi á hálendinu. Uxahryggjaleið hefur verið byggð upp með bundnu slitlagi á s.l. árum. Áframhaldandi uppbygging á Uxahryggjavegi frá Kaldadalsvegi og niður í Lundarreykjadal er á samgönguáætlun. Bárðardalsvegur vestri er aðkomuleið en lagfæring á honum og lagning bundins slitlags er á samgönguáætlun, frá Hringvegi í átt að Sprengisandsleið. Þessir vegkaflar eru báðir utan marka Hálendisþjóðgarðsins samkvæmt tillögu nefndar en verða meðal aðkomuleiða inn á miðhálendið (Alþingi, 2019).

Nefndin telur æskilegt að samvinna verði við yfirvöld samgöngumála og sveitarfélög um hvaða aðkomuleiðir áhersla skuli lögð á varðandi uppbyggingu innviða í þjóðgarðinum. Tryggja þarf að vegir á aðkomuleiðum verði í takt við aukna umferð og hugað verði sérstaklega að umferðaröryggi, merkingum og áningarstöðum. Jafnframt þarf að tryggja upplýsingaflæði varðandi lokanir vega, sér í lagi vetrarlokanir þar sem ferðamenn sem hingað koma hafa yfirleitt ekki upplýsingar um að hálendisvegir séu aðeins opnir hluta úr ári (Vegagerðin, 2019). Miðlun upplýsinga af þessu tagi þarf að vera meðal hlutverka miðstöðva þjóðgarðsins strax við aðkomuleiðir.

<sup>23</sup> Nánar er fjallað um áherslur við úrbætur á samgöngumannvirkjum í kafla um fjármögnun í síðari hluta skýrslunnar.



## Mynd 22 Flokkun þjóðvega á Íslandi (Vegagerðin, 2018)

Einnig liggur fyrir að mörkuð hefur verið stefna í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um þjónustumiðstöðvar sem ýmist hafa verið byggðar eða eru í undirbúningsferli. Eðlilegt er að ætla að þessar miðstöðvar muni gegna hlutverki sínu í Hálendisþjóðgarði og ekki verði vikið frá þeirri stefnu við stofnun hans. Þá liggur einnig fyrir skilgreining samkvæmt landsskipulagsstefnu um þjónustumannvirki á miðhálandinu sem augljóslega gæti nýst áfram.


## GERÐIR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVA

Skynsamlegt gæti verið að skipta slíkum miðstöðvum upp í mismunandi stig eftir umfangi og hlutverki miðstöðva. Einnig telur nefndin mjög mikilvægt að sú starfsemi sem fyrir er á miðhálandinu varðandi ýmsa þjónustu haldi sér. Því sé mikilvægt að hugsa tilurð miðstöðva út frá þeim þáttum, þar sem áhersla væri lögð á samstarf þjóðgarðs og aðila sem nú þegar starfa á miðhálandinu.

Nefndin telur mikilvægt að gera ráð fyrir ólíkum leiðum við uppbyggingu og rekstur þjóðgarðsmiðstöðva. Þannig verði ekki eingöngu gert ráð fyrir því að þjóðgarðurinn/ríkið byggji og reki miðstöðvarnar, líkt og verið hefur t.d. innan Vatnajökulsþjóðgarðs, heldur verði einnig horft til þess að nýta húsnæði og þjónustu þar sem fyrir er gagnkvæmur hagur að slíku. Hér má nefna samninga við sveitarfélög, landeigendur, sem og aðra einkaaðila.

Almennt varðandi aðkomuleiðir og miðstöðvar að/í þjóðgarðinum leggur nefndin áherslu á mikilvægi umferðaröryggis, skýra vegvísun og fullnægjandi þjónustu.

Með þetta í huga leggur nefndin til að þjónustumiðstöðvum verði skipt í þrjá meginflokka (sjá mynd) þar sem stigsmunur verði á umfangi og hlutverkum. Stigin miðast við hvernig sjá má fyrir sér umfang miðstöðvanna. Sérstaklega er vakin athygli á því að stór hluti þeirra þjónustumiðstöðva sem mynda munu innviði Hálendisþjóðgarðs eru þegar til og eru í rekstri. Þannig er mikilvægt að leggja ríka áherslu á að eiga frá upphafi samstarf við núverandi rekstraraðila sem starfa á hálendinu og hafa í sumum tilvikum byggt upp þjónustu eða rekið til langs tíma.




Mynd 23 Miðstöðvar þjóðgarðs, ólíkir flokkar

## STAÐSETNING ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVA

Á myndinni hér á eftir getur að líta hugmyndir að staðsetningu þjóðgarðsmiðstöðva sem komu fram í samráðsvinnu nefndarinnar með sveitarstjórnnum og hagaðilum þegar umfjöllun og kynning stóð yfir á þessum verkhluta. Fleiri hugmyndir að staðarvali og útfærslum þjónustumiðstöðva hafa einnig borist nefndinni síðar í samráðsferlinu. Hluti þeirra staða sem tilgreindir eru á eftirfarandi korti eru þegar í rekstri sem þjónustustaðir á hálendinu, m.a. við hálendismörk eða á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs.

Á kortinu eru eingöngu miðstöðvar í flokkum 1 og 2, þ.e. þjóðgarðsgáttir og hálendismiðstöðvar. Miðstöðvar í flokki 3, þjónustustaðir á hálendi, eru ekki tilgreindar.



Mynd 24 Hugmyndir að mögulegum þjóðgarðsmiðstöðvum

Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til staðarvals og útfærslu þessara þjóðgarðsmiðstöðva. Þær hugmyndir sem fram komu á meðal fundargesta á samráðsfundum nefndarinnar, og eru taldar upp á ofangreindri mynd, sýna 2-3 meginþjóðgarðsmiðstöðvar (STIG 1 ÞJÓÐGARÐSGÁTTIR) við hvert rekstrarsvæði umhverfis miðhálandið. Af þessum stöðum hafa fjórar miðstöðvar þegar verið byggðar og eru komnar í rekstur innan Vatnajökulsþjóðgarðs: Í Ásbyrgi, Fljótsdal, á Höfn í Hornafirði og í Skaftafelli. Aðrir tveir staðir fyrir þjóðgarðsmiðstöðvar eru tilgreindir sérstaklega í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, Kirkjubæjarklaustur (hönnun lokið og framkvæmdir að hefjast) og Mývatnssveit (á undirbúningsstigi). Nefndin telur sjálfsagt að vinna út frá því að þessir staðir sem þegar eru í rekstri eða ákvörðun hefur verið tekin um verði þróaðir áfram sem hluti af innviðum hins nýja þjóðgarðs. Ljóst er að með stofnun þjóðgarðsins þarf á slíkum gáttum að halda við meginþjóðgarðsmiðstöðvar upp á hálandið. Einkar mikilvægt er að stefna að heilsársþjónustu og þar með auknum umsvifum. Þá skiptir máli að aðgengi sé tryggt að þeim og að aðkoma að og frá gáttum sé miðuð út frá umferðaröryggi, þ.m.t. að vegir þoli aukna umferð og umferð þyngri ökutækja. Þá þarf að tryggja hátt þjónustustig, m.a. með skýrri vegvísun, ef auglýsa á staðina sem gáttir inn í þjóðgarðinn. Það er álit nefndarinnar að byrja þurfi á að tryggja a.m.k. eina þjóðgarðsmiðstöð (STIG 1 - hálandisgátt) við hvert rekstrarsvæði við upphaf rekstrar nýja þjóðgarðsins. Ákvörðun um fleiri miðstöðvar verði tekin strax á fyrsta rekstrarári þjóðgarðsins í samráði við umdæmisráð hans.

Á stöðum sem merktir eru STIG 2 - HÁLENDISMIÐSTÖÐ eru nú þegar einnig mannvirki á öllum þeim svæðum sem nefndin skilgreinir sem slík. Þau svæði eru skilgreind í landsskipulagsstefnu sem

hálendismiðstöðvar, jaðarmiðstöðvar eða skálasvæði. Þar þarf að huga að því og greina hvort um árstíðabundna þjónustu er að ræða eða heilsárs og hugsa þjónustustig út frá því.<sup>24</sup>

Varðandi svæði sem nefndin skilgreinir í STIG 3 – ÞJÓNUSTUSTAÐIR Á HÁLENDINU þá telur nefndin, eins og komið hefur fram, rétt að tekin verði ákvörðun um slík svæði á grunni staðarþekkingar í svæðisstjórnnum. Sem dæmi mætti hugsa sér að undir þessa skilgreiningu gætu fallið staðir í umsjá upprekstrarfélaga, veiðifélaga, útivistarfélaga, bænda og samtaka sem þegar stunda starfsemi á miðhálandinu.

Nefndin telur uppbyggingu og rekstur öflugra þjóðgarðsmiðstöðva forsendu fyrir stofnun og rekstri þjóðgarðsins. Sérstaka áherslu þarf að leggja á „þjóðgarðsgáttir“ sem staðsetja verður á láglandi eða við fjölfarnari þjóðvegi við eða utan þjóðgarðsmarka. Þessar stærri þjóðgarðsmiðstöðvar munu gegna mikilvægu hlutverki sem vinnustaðir starfsfólks þjóðgarðsins og við uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu í tengslum við hann á hverju rekstrarsvæði. Nefndin telur eðlilegast að umdæmisráð, eða þau sveitarfélög sem standa að slíkum ráðum muni sjálf fást við endanlegt staðarval miðstöðvanna. Ljóst er að útfærsla svæða undir slíka starfsemi útheimtir samstarf við sveitarfélög við skipulag lands. Þannig verði ofangreindar hugmyndir úr samráðsferli nefndarinnar lagðar til grundvallar í upphafi en aðrir staðarvalskostir verði skoðaðir frekar eftir því sem umdæmisráð eða þau sveitarfélög sem koma að hverju rekstrarsvæði kjósi.

Þær miðstöðvar sem falla undir flokka nr. 2 og 3, hálendismiðstöðvar og þjónustustaðir á hálendi, telur nefndin rétt að tekin verði ákvörðun um á grunni staðarþekkingar í umdæmisráðum. Verði þá lögð sérstök áhersla á samstarf við rekstraraðila, félög og nytjaréttarhafa og m.a. útfærðir þjónustusamningar þar sem slíkir aðilar geti tekið að sér verkefni fyrir þjóðgarðinn.

Nefndin telur afar mikilvægt, svo ná megi markmiðum með þjóðgarðinum að samhliða stofnun Hálendisþjóðgarðs liggi fyrir tímasett áætlun um uppbyggingu þjóðgarðsmiðstöðva („þjóðgarðsgátta“) og fjármögnun tryggð.

---

<sup>24</sup> Nefndin leggur áherslu á að fleiri staðir komi til greina sem STIG 1 og STIG 2 miðstöðvar á kortinu. Þau svæði sem merkt hafa verið inn á kortið byggja á tillögum samráðsfunda.

## Fjármögnun þjóðgarðs

Á undanförunum misserum hefur auknu fé verið varið í vernd náttúru- og menningarminja hér á landi. Viðbótin hefur nýst til aukinnar landvörslu, vinnu við friðlýsingar og innviðaupbyggingar til verndar náttúru landsins og menningarminjum. Ástæða þess að fjármagni hefur í ríkara mæli verið veitt til náttúruverndar og verndar menningarminja er að álag á íslenska náttúru og menningarminjar hefur aukist á undanförunum árum samhliða auknum ferðamannastraumi. Þannig hafa kannanir reglulega sýnt að náttúra Íslands er helsta aðdráttaraflíð sem ferðamenn nefna sem ástæðu komu sinnar til landsins. Jafnframt sýna gögn um talningar ferðamanna að friðlýst svæði á Íslandi eru helstu ferðamannastaðir landsins.

Friðlýsing, t.d. með stofnun þjóðgarðs, getur aukið ásókn á staði, einkum ef lögð er áhersla á markaðssetningu af hálfu fyrirtækja, sveitarfélaga eða yfirvalda. Það sem friðlýsingin hins vegar gerir einnig er að skapa ákveðna umgjörð utan um ásetna staði, svo sem með þróun og uppbyggingu tilheyrandi innviða og fræðslu og vöktun þar sem þörf er á. Jafnframt skapar hún tækifæri til að efla þau svæði þar sem þörf er talin á auknum umsvifum á forsendum þróunar byggða og atvinnulífs. Til þess að ávinningur verði og markmið náist með stofnun og rekstri þjóðgarðs á miðhálandinu þarf að leggja til fjármagn, bæði til uppbyggingar við stofnun þjóðgarðsins og rekstrar til framtíðar.

Fyrirliggjandi tillögur nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fela í sér að við stofnun nái þjóðgarðsmörkin yfir þjóðlendur og önnur friðlýst svæði.

### NÚVERANDI STAÐA & FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR

Tvær stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Vatnajökulsþjóðgarður og Umhverfisstofnun fara nú með málefni friðlýstra svæða á miðhálandinu. Vatnajökulsþjóðgarði tilheyrir stór hluti þess svæðis sem þjóðgarður á miðhálandinu mun ná yfir samkvæmt tillögum nefndarinnar. Umhverfisstofnun fer svo með umsjón annarra friðlýstra svæða á miðhálandinu.

Gert er ráð fyrir að á árunum 2019–2021 muni rúmir þrjú milljarðar króna fara í gegnum *Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminja* til uppbyggingar efnislegra innviða, landvörslu, ýmissa óstaðbundinna verkefna, bráðaaðgerða o.fl. Gróflega má áætla að um 30% af fjármagninu, eða um einn milljarður króna, fari í uppbyggingu efnislegra innviða vegna verkefna á miðhálandinu (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2019).

Sértekjur á friðlýstum svæðum hafa einnig aukist á síðastliðnum árum. Samkvæmt núgildandi lögum byggja tekjurnar á gjöldum sem þjóðgarðurinn getur innheimt vegna veittrar þjónustu (t.d. bílastæðagjöld á tilteknum stöðum og gestagjöldum til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit með gestum) auk gjalda vegna leyfisveitinga og samninga.

Þá má ekki horfa fram hjá fjölbreyttum og umfangsmiklum rekstri fyrirtækja og sjálfböðavinnu ýmissa aðila og landbótaverkefnum í samvinnu við Landsvirkjun og fleiri aðila sem fer fram á miðhálandinu. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun eru ferðaþjónustubyggingar á 197 stöðum. Þar af eru fjórir staðir skilgreindir sem jaðarmiðstöðvar, sjö hálendismiðstöðvar og 28 skálasvæði samkvæmt landsskipulagsstefnu. Einnig eru 145 ferðaþjónustustaðir sem falla í flokk fjallaselja. Auk þess eru á 13 stöðum byggingar sem falla ekki í neinn framangreindra flokka (Skipulagsstofnun, 2018).

Upprekstrarfélög, bændur, veiðifélög, útivistarfélög og náttúruverndarsamtök vinna þannig að ýmsum landbótaverkefnum og sinna þjónustu við ferðalanga. Sem dæmi má nefna merkingu reiðleiða, landgræðslu og þjónustu við þá sem ferðast um miðhálandið til útivistar, veiða og annarrar upplifunar. Án þess að upplýsingar um heildartölur liggi fyrir þá er ljóst að fjárhagslegt umfang sem tengist viðhaldi, þjónustu og rekstri þessarar starfsemi skiptir sköpum fyrir svæðið.



Í skýrslu nefndar sem fjallaði um *forsendur* fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands er farið yfir fjárframlög og sértekjur Vatnajökulsþjóðgarðs frá stofnun. Þar kemur m.a. fram að almennur rekstur hefur aukist, verið 266,8 m.kr. árið 2010 en 614,4 m.kr. árið 2017. Enn fremur hafi sértekjur aukist frá því að vera 96,4 m.kr. í 265,4 m.kr. á sömu árum (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017). Á árinu 2018 voru heildartekjur Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt ársreikningi 957,6 m.kr. (Vatnajökulsþjóðgarður, 2019). Innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs eru einnig friðlýst svæði sem eru í rekstri Umhverfisstofnunar (Friðland að fjallabaki, Þjórsárver, Guðlaugstungur og Hveravellir). Ársrekstrarkostnaður við þessi svæði er áætlaður um 62 m.kr. á árinu 2019 (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2019).

## AUKIN FJÁRMAGNSÞÖRF

### NÝTT LANDSVÆÐI UNDIR ÞJÓÐGARÐ

Þrátt fyrir að aukið fjármagn hafi runnið til málefna náttúruverndar er augljóst að stofnun Hálendisþjóðgarðs krefst verulegs fjármagns umfram það sem fer nú til starfsemi tengdri náttúruvernd á miðhálandinu. Hálendisþjóðgarður myndi ná yfir um 32% af flatarmáli Íslands. Tæplega helmingur þessa svæðis, eða 48%, er nú þegar friðlýstur. Langstærstur hluti þessa tæpa helmings tilheyrir Vatnajökulsþjóðgarði, en minni hluti fyrrgreindum svæðum í rekstri Umhverfisstofnunar. Á þessum tölum má sjá með stækkun þjóðgarðsmarka sem fylgir stofnun Hálendisþjóðgarðsins mun fjárþörf aukast verulega, og er ekki ástæða til að ætla fjárþörf á hinu nýja svæði sem kemur til stækkunar minni en á hinu sem fyrir er í rekstri sem friðlýst svæði/þjóðgarður. Með hliðsjón af óbreyttum forsendum frá núverandi rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýstra svæða á miðhálandinu sést að stækkun landsvæðis á hálandinu, sem fellur innan þjóðgarðs, ein og sér mun að lágmarki útheimta um 2 milljarða í árlegt rekstrarfé. Er þá ekki miðað við neina þjónustaukningu eða mögulega vanfjármögnun.

### VANFJÁRMAGNAÐIR ÞJÓÐGARÐAR?

Nefndin vill benda sérstaklega á að í samráðsvinnu nefndarinnar hafa komið fram rökstudd sjónarmið um vanfjármögnun þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Aukið fé þurfi víða til landvörslu, eflingar þjónustu og faglegrar starfsemi tengdri friðlýstu svæðunum. Þá séu brýn innviðaverkefni víða, m.a. til að geta uppfyllt verndarmarkmið þjóðgarðanna og friðlýstra svæða. Í umsögnum sem borist hafa, sem og opinberum skýrslum sem gefnar hafa verið út í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð hafa sömu sjónarmið verið reifuð, einkum varðandi þörf á eflingu miðlægrar og faglegrar starfsemi þjóðgarðsins (Ríkisendurskoðun, 2019) (Capacent, 2018). Nefndin telur í ljósi þessa mikilvægt að landvarsla verði byggð upp og raunhæfar áætlanir verði unnar um fjárþörf til rekstrar og stofnkostnaðar. Enn fremur að uppbygging á undirstöðu innviðum, s.s. grunnþjónustu eins og salernum og þjónustumiðstöðvum, komi til skoðunar strax en ekki á síðari stigum. Við mat á fjármögnunarpörf þjóðgarðs á miðhálandinu telur nefndin því ekki rétt að byggt verði alfarið á rekstrar- og stofnkostnaðartölum núverandi þjóðgarða og friðlýstra svæða. Með hliðsjón af þessum athugasemdum má færa rök fyrir því að rekstrarfjárþörf þjóðgarðs á miðhálandi Íslands sé töluvert meiri en sem nemur hlutfallslegri stækkun sem verður á landsvæði hálendisins innan þjóðgarðs gefur til kynna.

Fjármagn sem fer til friðlýstra svæða má líta á sem fjárfestingu þar sem verið er að leggja fé til innviðagerðar og annarra þátta til að skapa umgjörð tengda starfsemi á svæðunum. Rannsóknir benda til þess að hagræn áhrif af rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða séu veruleg, þ.e. margfeldisáhrif séu mikil fyrir samfélögin af því fjármagni sem veitt er til rekstrar svæðanna úr ríkissjóði (Hagfræðistofnun Íslands, 2018).

### SAMSTARFSSAMNINGAR

Fyrir í skýrslunni hefur verið nefndur sá möguleiki að þjóðgarðar og ýmsir hagaðilar geti gert með sér samstarfssamninga. Ljóst er að leggja þyrfti til fjármagn af hálfu ríkisins í slíkt samstarf. Nefndin leggur þó áherslu á að hún telur að samstarfssamningar geti verið jákvæðir með tilliti til rekstrar þjóðgarðs og eina af forsendum þess að starfsemi þar virki með sem bestum hætti. Að einhverju leyti

gæti þó fjármagn sem færi til slíkra samninga við bændur, landeigendur, fyrirtæki og félög dregið úr fjárþörf á öðrum sviðum í rekstri þjóðgarðsins.

### ÖRYGGISMÁL

Nefndin telur mikilvægt að hugað verði sérstaklega að öryggismálum innan þjóðgarðsins og fjármögnun þeirra. Landvarsla á vegum þjóðgarðsins gegnir þar lykilhlutverki, en einnig er æskilegt að nýta tækifæri við stofnun hins nýja þjóðgarðs á miðhálandi Íslands til að efla og samræma viðbúnað löggæslu, björgunarsveita og sjúkraflutninga á hálendinu. Þessir innviðir tilheyra öðrum málaflokkum og falla undir verkvið annarra aðila en þjóðgarðsreksturinn og er mikilvægt að frá upphafi verði fjármögnun og útfærsla þessara þátta tryggð.

### SAMGÖNGUR

Í vinnu nefndarinnar hefur komið fram að brýnt sé að hugsa viðhald og uppbyggingu samgöngumannvirkja í samhengi við stofnun og rekstur þjóðgarðs. Þannig þurfi að hugsa fyrir úrbótum á meginleiðum að þjóðgarði sem oft eru hinar sömu og íbúar nærliggjandi dreifbýlis nota daglega. Þessar leiðir þurfa að tryggja góð tengsl við þjóðgarðsmiðstöðvar á láglandi. Einnig þarf að gera raunhæfa áætlun um ferðaleiðir innan þjóðgarðsins. Rekstur og fjármögnun samgöngumannvirkja tilheyrir eðli máls samkvæmt ráðuneyti samgöngumála en ekki umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Við vinnu nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á að þessir þættir verði skoðaðir í samhengi. Einnig hafa komið fram hugmyndir um að þjóðgarðsyfirvöld geti haft aðkomu að ákvörðunum um samgöngubætur, t.a.m. með því að stofnaður verði sjóður til mótframlaga í samgöngubætur innan þjóðgarðs. Þá þarf að tryggja aðgang að námum til viðhalds á vegum innan og utan þjóðgarðs.

### FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR

Nefndin telur ljóst að grunnrekstur þjóðgarðs á miðhálandi Íslands muni þurfa að byggjast á rekstrarframlagi úr ríkissjóði. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að styrkja reksturinn með sértekjum auk þess sem samstarfssamningar geta verið hagkvæmir. Í því samhengi er brýnt að ekki verði tafir á uppbyggingu þjónustu og þróun slíkra samninga og enn fremur verði í lögum tryggðar heimildir til öflunar umræddra sértekna. Nefndin telur að ekki ætti að gera ráð fyrir almennri gjaldtöku án skilgreindrar þjónustu, svo sem aðgangseyri við innganga þjóðgarðsins eða álíka fyrirkomulagi. Í þjóðgarði mætti einnig gera ráð fyrir gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Sem dæmi má nefna það fyrirkomulag laga um Vatnajökulsþjóðgarð að í reglugerð megi ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu til að mæta kostnaði vegna dvalargesta. Þannig geti hlutfall sértekna í formi þjónustugjalda af þessu tagi farið vaxandi eftir því sem tekst að byggja upp innviði þjóðgarðsins. Ljóst er að sértekjur af þjónustugjöldum hjá þjóðgörðum á Íslandi hafa farið vaxandi á síðustu árum líkt og að framan hefur verið rakið. Ástæða er til að ætla að vel skilgreind gjaldtaka fyrir góða þjónustu, t.a.m. bílastæðagjöld við stærri þjónustumiðstöðvar og áfangastaði, geti aflað þjóðgarði á miðhálandi Íslands verulegra sértekna á komandi árum sem komið gæti að nokkru leyti á móti aukinni fjárþörf til rekstrar og uppbyggingar þjóðgarðsins.

Eins og greina má er ljóst að margir óvissuþættir eru varðandi mat á fjárþörf til rekstrar Hálendisþjóðgarðs. Þótt fyrir liggi reynsla af rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða, ekki síst Vatnajökulsþjóðgarðs, þá hafa miklar breytingar verið að eiga sér stað í þeim rekstri milli ára sem gera erfiðara um vik að byggja fjárþörf þjóðgarðsins á þeim rekstrartölum. Eins er óhjákvæmilegt að horfa til þeirra ábendinga sem fram hafa komið í úttektum og umfjöllun um Vatnajökulsþjóðgarð, ekki síst varðandi vanfjármögnun innviða og faglegrar starfsemi (Ríkisendurskoðun, 2019) og gera frá upphafi ráð fyrir boðlegri fjármögnun á þeirri starfsemi sem stofnun þjóðgarðsins mun útheimta. Á móti þessum vísbendingum um þörf á auknu rekstrarfé til þjóðgarða kemur það að hlutfall sértekna/sjálfsaflafjár íslenskra þjóðgarða hefur vaxið verulega á síðustu árum, og mun eðli máls samkvæmt haldast í hendur við uppbyggingu innviða sem geta orðið að undirstöðu fyrir tekjur fyrir veitta þjónustu. Eftirfarandi tölur sýna rekstrarfjármagn Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýstra svæða

innan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka á hálendinu miðað við árið 2018 (Vatnajökulsþjóðgarður, 2019) (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2019). Tölurnar eru settar fram sem dæmi um mögulega fjárbörf Hálendisþjóðgarðs m.t.t. ólíkra forsendna. Ljóst er að ítarlegri fjármögnunaráætlun sem taki til uppbyggingar og reksturs innviða þarf að fylgja frumvarpi um þjóðgarðinn. Auk þess verður að fara nánar yfir fjárbörf vegna samstarfssamninga við ýmsa aðila.

		Ársrekstur - fjárbörf (m.kr.)
Rauntölur	<b>Vatnajökulsþjóðgarður</b> (rekstrartekjur 2018 í heild):	958
	Tekjufærsla fjárveitinga	373
	Seld þjónusta	317
	Vörusala	73
	Framlög og ýmsar tekjur	162
	Tekjufærsla frestaðra tekna	33
	<b>Friðlýst svæði miðhálandis önnur</b> (rekstrartekjur í heild):	62
	<b>Alls rekstur Vatnajökulsþjg. og friðl.svæða á hálendi:</b> (ca. 50% af fyrirhuguðum Hálendisþjóðgarði)	<b>1020</b>
Áætlun	<b>Alls áætlaður rekstur <u>nýs</u> svæðis á hálendi til viðbótar:</b> (ca. 50% af fyrirhuguðum Hálendisþjóðgarði)	<b>1020</b>
	<b>Alls:</b> (100% svæðis - Hálendisþjóðgarður í heild)	<b>2040</b>

Mynd 25 Dæmi um hugsanlega rekstrarfjárbörf Hálendisþjóðgarðs, út frá stærð landsvæðis og rekstrarreynslu friðlýstra svæða á hálendinu.

Ársrekstur - fjárbörf (m.kr.)	Hlutfall sértekna/sjálfsaflafjár								
	30%		40%		50%		60%		
	Sér- tekjur	Ríkis- framlag	Sér- tekjur	Ríkis- framlag	Sér- tekjur	Ríkis- framlag	Sér- tekjur	Ríkis- framlag	
0% - óbreytt viðmið	2040	612 1428	816 1224	1020 1020	1224 816				
10% aukið rekstrarfé	2244	673 1571	898 1346	1122 1122	1346 898				
20% aukið rekstrarfé	2448	734 1714	979 1469	1224 1224	1469 979				
30% aukið rekstrarfé	2652	796 1856	1061 1591	1326 1326	1591 1061				
50% aukið rekstrarfé	3060	918 2142	1224 1836	1530 1530	1836 1224				

Mynd 26 Dæmi um hugsanlega fjármögnun rekstrar Hálendisþjóðgarðs miðað við ólíkar forsendur (efling starfsemi með auknu rekstrarfé og ólíkt hlutfall sértekna)

## SAMANTEKT UM FJÁRMÖGNUN

Eins og rakið hefur verið byggist fjármögnunarpörf fyrir þjóðgarð á miðhálandinu á ýmsum forsendum sem ekki liggja allar fyrir. Nefndin álitur þó að eftirfarandi atriði liggja fyrir:

- Umtalsvert fjármagn til árlegs rekstrar mun þurfa til þessa verkefnis umfram það sem fer nú til starfsemi tengdri náttúruvernd á miðhálandinu þar sem um verulega stærra svæði er um að ræða.
- Með tilkomu Hálendisþjóðgarðs mun u.þ.b. tvöfaldast það landsvæði hálandisins sem tilheyrir mun þjóðgarði/friðlýstum svæðum. Miðað við óbreyttar forsendur og reynslu af núverandi rekstri má ætla að fjárför muni tvöfaldast, nema yfir tveimur milljörðum króna á ári.
- Rökstudd sjónarmið um vanfjármögnun núverandi þjóðgarða hafa komið fram við vinnu nefndar. Með eflingu starfsemi og þjónustu í hinum nýja þjóðgarði má ætla með einfaldri áætlun að árleg rekstrarfjárför fari nær þremur milljörðum króna.
- Tryggja þarf heimildir þjóðgarðs til til að afla sértekna þar sem þjóðgarðurinn mun veita þjónustu, hvort sem hún er veitt utan eða innan þjóðgarðsmarka.
- Sértekjur hafa farið vaxandi í þjóðgöörðum á Íslandi undanfarin ár. Ástæða er til að ætla að hlutfall sértekna geti verið umtalsvert í Hálendisþjóðgarði. Gera má ráð fyrir gjaldtöku fyrir veitta þjónustu í þjóðgarði eða við þjóðgarðsmiðstöðvar, s.s. bílastæðagjöldum.
- Ekki ætti að gera ráð fyrir almennri gjaldtöku í þjóðgarðinum, s.s. aðgangseyri við inngang, án skilgreindrar þjónustu.
- Uppbygging þjónustu og innviða þjóðgarðsins helst í hendur við öflun sértekna og gera má ráð fyrir hækkandi hlutfalli þeirra samhliða uppbyggingu innviða.
- Brýnt er að ekki verði tafir á uppbyggingu þjóðgarðsmiðstöðva og annarra innviða Hálendisþjóðgarðs svo nýta megi fyrirséðar sértekjustofna til rekstrarins.
- Hugsa þarf fyrir úrbótum á vegum og öðrum samgöngumannvirkjum sem liggja að þjóðgarði og innan hans.
- Huga þarf sérstaklega að öryggismálum innan þjóðgarðs og fjármögnun þeirra verkefna, sem að verulegu leyti falla utan rekstrar þjóðgarðsins sjálfs.
- Gera þarf ráð fyrir fjármagni af hálfu þjóðgarðsins til samstarfssamninga við aðila sem starfa innan þjóðgarðs eða í nágrenni hans.

# Áherslur í lagafrumvarpi

Í erindisbréfi er nefndinni ætlað að fjalla um áherslur til grundvallar lagafrumvarps fyrir þjóðgarð á miðhálandi Íslands. Á grunni þessa er það tillaga nefndarinnar að sett verði sérlög um Hálendisþjóðgarð. Frumvarpið verði fellt að lagaumhverfi um friðlýst svæði, en nái eingöngu til Hálendisþjóðgarðs. Frumvarpið verði lagt fram af umhverfis- og auðlindaráðherra með tilheyrandi málsmeðferð og kynningu. Í þessum kafla eru dregin saman áhersluatriði til að byggja lagafrumvarp á. Vakinn er athygli á því að í þessum áhersluatriðum er eingöngu horft til þeirra málefna sem sérstaklega hafa verið dregin fram í vinnu nefndarinnar og birt í fundargerðum og öðrum vinnugögnum eftir fundi nefndar. Önnur forms- og efnisatriði sem fylgja lagatexta af þessu tagi koma svo til umfjöllunar á viðeigandi vettvangi við frágang lagafrumvarps og kynningu þess.

Með vísan til þeirra atriða sem fram hafa komið í fyrri köflum þessarar skýrslu leggur nefndin til að eftirfarandi áhersluatriði verði lögð til grundvallar við útfærslu texta í köflum lagafrumvarps um Hálendisþjóðgarð:

## KAFLI I – STOFNUN HÁLENDISÞJÓÐGARÐS

### Áherslur nefndar:

#### Mörk –

- Að mörk miðist við þjóðlendur á miðhálandinu auk þegar friðlýstra landsvæða á miðhálandinu.
- Nefndin leggur ekki til að þjóðgarður nái inn á eignarlönd en telur mikilvægt að landeigendur sem það kjósa geti óskað eftir því að jarðir þeirra að hluta eða öllu leyti verði innan þjóðgarðs.
- Nefndin leggur til að ríkisjarðir geti fallið að hluta eða öllu leyti innan þjóðgarðsmarka, kjósi þeir aðilar sem fara með umsjón lands fyrir hönd ríkisins að leggja það til.

#### Markmið –

- Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
- Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningu og sögu þjóðgarðsins.
- Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúru- og menningarminjar hans spillist.
- Stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.
- Stuðla að rannsóknum og fræðslu um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans.
- Leitast við að efla samfélög og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar á gæðum svæðisins.
- Vera vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og þróun hennar.

- Endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.
- Varðveita þjóðlendur í þjóðgarði og viðhalda virði þeirra í náttúrufragslegu og menningarlegu tilliti sem sameiginlegar eignar íslensku þjóðarinnar.
- Stuðla að samvinnu og samstarfi við starf félaga og sjálfboðaliða um málefni landsvæðisins.

## KAFLI II – STJÓRN & UMDÆMISRÁÐ

### Áherslur nefndar:

#### Stjórnskipulag -

Stjórnskipulag þjóðgarðsins byggir á dreifðri stjórnun með skilgreindum rekstrarsvæðum þar sem umdæmisráð marki stefnu og fari með umsjón hvers rekstrarsvæðis, þ.m.t. meginákvæðanir um landnýtingu í stjórnar- og verndaráætlun. Stjórn verði yfir Hálendisþjóðgarði sem fari með stefnumörkun í málefnum hans í heild og staðfesti áætlanir og ákvæðanir umdæmisráða. Á hverju svæði starfi þjóðgarðsverðir með umdæmisráðum og fari með daglegan rekstur. Forstjóri og eða stofnun sem fer með þjónustu/rekstur friðlýstra svæða fer svo með daglegan rekstur þjóðgarðsins í heild og vinnur eftir stefnumörkun, áætlunum og ákvörðunum umdæmisráða og stjórnar.

- Að þjóðgarðurinn verði sjálfstæð eining.
- Að þjóðgarðurinn skiptist í rekstrarsvæði þar sem umdæmisráð fari með svæðisbundna stefnumörkun, umsjón og rekstur.
- Að rekstrarsvæði verði sex og mörk svæðanna verði skilgreind út frá landfræðilegum forsendum, reynslu af samvinnu sveitarfélaga og aðkomu að hálendi Íslands.<sup>25</sup>
- Að fulltrúar sveitarfélaga í umdæmisráði komi úr hópi sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Eigi sama sveitarfélag fleiri en einn fulltrúa í umdæmisráði þarf einungis einn fulltrúi þess að koma úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.
- Að formenn umdæmisráða verði valdir úr hópi fulltrúa sveitarfélaga í ráðinu og sitji þeir einnig í stjórn þjóðgarðsins.
- Að í umdæmisráðum sitji einnig fulltrúar bænda/nytjaréttarhafa, útivistarsamtaka, umhverfisverndarsamtaka og ferðamálasamtaka á viðkomandi svæði.
- Að þjóðgarðsverðir stýri daglegum rekstri rekstrarsvæða og hafi skilgreind hlutverk í vinnu fyrir umdæmisráðin og með þeim.
- Að þjóðgarðurinn hafi stjórn sem samræmi og staðfesti stefnumörkun sem unnin er af umdæmisráðunum.
- Að meirihluti stjórnarmanna séu fulltrúar sveitarfélaga sem hafa sveitarfélagamörk upp á miðhálendið.

<sup>25</sup> Tillaga að útfærslu sex rekstrarsvæða er birt í kaflanum „Rekstrarsvæði og þjónusta“.

- Að í stjórn sitji fulltrúar bænda/nytjaréttarhafa, útivistarsamtaka, umhverfis-verndarsamtaka og ferðamálasamtaka.
- Að forstjóri og/eða þjónustustofnun fyrir þjóðgarða, framfylgi stefnu og áætlunum sem stjórn hefur samþykkt og fer með daglegan rekstur þjóðgarðsins í heild.

### **KAFLI III – STARFSEMI Í HÁLENDISÞJÓÐGARÐI, LANDNÝTING & ÞJÓNUSTA**

#### **Áherslur nefndar:**

#### **Hefðbundnar nytjar –**

- Að hefðbundnar nytjar geti þróast með eðlilegum hætti og um þær verði sérstaklega fjallað í lagatexta.
- Að sjálfbær\* búfjárbætur verði rétthöfum áfram heimil
- Að sjálfbær\* fuglaveiði verði rétthöfum áfram heimil
- Að sjálfbær\* hreindýraveiði verði rétthöfum áfram heimil
- Að sjálfbær\* veiði í ám og vötnum verði rétthöfum áfram heimil
- Að fjallað verði sérstaklega um umferð sem heimil er vegna slíkrar nýtingar í stjórnunar- og verndaráætlun, sem umdæmisráð vinnur.

\*Varðandi sjálfbærnimat þessara nytja verði miðað við gildandi löggjöf á viðkomandi sviði.

#### **Orkunýting –**

- Að heimilt verði að starfrækja innan Hálendisþjóðgarðs þær virkjanir og flutningsvirki raforku sem eru í rekstri við stofnun hans.
- Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði og flutningsvirki raforku innan þjóðgarðs.
- Að málefni orkunýtingar í þjóðgarði skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.
- Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.

#### **Þjónustumiðstöðvar –**

- Að stefnt verði að uppbyggingu og rekstri þjónustumiðstöðva á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins.
- Þjónustumiðstöðvar þjóðgarðsins verði miðaðar við ólíkar aðstæður og byggðar á sérkennum hvers svæðis.
- Viðameiri þjónusta/þjónustumiðstöðvar verði almennt við meginleiðir, í flestum tilvikum utan þjóðgarðsmarka á láglandi. Þessar viðameiri miðstöðvar verði hugsaðar sem starfsstöðvar þjóðgarðsins fyrir faglega starfsemi. Jafnframt verði gert ráð fyrir uppbyggingu atvinnulífs við þær með tilheyrandi samvinnu við sveitarfélög um skipulag slíkra svæða.

- Aðrar þjónustumiðstöðvar (minni) verði útfærðar með hliðsjón af þeim innviðum og meginleiðum sem þegar liggja fyrir við stofnun þjóðgarðsins, m.a. í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, félög og nytjaréttarhafa.
- Gert verði ráð fyrir fjölbreyttu formi við uppbyggingu þjónustumiðstöðva. Þannig verði hægt að byggja upp miðstöðvar á vegum og í eigu þjóðgarðsins líkt og tíðkast hefur með þjóðgarða á Íslandi til þessa. Einnig verði hægt að ganga til samninga við sveitarfélög eða aðra aðila um uppbyggingu og rekstur þjónustu miðstöðva, t.a.m. ef tækifæri eru fyrir hendi til að nýta hentugt húsnæði eða aðstöðu sem þegar er til staðar.
- Val á staðsetningu og útfærslu þjóðgarðsmiðstöðva fyrir hvert og eitt rekstrarsvæði verði í höndum umdæmisráða
- Mikilvægt að unnin verði raunhæf áætlun um uppbyggingu þjónustumiðstöðva og ekki verði tafir á uppbyggingu.
- Tryggt verði sérstaklega að miðstöðvar sem þegar hefur verið mörkuð stefna um að byggja upp í Vatnajökulsþjóðgarði verði kláraðar, þótt útfærsla og markmið taki breytingum m.t.t. markmiða með stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

## ÖNNUR ATRIÐI

Eftirfarandi atriði, sem kann að þurfa að útfæra með öðrum hætti í lagatexta, leggur nefndin einnig sérstaka áherslu á. Lagt er til að þessum atriðum verði gerð skil t.a.m. í reglugerð, lögskýringartexta eða með öðrum sambærilegum hætti verði þau ekki í lagatexta.

### Tekjur sveitarfélaga á þjóðlendum:

- Nefndin leggur áherslu á að engar breytingar verði á tekjum sveitarfélaga af mannvirkjum innan þjóðgarðs.
- Tekjur af útgáfu leyfa til nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðgarðs skuli varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðgarðsins.

### Samstarfssamningar

- Mikilvægt er að viðhalda ábyrgð og frumkvæði heimamanna gagnvart landsvæðinu. Eitt af markmiðum með friðlýsingu Hálendisþjóðgarðs verði að stuðla að samvinnu og samstarfi við starf félaga og sjálfboðaliða um málefni landsvæðisins. Áratuga hefð er fyrir starfrækslu félaga og sjálfboðaliðastarfi, m.a. í tengslum við nýtingu hálendisins, merkingar, uppgræðslu og endurheimt vistkerfa. Afar mikilvægt er að þetta starf dafni áfram.
- Strax í upphafi verði komið á samstarfi milli aðila sem starfa innan þjóðgarðsmarka og þjóðgarðsins í gegnum samstarfssamninga.
  - Þar verði m.a. horft þess frá upphafi að gera samstarfssamninga um þjónustu fyrir þjóðgarð við ýmis félög sem starfa eða eru með þjónustu á miðhálandinu, t.a.m. við bændur og landeigendur nærliggjandi jarða, nytjaréttarhafa og rekstraraðila sem hafa starfsemi innan þjóðgarðsins eða við mörk hans.

### Rekstrarsvæði

Nefndin leggur til sex rekstrarsvæði. Skipting þeirra miðist við landfræðilegar forsendur, reynslu af samvinnu nærliggjandi samfélaga og aðkomu að miðhálandi Íslands.



- Vestur: Borgarbyggð
- Norðvestur: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Skagafjörður og Akrahreppur
- Norðaustur: Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur og Norðurþing
- Austur: Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur
- Suðaustur: Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur
- Suðvestur: Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð

# Samantekt

## Vinna nefndarinnar

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands hefur með skýrslu þessari lokið því verkefni sem henni var falið. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt erindisbréfi var í meginatriðum að útfæra þjóðgarð á miðhálandi Íslands, þ.m.t. að skilgreina mörk, leggja línur um fyrirkomulag og áherslur sem leggja mætti til grundvallar í lagafrumvarpi um þjóðgarðinn. Nefndin hefur starfað frá vori 2018 og lýkur verkefni sínu í desember 2019.

## Ólík sjónarmið og samráð

Vinna nefndarinnar hefur farið fram í miklu samráði við hagaðila og á þverpólitískum forsendum. Haldnir hafa verið yfir fjölmargir samráðsfundir víðs vegar um land með þeim 24 sveitarfélögum sem eiga aðkomu að miðhálandi Íslands og jafnframt opnir kynningarfundir víða um land fyrir almenning og hagaðila. Lögð hefur verið mikil áhersla á að mæta ólíkum sjónarmiðum sem fram hafa komið í ferlinu, bæði innan nefndarinnar og frá fjölmörgum aðilum sem lagt hafa hönd á plóg í viðtæku samráðsferli verkefnisins. Niðurstöður nefndarinnar, sem kynntar eru í þessari skýrslu, eru á fyrrgreindum forsendum sameiginleg sýn hinnar þverpólitísku nefndar á meginatriði þess hvernig haga skal stofnun og rekstri þjóðgarðs innan miðhálandis Íslands.

## Helstu áhersluatriði

Nefndin gerir í skýrslu sinni tillögur um helstu atriði við útfærslu fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Í kafla hér að framan um áherslur fyrir lagafrumvarp hafa verið dregin saman helstu efnisatriði og meginniðurstöður nefndarinnar settar fram með einföldum hætti sem forsendur fyrir gerð lagafrumvarps.<sup>26</sup> Skýrsla þessi dregur upp mynd af Hálendisþjóðgarði sem víðáttumiklum þjóðgarði sem stofnaður verði með sérlögum og byggji á landsvæði í sameign þjóðarinnar, þ.e. þjóðlendum og friðlýstum svæðum innan miðhálandisins. Hugmyndir nefndarinnar ganga út frá víðtæku samráði og dreifðri stjórnun þar sem bein aðkoma sveitarfélaga og helstu hagaðila er aukin frá því sem þekkt hefur í stjórnsýslu friðlýstra svæða til þessa, samhliða því að hlutverk aðila í stjórnkerfinu verði skýrari og betur afmörkuð en verið hefur. Nefndin gengur út frá því að Hálendisþjóðgarði verði skipt í nokkur rekstrarsvæði þar sem starfrækt verði svæðisbundin ráð með allmikil völd. Úti á þessum starfssvæðum þjóðgarðsins verði byggðir upp innviðir fyrir starfsemi þjóðgarðsins, þar með taldir vinnustaðir og miðstöðvar. Yfir þjóðgarðinum verður sjálfstæð stjórn. Það er einn meginútgangspunktur nefndarinnar að Hálendisþjóðgarðurinn efli og styðji við sjálfbæra hefðbundna nýtingu hálandisins um leið og hann grundvallist á sáttmála um að standa vörð um þær merku minjar í náttúrufari og menningu sem einkenna miðhálandi Íslands.

## Næstu skref

Nefndin hefur fjallað um einstaka verkþætti samkvæmt erindisbréfi í skýrslunni eins og sjá má. Meðal þessara verkefna nefndarinnar var að undirbyggja lagafrumvarp um þjóðgarðinn. Nefndin hefur í vinnu sinni gert ráð fyrir að setja þurfi sérlög um þjóðgarð á miðhálandinu. Í vinnu nefndarinnar var haft samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um þennan verkþátt og meðal annars leitað lögfræðiráðgjafar um útfærslu hugmynda nefndarinnar í slíkum sérlögum. Fyrirhugað lagafrumvarp og nánari útfærsla verkefnisins í þeirri málsmeðferð mun hins vegar eðli máls samkvæmt verða til umfjöllunar á öðrum vettvangi en hjá hinni þverpólitísku nefnd, þ.e. á vegum ráðherra, ríkistjórnar og Alþingis. Skýrsla nefndarinnar mun liggja til grundvallar en málsmeðferð

---

<sup>26</sup> Sjá kafla að framan með samantekt helstu efnisatriða nefndarinnar: „Áherslur fyrir lagafrumvarp“.

frumvarps útheimtir frekara samráð, sem og nákvæmari útfærslu á einstökum þáttum sem nefndin hefur fjallað um.

Nefndin telur nauðsynlegt að við málsmeðferð á næstu stigum verkefnisins, við undirbúning lagafrumvarps, verði gerð ítarlegri greining á fjármagnspörf þjóðgarðsins við stofnun hans og við upphaf rekstrar með hliðsjón af þeim áherslum sem nefndin hefur fjallað um í skýrslunni. Einnig telur nefndin mikilvægt að við útfærslu þjóðgarðsins í lagafrumvarpi verði hugað að því að stjórnkerfi þjóðgarðsins muni geta hafið vinnu, og eftir atvikum lokið, við þær stefnumarkandi áætlanir sem nauðsynlegar eru áður en rekstur hins nýja þjóðgarðs hefst. Þá telur nefndin mikilvægt að við stofnun Hálendisþjóðgarðs verði strax í byrjun hugað að rannsóknum og gagnaöflun, t.d. vöktun á umferð og náttúrulegri framvindu, til að meta árangur af stofnun og rekstri þjóðgarðsins.

Nefndin vill færa öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við verkefnið þakkir. Bæði starfsfólki, sérfræðingum og ráðgjöfum, en ekki síður öllum þeim fjölmörgu aðilum um land allt sem tekið hafa þátt í samráðsferlinu með athugasemdum og ábendingum á öllum stigum. Það er von nefndarinnar að vinna þessi geti lagt grunn að ákvörðunum sem verði til farsældar fyrir þjóðina.

# Viðauki I: Athugasemdir og úrvinnsla

Alls bárust 122 umsagnir um verkefni nefndarinnar í gegnum samráðsgátt stjórnvalda. Í töflunum hér að neðan má finna yfirlit yfir samantekt á helstu atriðum sem fram komu í umsögnunum.

Umsagnirnar í heild sinni má finna á opinni síðu nefndarinnar <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/thiodgardar-og-fridlyst-svaedi/nefnd-um-stofnun-midhalendisthiodgards/>

## VERKEFNI 1-2

<b>Athugasemdir við verkefni 1-2</b>	<b>Tækifæri með stofnun þjóðgarðs/Áherslur í atvinnustefnu</b>
<b>ATHUGASEMDIR</b>	
<b>Aðra áætlanir yfirvalda</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Landsvirkjun, Orkustofnun, Fannborg, Samorka.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Spurt um samspil þessa verkefnis við aðrar áætlanir yfirvalda.
	<b>Svar:</b> Sjá síðustu málsgrein í kaflanum <i>Um verkefni nefndar</i> .
<b>Aðrir þjóðgarðar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Sveitarfélagið Hornafjörður
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægt er að tryggja þjóðgörðum sem fyrir eru í landinu rekstrargrundvöll áður en lögð er áhersla á að stofna nýja þjóðgarða.
	<b>Svar:</b> Umfjöllun tengda athugasemd má finna í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs</i> .
<b>Áherslur í atvinnustefnu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Náttúrufræðistofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Í kafla um áherslur í atvinnustefnu er ekki minnst á öflun gagna, rannsóknir og vöktun.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Miðlun og fræðsla</i> .
<b>Lög um mat á umhverfisáhrifum</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Fannborg
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Í texta um <i>Þjónustu kemur fram að</i> „Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þarf, ef vel á að vera, að fylgja aukið þjónustustig á svæðinu.“ Veltir Fannborg fyrir sér hvort felist áform um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, í þá veru að milda ákvæði viðauka 2 við lög nr. 107/200, til dæmis að uppbygging smærri þjónustumiðstöðva verði ekki tilkynningarskyld.
	<b>Svar:</b> Í texta felast ekki áform um breytingar á umræddum lögum.
<b>Efling byggða</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Sveitarfélagið Skagafjörður
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Líta skal til þess að störf sem verða til við nýjan þjóðgarð verði að lágmarki störf án staðsetningar með það að markmiði að efla atvinnu á landsbyggðinni.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Byggðapróun</i> .
<b>Endurnýjanleg orka</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landsvirkjun, Orkustofnun, Samtök atvinnulífsins/lönaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fannborg, Samorka.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægt að hægt verði að framleiða endurnýjanlega orku.
	<b>Svar:</b> Nefnd leggur áherslu á að fram komi í lagafrumvarpi að heimilt verði að starfrækja innan þjóðgarðs þær virkjanir sem eru í rekstri við stofnun hans. Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs. Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.

<b>Endurskoðun friðlýsingarákvæða á þegar friðlýstum svæðum</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skotvís
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Spurt hvort friðlýsingarákvæði svæða sem þegar eru friðlýst á miðhálandinu verði endurskoðuð af nefnd.
	<b>Svar:</b> Umfjöllun má finna í kaflanum <i>Áherslur verndarflokkar: Megintillaga nefndar</i>
<b>Endurskoðun náttúruverndarlaga</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Samband íslenskra sveitarfélaga
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Nefnt hvort að tilefni geti verið til að ræða hvort æskilegt sé að endurskoða ákvæði náttúruverndarlaga til að skapa meiri sveigjanleika í atvinnustarfsemi og nýtingu auðlinda, þar sem við getur átt að heimila slíka nýtingu, í tengslum við frekari vinnu nefndar um stofnun Hálendisþjóðgarðs
	<b>Svar:</b> Nefndin hefur ekki umboð til að vinna að endurskoðun laganna m.t.t. þess sem nefnt er í athugasemd. Hins vegar leggur nefndin áherslu á að í lögum um Hálendisþjóðgarð verði tekið tilliti til sveigjanleika í atvinnustarfsemi og nýtingu auðlinda (sjá t.d. svar að ofan við athugasemd um endurnýjanlega orku).
<b>Ferðabjónusta</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Samtök fyrirtækja í ferðabjónustu, Náttúrufræðistofnun, Fannborg, Ferðaklúbburinn 4x4, Bláskógabyggð, sameiginleg umsögn Snorra Ingimarssonar, Sunnu Guðlaugsdóttur, Atla Karls Ingimarssonar, Arnar Ingva Jónssonar, Aldísa Ingimarsdóttur, Þorvarðar Hjálta Magnússonar og Sigurbórs Magga Snorrasonar, Útivist.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Að vernd náttúru líði ekki fyrir ferðabjónustu á svæðinu b) að fjallað sé sérstaklega um aðkomu rekstraraðila á miðhálandinu c) skýrari texta þurfi um útivist og ferðabjónustu þar sem fjallað er um þann möguleika að þjóðgarður geti laða til sín ferðamenn sem skilja eftir sig minna kolefnisspor en aðrir ferðamenn d) að ferðabjónustan eigi rödd við borðið við gerð samninga og við gerð stjórnunar- og verndaráætlana e) að þjónusta við ferðamanna megi ekki verða til þess að spilla því sem í raun er aðal aðdráttarafli miðhálandisins sem er mögnuð náttúra þar sem einfaldir innviðir eru til staðar.
	<b>Svar:</b> a) Sjá umfjöllun um áherslur nefndar varðandi markmið laga um Hálendisþjóðgarð í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp</i> b) Rekstraraðilum hefur verið bætt við í upptalningu um samstarfsaðila í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Önnur atriði til viðbótar-Samstarfssamningar</i> c) Tekið er undir að setningin sé ekki nógu skýr og hún lagfærð í texta til frekari útskýringar d) Eitt áhersluatriði nefndar er að fulltrúar ferðabjónustu auk annarra hagaðila sitji í stjórn og umdæmisráðum Hálendisþjóðgarðs e) Sjá umfjöllun um áherslur nefndar varðandi markmið laga um Hálendisþjóðgarð í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp</i> .
<b>Fjármagn</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Bændasamtökin, Bláskógabyggð.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Bent á að kostnaður verði gífurlegur b) Bent er á að fjármögnun náttúruverndar hafi ekki verið mikil og að ekkert hafi komið fram sem tryggi aukið fjármagn núna
	<b>Svar:</b> Nefndin hafði ekki sett fram texta um fjármögnun þjóðgarðs þegar umræddar athugasemdir bárust. Umfjöllun um fjármögnun þjóðgarðs var tekin fyrir síðar í ferlinu og sjá má þá umfjöllun í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs</i> .
<b>Fjölbreytt nýting náttúrugæða</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Samtök atvinnulífsins/iðnaðarins
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægi þess að hægt verði að stunda fjölbreytta nýtingu náttúruauðlinda.
	<b>Svar:</b> Nefndin bendir á umfjöllun sína í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarpi</i> þar sem m.a. er fjallað um hefðbundnar nytjar og orkunýtingu í Hálendisþjóðgarði.
<b>Greiningu á ferðamennsku og upplifun/þolmörkum</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Umhverfisstofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Bent á að greina þurfi hvers konar ferðamennsku og upplifun sóst er eftir á svæðinu.

	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Byggðapróun og atvinnulíf-Innviðir</i> .
<b>Hefðbundnar nytjar</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Bændasamtökin, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægt að nytjaréttur haldist óbreyttur.
	<b>Svar:</b> Nefndin bendir á umfjöllun sína í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarpi þar sem m.a. er fjallað um mikilvægi þess að hefðbundnar nytjar verði áfram tryggðar</i> .
<b>Landvarsla</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Umhverfisstofnun.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Um mikilvægi þess að landvarsla verði byggð upp og að uppbygging á undirstöðu innviðum, s.s. salernum komi til skoðunar strax en ekki á síðari stigum.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs-Fjármagnspörf Hálendisþjóðgarðs</i> .
<b>Mannvirkjagerð/innviðir</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Veðurstofan, Grímsnes- og Grafningshreppur, Landsvirkjun, Vegagerðin, Umhverfisstofnun, Fannborg, Útivist, 4x4, Minjastofnun, Samorka.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Með aukinni viðveru fólks og uppbyggingu innviða eykst tjónnæmi svæðisins og er því nauðsynlegt að framkvæma hættumat fyrir það til að átta sig á umfangi náttúruváratburða og hvaða mildunaraðgerðir eru tiltækar til að lágmarka áhrif þeirra. Þetta er mikilvægt að gera áður en teknar eru ákvarðanir um uppbygginguna b) Mikilvægt að mannvirkjagerð verði haldið í lágmarki svo tryggt sé að óbyggð víðerni á miðhálandinu skerðist ekki c) Mikilvægt að samgöngumannvirki á hálandinu veðri í sátt við umhverfið og að nýir eða endurbyggðir vegir falli vel að landi frekar en að vegalengdir verði styttrar. Að sama skapi er mikilvægt að hafa í huga kröfu um jöfn réttindi allra að samfélaginu d) Að rekstur orkumannvirkja, viðhaldsframkvæmdir og endurbætur verði hægt að reka með skilvirkum hætti e) Að uppbygging innviða komi til skoðunar strax á fyrstu stigum f) Að textinn „Miðhálandið er hins vegar mjög viðkvæm auðlind og því þyrfti að huga vel að því að öll innviðagerð í þágu útivistar, ferðaþjónustu og samgangna sé talin ásættanleg og að leitast verði eftir því að ná sem mestu jafnvægi milli hennar og verndunar náttúru- og menningarminja.“ sé ósamræmi við eigendastefnu FOR, en þar segir að halda skuli innviðagerð í lágmarki g) Mikilvægi þess að innviðir á miðhálandinu verði áfram einfaldir því það sé hluti af upplifuninni h) að í texta um verkefni 1-2 er nánast ekkert fjallað um mögulega auðlindanýtingu og innviðauppbyggingu fyrir orkuframleiðslu og flutning i) Í kafla um Auðlindir og uppbyggingu þurfi að skýra nánar hvaða byggingarefni sé verið að tala um.
	<b>Svar:</b> a) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Áherslur í atvinnustefnu-Öryggi og gæði</i> b) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Byggðapróun og atvinnulíf-Innviðir</i> c) Sjá umfjöllun í sama kafla d) Nefnd leggur áherslu á að fram komi í lagafrumvarpi að heimilt verði að starfrækja innan þjóðgarðs þær virkjanir sem eru í rekstri við stofnun hans. Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs. Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu e) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs-Fjármagnspörf Hálendisþjóðgarðs</i> f) Ekki verður sé að textinn sem bent er á sé í ósamræmi við texta eigendastefnu FOR um innviðagerð g) Bent er á umfjöllun um auðlindanýtingu og innviðauppbyggingu fyrir orkuframleiðslu og flutning í kaflanum <i>Áherslur nefndar-Orkunýting</i> i) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Auðlindir og uppbygging</i> .
<b>Menningararfur</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Í kaflanum um <i>Vörur</i> eru miklir möguleikar í auðkenningu á vörum með tilvísun í hinn hefðbundna menningararf, t.d. Hreindýrahorn og skinn, þar sem lífrænt efni af svæðinu eru nýtt á umhverfisvænan máta.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Vörur</i> .
<b>Menningarminjar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Bent á að menningarminjar hafi ekki verið nefndar í texta nefndar.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemdum og menningarminjar nefndar í kaflanum <i>Byggðapróun og atvinnulíf</i> .
<b>Menningartengd ferðamennska</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Vantar að minnst sé á menningartengda ferðamennsku.

	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Útivist og ferðapjónusta</i> .
<b>Lög um menningarminjar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Bent á að um menningarminjar gilda önnur lög en um náttúruverðmæti.
	<b>Svar:</b> Í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð verður tekið fram að menningarminjar séu á forræði Minjastofnunar.
<b>Náttúruvá og aðgerðir</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Veðurstofan
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Bent á að nefna þurfi náttúruvá í texta nefndar.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Öryggi og gæði</i> .
<b>Núverandi orkuvinnslusvæði</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Landsvirkjun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins/líðnaðarins, Fannborg, Samorka.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Gera þarf ráð fyrir og tryggja að starfsemi á svæðunum geti haldið áfram og þróast.
	<b>Svar:</b> Nefnd leggur áherslu á að fram komi í lagafrumvarpi að heimilt verði að starfrækja innan þjóðgarðs þær virkjanir sem eru í rekstri við stofnun hans. Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs. Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.
<b>Rekstur og viðhald vega/vegakerfið</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Vegagerðin, 4x4.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Bendir á mikilvægi þjónustu, reksturs og viðhalds vega b) Bent á að frumstætt vegakerfi (vegslóðar) fellur vel að umhverfinu og spillir ekki upplifun þeirra sem sækja inn á hálendið til að upplifa hið ósnortna. Jafnframt falli þessir innviðir vel að þeirri náttúruvernd sem er aðalmarkmið þjóðgarða.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun í kaflanum <i>Samgöngur á hálendinu</i> .
<b>Samráð</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Bændasamtökin, Landsvirkjun, Samtök fyrirtækja í ferðapjónustu (SAF), Vegagerðin, 4x4, Bláskógabyggð, Útivist, Minjastofnun.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Lagt áherslu á að allt skipulag verði ekki fært á eina hendi, þ.e. ríkið b) Skýr atvinnustefna þurfi að liggja fyrir og að hún skuli unnin í samráði við hagsmunaaðila c) mikilvægt að ferðapjónustan eigi rödd við það borðið d) óskað eftir nánú samráði um skipulag þjóðvega á miðhálendinu e) aðgengi útivistarfélaga að aðalstjórn og svæðisráðum tryggt f) þurfi að vera fyrirfram ljóst hver aðkoma sveitarfélaga er að stýringu og vernd og tryggt að samráð verði haft við þau g) lögð sérstök áhersla á mikilvægi samráðs við njótendur og notendur hálendisins, útivistarfólk, bændur og ferðapjónustu h) athafnir sem geta haft áhrif á menningarminjar þarf að skipuleggja í samráði við Minjastofnun Íslands og fylgja í því ferli minjalögum.
	<b>Svar:</b> a) Sjá tillögur nefndar um valdreifingu stjórnar í kaflanum <i>Áherslur í frumvarpi-stjórn og umdæmisráð</i> b) Sjá kaflann <i>Áherslur í atvinnustefnu</i> c) Sjá kaflann um <i>Áherslur í frumvarpi-stjórn og umdæmisráð</i> d) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Samgöngur á miðhálendinu</i> e) Sjá kaflann um <i>Áherslur í frumvarpi-stjórn og umdæmisráð</i> f) Sjá kaflann um <i>Áherslur í frumvarpi-stjórn og umdæmisráð</i> g) Sjá kaflann um <i>Áherslur í frumvarpi-stjórn og umdæmisráð</i> h) Í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð verður tekið fram að menningarminjar séu á forræði Minjastofnunar.
<b>Samvinnu þjóðgarðs og rekstraraðila/einkaaðila</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Bændasamtökin, Fannborg.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) skilgreina þurfi hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttað b) Það þurfi að skýra nánar hvaða umgjörð væri utan um slíka samvinnu; fjárhagslegur hvati, möguleiki til stýringar í kjölfarið, o.fl.

	<b>Svar:</b> Nefnd tekur undir þessar athugasemdir og leggur áherslu á þær í skýrslu, m.a. í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Samstarfssamningar</i> . Jafnframt gerir nefndin ráð fyrir að slíkar skilgreiningar eiga sér stað við gerð samninga.
<b>Sauðfjárframleiðsla</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Fjallskilanevnd Biskupstungna.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Bent á að öll sauðfjárframleiðsla í landinu sé ekki gæðastýrð samkvæmt reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Byggðapróun og atvinnulíf-Vörur</i> .
<b>Sjálfböðavinnu</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Bændasamtökin, Bláskógabyggð.
	<b>Samantektathugasemda:</b> a) lögð áhersla á að hálendismálum sé best sinnt af staðkunnugum heimamönnum og að mikilvægt að þessum málum verði áfram sinnt þar b) telja að óvíst verði um ýmsa sjálfböðaliðavinnu sem hefur verið stunduð undir því verklagi ef svæðinu verði komið undir stjórn þjóðgarðs og miðlægðrar ríkisstofnunar.
	<b>Svar:</b> a) Nefnd tekur undir þessar athugasemdir leggur áherslu á þær í skýrslu, m.a. í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Samstarfssamningar</i> b) Ekki er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn verði miðlæg ríkisstofnun. Gert er ráð fyrir að stjórn þjóðgarðsins verði í höndum umdæmisráða og stjórnar þar sem sveitarstjórnarfulltrúar sitja í meirihluta. Sjá m.a. í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Stjórn og umdæmisráð</i> .
<b>Skipulagshlutverk sveitarfélaga</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Fljótisdalshreppur, Bláskógabyggð.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Áhersla á að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert b) lögð áhersla á að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert og ekki verði farið í verkefnið án samþykkis sveitarfélaga c) lögð áhersla á mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert á því svæði sem um ræðir d) mikilvægt að skipulagshlutverk sveitarfélagsins verði ekki skert.
	<b>Svar:</b> Tilkoma Hálendisþjóðgarðs á þessu svæði tekur ekki skipulagshlutverk af sveitarfélögum, en þau munu áfram sinna lögbundnum hlutverkum, s.s. við aðalskipulags- og deiliskipulagsáætlanir innan marka þjóðgarðs, sem markast af þjóðlendum miðhálendisins. Innan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi sveitarfélaga út fyrir sveitarfélagamörk. Fyrirkomulagið verður á þann veg að innan rekstrarsvæða þjóðgarðsins verða umdæmisráð, þar sem sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru innan rekstrarsvæðis, og munu þessi ráð hafa umsjón með stjórnar- og verndaráætlun fyrir hvert rekstrarsvæði. Stjórnar- og verndaráætlun gegnir meginhlutverki í stefnumörkun landnýtingar og er gert ráð skipulagsáætlanir falli að henni. Á stórum hluta svæðisins sem um ræðir er töluverð reynsla af áþekku fyrirkomulagi, þ.e. innan núverandi Vatnajökulsþjóðgarðs. Auk þess sem að framan er rakið um aðkomu sveitarfélaga og skipulagshlutverk, mun stjórn þjóðgarðsins, sem staðfestir allar áætlanir og stefnumörkun, verða samsett af fulltrúum sveitarfélaga að meirihluta. Bera má þetta fyrirkomulag saman við samstarf sveitarfélaga í svæðisskipulagsáætlunum, þar sem komið er á formlegu samstarfi um meginlínur landnýtingar á tilteknu landsvæði í samstarfi hlutaðeigandi sveitarfélaga.
<b>Skrifræði</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Fjallskilanevnd Biskupstungna.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Áhyggjur af auknu skrifræði og kostnaði sem því fylgir, t.d. vegna vottana og lengri boðleiða vegna minni framkvæmda.
	<b>Svar:</b> Hálendisþjóðgarður er áformaður á þjóðlendum miðhálendisins, sem er landsvæði þar sem gilda sérstök lög (58/1998) sem ná til leyfisveitinga og annarra slíkra þátta. Gert er ráð fyrir því að með tilkomu þjóðgarðsins skapist tækifæri til að samræma málsmeðferð sambærilegra mála á hinu stóra svæði á miðhálendinu. Ástæða er til að ætla að boðleiðir vegna minni framkvæmda á umræddum þjóðlendum miðhálendis muni skýrast frekar en hitt með tilkomu stjórnkerfis þjóðgarðsins.
<b>Stofnvegi</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Vegagerðin, Fannborg.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Telur nauðsynlegt að gert sé ráð fyrir að a.m.k. stofnvegir verði með bundnu slitlagi og að hönnun miði við að leyfilegur hámarkshraði verði á bilinu 70- 90 km/klst. og að vegbreidd heppileg fyrir umferð langferðabíla, sennilega 8m.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun um vegi í <i>Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun- Samgöngur á miðhálendinu</i> .



<b>Svæðaskiptingu</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Umhverfisstofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Nauðsynlegt að skipuleggja mismunandi svæði miðhálandisins og ferðamennsku á þeim m.t.t. til þolmarka og skipuleggja stýringu á umferð í samræmi við það.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun í <i>Áherslur: Verndarflokkar</i> .
<b>Takmörkuð gæði</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> 4x4, sameiginleg umsögn Snorra Ingimarssonar o.fl.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Vantar meiri umræðu um hvernig fyrirhugað er að deila út takmörkuðum gæðum meðal þeirra sem vilja stunda atvinnustarfsemi í fyrirhuguðum þjóðgarði.
	<b>Svar:</b> Sjá kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Stjórnskipan</i> .
<b>Vottanir</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> SAF, Fannborg.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Fagna hugmyndum um að gerðar séu kröfur um „vottanir“ varðandi gæða- og umhverfismál b) telja vottanir geta verið íþyngjandi og jafnvel óraunsæ krafa c)
	<b>Svar:</b> a) - b) Hugmyndum um vottanir enn haldið á lofti en komnir inn fyrirvarar vegna athugasemda um möguleg íþyngjandi áhrif þeirra. Sjá kaflann <i>Áherslur í atvinnustefnu- Öryggi og gæði</i> .
<b>Þekkingargrunnur</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Náttúrufræðistofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægi þekkingar í samræmdu valddreifðu verklagi.
	<b>Svar:</b> Sjá viðbót í kaflanum <i>Byggðapróun og atvinnulíf-Samræmt valddreift verklag</i>
<b>Þjónustustig</b>	<b>Umsagnaraðilar:</b> Fannborg, Útivist.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Í texta um Þjónustu „Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þarf, ef vel á að vera, að fylgja aukið þjónustustig á svæðinu.“ Veltir Fannborg fyrir sér hvort felist áform um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, í þá veru að milda ákvæði viðauka 2 við lög nr. 107/200, til dæmis að uppbygging smærri þjónustumiðstöðva verði ekki tilkynningarskyld b) bendir á að í kafla um þjónustu komi fram að þjóðgarði fylgi aukið þjónustustig og því muni fylgja aukinn straumur og kröfur ferðamanna. Útivist telur rétt að staldra við og benda á að gildi hálandisins fyrir útivistarfólk og þá ferðamenn sem sækja það í dag liggur ekki síst í þeim einföldu innviðum sem þar eru.
	<b>Svar:</b> a) Sjá svar ofar í þessu skjali við Lög um mat á umhverfisáhrifum b) Sjá svar ofar í þessu skjali við Ferðaþjónusta.

### VERKEFNI 3

<b>Athugasemdir við verkefni 3</b>	<b>Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun</b>
<b>ATHUGASEMDIR</b>	
<b>Aðgengi</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Kjartan Magnússon, Páll Ásgeir Ásgeirsson, Jón Guðmundur Guðmundsson, Minjastofnun, Eldvötn, Landsnet, SAF, Landvernd, Fannborg.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Má ekki leiða til skerts aðgengis eftir ferðamáta b) Getur verið nauðsynlegt að skerða aðgengi vegna viðkvæmrar náttúru c) Rökstyðja þarf skert aðgengi ef til þess kemur, sveitarfélög geti ekki hindrað not og ferðafrelsi allrar þjóðarinnar d) Bæta þurfi við rétti til menningar og minjafræðslu e) bent á að malarvegir og óbrúaðar ár eru ekki aðeins hluti eftirsóknarverðrar, fágætrar upplifunar, heldur einnig leið til stýringar ferðamanna og þannig náttúruvernd í sjálfu sér. Varað við því að gera vegi um Hálendisþjóðgarð fólksbílafæra með þeim umferðarþunga og mannmergð sem fylgir, en nýta heldur atvinnutækifærið sem í því felst að bjóða upp á skipulagðar gæðaferðir um svæðið f) Tryggt aðgengi að flutningsmannvirkjum nauðsynlegt g) Að ferðamenn njóti almennaréttar til aðgengis að landinu til jafns við aðra h) Getur verið nauðsynlegt að skerða aðgengi vegna viðkvæmrar náttúru i) Eðlilegt væri að vitna í og samræma atvinnustefnu við ákvæði landsskipulagsstefnu um samgöngukerfið, til dæmis um opnun stofnvega.

	<p><b>Svar:</b> a) Nefnd tekur undir það og bendir kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið laga</i>. Þá bendir nefnd á að almennt á við að skv. lögum um náttúruvernd getur þurft að takmarka aðgengi að svæðum ef þau liggja undir skemmdum b) Sjá svar við a-lið c) Sjá svar við lið a-lið. Varðandi hlutverk sveitarfélaga þá er gert ráð fyrir að þau sitji í umdæmisráðum ásamt m.a. fulltrúum útivistarsamtaka. Þar er m.a. teknar ákvarðanir um aðgengi að svæðum út frá náttúruvernd, útivist, ferðapjónustu o.fl. d) Sjá texta í kaflanum <i>Aðgengi og almannaréttur</i> e) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Innviðir</i> (umfjöllun um vernd víðerna og mannvirkjagerð) f) Sjá kaflanna <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i> g) Almennigur er hugtak sem tekur til alls fólks h) Sjá svar við a)-lið i) Sjá viðbót um landsskipulagsstefnu í kaflanum <i>Áherslur í stjórnumar- og verndaráætlun-Samgöngur á miðhálandinu</i>.</p>
<b>Aðrir þjóðgarðar</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Bændasamtökin/Landssamband kúabænda, Sveitarfélagið Skagafjörður</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Taka þarf saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig.</p>
	<p><b>Svar:</b> Sjá kaflann <i>Verkefni nefndar</i>. Einnig má benda á nýlega skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagræn áhrif friðlýstra svæða á Íslandi sem og nýttkomna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Náttúruvernd og eflingu byggða. <b>Sjá tengil hér að neðan:</b></p>
	<p><a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ca602df4-044e-11e9-942f-005056bc4d74">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ca602df4-044e-11e9-942f-005056bc4d74</a></p>
<b>Almannaréttur</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Skotvís, Páll Ásgeir Ágeirsson, Jón Guðmundur Guðmundsson, SAF, Landvernd</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) að tryggja í lögum um þjóðgarðinn að veiðistjórnun lúti almennum ákvæðum laga um vernd friðun og veiðar. Umferðarréttur og almannaréttur sé tryggður b) þjóðgarður stofnaður með hagsmunum náttúruverndar að leiðarljósi og starf slíks þjóðgarðs hlýtur því að vera að vernda með eðlilegum ráðum þá náttúru sem garðurinn er stofnaður til að vernda c) Að breytingar á almannarétti verði rökstuddar d) að ferðamenn njóti almannaréttar til aðgengis til jafns við aðra e) Óhjákvæmilegt að breytingar á aðgengi/almannarétti geti átt sér stað eftir aðstæðum hverju sinni háð verndargildi þeirra svæða sem um ræðir.</p>
	<p><b>Svar:</b> a) Nefnd tekur undir þetta og bendir á umfjöllun í köflunum <i>Áherslur í stjórnumar- og verndaráætlun-Nytjaréttur á hálendin og Áherslur í lagafrumvarp b)-c)</i> Sjá svör við athugasemdum um <i>Aðgengi d) Sjá svör í g-lið um Aðgengi e) Sjá svör við athugasemdum um Aðgengi</i>.</p>
<b>Eignir innan þjóðgarðs</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Bláskógabyggð</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b>Bent á að á svæðinu eru umtalsverðar eignir sveitarfélaga, veiðifélaga og annarra aðila. Mikilvægt er að skýrt sé hvernig farið verði með þessar eignir við stofnun þjóðgarðsins, svo sem hvort aðrar málsmeðferðarreglur verða en þær sem nú er unnið eftir á grundvelli laga um þjóðlendur. Verða þessar eignir, t.d. andlag eignarnáms?</p>
	<p><b>Svar:</b> Nei eignirnar verða ekki andlag eignarnáms. Sjá einnig umfjöllun um tekjur sveitarfélaga í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Önnur atriði til viðbótar</i>.</p>
<b>Ferðafrelsi</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Aldís Ingimarsdóttir, Kjartan Magnússon, Jón Guðmundur Guðmundsson</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Áréttað er mikilvægi ferðafrelsis og aðgengis.</p>
	<p><b>Svar:</b> Nefnd tekur undir þessar athugasemdir og vísar í texta sinn um þessi atriði.</p>
<b>Fjármagn</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Jón G Guðmundsson, Skagafjörður, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Bláskógabyggð, Bændasamtökin/Landssamband kúabænda</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) Fjármagn virðist ekki tryggt b) Fjármagn þarf að fylgja stofnun þjóðgarðs c) Ekki liggur fyrir hvernig þjóðgarður verður fjármagnaður d) mörg stór verkefni sem útheimta mikið fjármagn bíða framkvæmda í þjóðgörðum landsins e) tryggja þarf fjármagn til slíkra nauðsynlegra grunnþátta f) stofnun og rekstur þjóðgarðs kalli á mikið fjármagn ef vel á að standa að málum varðandi uppbyggingu innviða og fleira. Þjóðgarði þurfi að fylgja fjármagn</p>
	<p><b>Svar:</b> Sjá má umfjöllun nefndar í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs</i>.</p>
<b>Flutningsmannvirki (raforka)</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Landsnet</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægt er að í stjórnumar- og verndaráætlun sé tryggt greitt aðgengi að slíkum grunninnviðum hvað varðar viðhald, viðgerðir og uppfærslur.</p>
	<p><b>Svar:</b> Sjá kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i>.</p>

<b>Hefðbundnar nytjar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> a) Landsamtök Sauðfjábænda b) Skagafjörður c) Bláskógabyggð d) Bændasamtökin/Lands samband kúabænda e) Landvernd f) Páll Ásgeir Ásgeirsson g) Náttúruverndarsamtök Íslands h) Landsvirkjun j) 4x4.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) - d) Tryggja ber hefðbundnar nytjar í þjóðgarðinum e) á tilteknum svæðum á hálendinu hefur fram til þessa verið stundaður upprekstur og beit sem ekki getur talist sjálfbær og á því hljóta að verða breytingar f) nefndin virðist telja brýnt að tilkoma þjóðgarðs skerði ekki sjálfbærar hefðbundnar nytjar s.s. beitarnýtingu og veiði. Þarna er orðið sjálfbært í lykilhlotverki. Varla verður deilt um að á tilteknum svæðum á hálendinu hefur fram til þessa verið stundaður upprekstur og beit sem ekki getur talist sjálfbær og á því hljóta að verða breytingar g) tryggja aðkomu allra hagaðila við ákvarðanir T.d. varðandi sauðfjárbætt h) LV telur orkuvinnslu sína falla undir sjálfbærar hefðbundnar nytjar i) 4x4 telur akstur á fáförnum slóðum falla undir hefðbundnar nytjar.
	<b>Svar:</b> a)-d) Sjá svar við athugasemdinni <i>Hefðbundnar nytjar</i> í svörum við umsagnir verkefna 1-2 e)-f) Sjá svar nefndar við athugasemdinni <i>Hefðbundnar nytjar</i> í svörum við umsagnir verkefna 1-2 g) Sjá áherslur nefndar um hefðbundnar nytjar í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Hefðbundnar nytjar</i> h) Þegar vísað er í hefðbundnar nytjar á miðhálendinu í umfjöllun nefndar er þar átt við t.d. rétt skv. 7. gr. laga um lax- og silungsveiði og 7-8 gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. i) Sjá svar við f-lið.
<b>Landgræðsla og endurheimt</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landgræðslan, Landsamtök skógareigenda
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Landgræðslan fram á að í kaflann um vernd náttúru og menningarminja svæðisins verði sérstaklega tekið fram að almennt skuli stefnt að endurheimt raskaðra vistkerfa nema annað sé sérstaklega tekið fram b) Gera þarf ráð fyrir landgræðslu í þjóðgarðinum.
	<b>Svar:</b> a) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun-Vernd náttúru- og menningarminja</i> . Sjá einnig kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið laga</i> b) Sjá kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið laga</i>
<b>Menningarminjar og lög um menningarminjar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Vantar vísun í menningarlandslag og að benda á að Minjastofnun annast vörslu menningarminja.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í köflunum <i>Vernd náttúru- og menningarminja</i>
<b>Mörk þjóðgarðs</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Náttúruverndarsamtök Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Minnt er á að stærstur hluti miðhálendisins er í eigu ríkisins, eign þjóðarinnar.
	<b>Svar:</b> Sjá tillögu nefndar að mörkum þjóðgarðs í kaflanum <i>Mörk þjóðgarðsins</i> .
<b>Náttúruvá</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Veðurstofan
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Ósk um viðbætur við texta.
	<b>Svar:</b> Brugðist við ábendingum í köflunum <i>Öryggismál og vöktun og þjónusta, fræðsla og upplýsingar</i> .
<b>Núverandi friðlýsingar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Einar Haraldsson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Endurskoða þarf að skoða núverandi friðlýsingar innan garðsins.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun nefndar um núverandi friðlýsingar í kaflanum <i>Áherslur: Verndarflokkar</i> .
<b>Orkuvinnslu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landsvirkjun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) orkumannvirki á miðhálendinu hafa þjóðhagslega þýðingu og því mikilvægt að s og v taki mið af því og að gert verði ráð fyrir að þær verði nýttar áfram. Athyglisvert að orkulindir og nýting þeirra er ekki nefnd í drögunum b)

	<b>Svar:</b> Sjá kaflanna <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i> .
<b>Rekstraraðilar ferðapjónustu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> a) Samtök fyrirtækja í ferðapjónustu (SAF) b) Fannborg
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) leggja til að sérstökum áherslupunkti verði bætt við umfjöllun um meginatriði stjórnunar- og verndaráætlunar, svohljóðandi: Leiðarljós fyrir rekstraraðila ferðapjónustu á þjóðgarðssvæðinu b) mikilvægt að sérstaklega sé fjallað um aðkomu þeirra sem eru rekstraraðilar og greiða leigugjöld fyrir aðstöðu í Þjóðlendunni.
	<b>Svar:</b> a) Nefnd lítur svo á að rekstraraðilar ferðapjónustu á þjóðgarðssvæði falli undir þá aðila sem nefndir eru upptalningu á meginatriðum s og v á bls. 17. b) Í kaflanum <i>Áherslur í atvinnustefnu-Samráð</i> leggur nefndin áherslu á að mikilvægt sé að náíð samráð verði haft við rekstraraðila um þá atvinnustefnu sem verður mörkuð.
<b>Samgöngur</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Páll Ásgeir Ásgeirsson, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Fannborg, Einar Kristján Haraldsson.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Víða á hálendinu er að finna net slóða sem í mörgum tilvikum verður ekki séð að hafi neinn sérstakan tilgang. Sú stjórnun sem óhjákvæmilega fylgir þjóðgarði mun væntanlega hafa vald til þess að nýta "vegakerfi" hálendisins til þess að stýra umferð og álagi c) í töflu er nauðsynlegt að áherslan verði á vernd þótt athafnir tengdum samgöngumannvirkjum verði ekki útilokaðar d) mikilvægt að nefndin komi með skýrari afstöðu til viðhalds mannvirkja e) Vegakerfi þarf að vera á hreinu áður. Bæði hver sér um veghald vega ( F. Merktra ) og Slóða.
	<b>Svar:</b> a)-b) Sjá umfjöllun í kaflanum <i>Aðgengi og almennaréttur</i> c) Sjá áherslur nefndar í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið laga</i> d) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Samgöngur á miðhálendinu</i> með því að vísa í mikilvægi náins samráðs þjóðgarðsyrivalda og Vegagerðarinnar um skipulag þjóðvega e) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Samgöngur á miðhálendinu</i> með því að vísa í mikilvægi náins samráðs þjóðgarðsyrivalda og Vegagerðarinnar um skipulag þjóðvega. Þá leggur nefnd áherslu á að í s og v verði fjallað sérstaklega um umferð sem er heimil vegna hefðbundinnar landnýtingar.
<b>Samningar um samstarf</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður, Landgræðslan
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) mikilvægt að skýrar verði kveðið á um möguleika til að gera samninga um samstarf eða umsjón á tilteknum svæðum, fremur en að tala um að skoða hvort þróa megi leiðir í þá átt b) útfæra með mjög skýrum hætti í s og v hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttáð og hver þeirra réttindi verða, t.a.m. hvað varðar nytjarétt eins og beitarnýtingu og veiði c) Landgræðslan bendir á að heimamenn, bændur og aðrir landeigendur, hafa í samstarfi við Landgræðsluna og með hennar tilstyrk stundað landgræðslu á miðhálendinu. Gríðarlega mikilvægt er að ekki verði lokað á þessa möguleika og það sem meira er – gert ráð fyrir þeim í stjórnunar- og verndaráætlun
	<b>Svar:</b> a) Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarpi-Samstarfssamningar</i> b) Sjá svar við a. Hvað varðar nytjarétt, sjá <i>Áherslur í lagafrumvarpi-Hefðbundnar nytjar</i> c) Brugðist við <i>athugasemd í kaflanum Samstarf/samningar við heimaaðila</i>
<b>Samráð</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skagafjörður, Rangárþing eystra, Húnavatnshreppur, Bláskógabyggð, Bændasamtökin/Landssamband kúabænda
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-e) Ekki hefur verið haft samráð um hvort stofna eigi þjóðgarð heldur eingöngu samráð um hvaða áherslur eigi að leggja á við stofnun þjóðgarðs.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun nefndar í kaflanum <i>Um verkefni þverpólitískrar nefndar- Verkefni nefndar</i> .
<b>Samspil náttúruverndar í þjóðgarði og ferðapjónustu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Bláskógabyggð, Húnavatnshreppur
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-b) Bent á að ef þjóðgarður mun laðað að sér ferðamenn muni fylgja því meiri mengun og ágangur á náttúruna. Í því liggja þversögn við náttúruvernd.

	<p><b>Svar:</b> Markmið laga þjóðgarða eru fjölbreytt. M.a. þau að stuðla að eflingu byggða í nágrenni þjóðgarða og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðanna. Hægt er að taka undir að slík markmið, séu þau ekki skilgreind vel, geti aukið álag og mengun. Hins vegar ber að hafa í huga að við stofnun þjóðgarðs er líka sett það markmið að tryggja vernd náttúru svæðisins. Það þarf einnig að skilgreina vel og felst þá í því að tryggja umgjörð um svæðið þar sem þolmörk eru greind og umferð stýrt með tilliti til þeirra. Samantekið má því segja að ef horft er á ströngustu skilgreiningu á náttúruvernd þá muni öll nýting hafa neikvæð áhrif, en m.t.t. til þjóðgarða verði að horfa til þeirra fjölbreyttu markmiða sem þeir hafa.</p>
<b>Sjálfbærni</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Náttúruverndarsamtök Íslands, Eldvötn</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) Náttúruverndarsamtökin lýsa sig sammála skilgreiningu á hefðbundnum nytjarétti í töflu en gera þann fyrirvara að nýtingin standist skilyrði um sjálfbærni. Vætanlega yrði tekið á slíku í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn b) benda á að allt sem gert er þarf að vera á forsendu náttúrunnar. Vernd hennar verður ætíð að vera undirstaðan; hinn eiginlegi grunnur – og er í eðli sínu nýting. Leggja verður ríka áherslu á það að nýting má ekki undir nokkrum kringumstæðum verða ágeng og þarf ætíð að vera á grundvelli sjálfbærrar þróunar</p>
	<p><b>Svar:</b> a) Sjá áherslur nefndar í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarpi-Hefðbundnar nytjar</i> b) Sjá umfjöllun um varúðarregluna í kaflanum <i>Áherslur í atvinnustefnu</i>.</p>
<b>Skilgreining á vernd</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Náttúruverndarsamtök Íslands</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Setja spurningamerki við skilgreingu á „Vernd“ í töflu. Óljóst á hverju hún byggir.</p>
	<p><b>Svar:</b> Ekki er um eiginlega skilgreiningu á vernd að ræða heldur upplýsingar um hvaða áherslur nefndin telur að þurfi að leggja á varðandi verndarmarkmið í s og v.</p>
<b>Skipulagshlutverk sveitarfélaga</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Skagafjörður, Húnaþing vestra, Landssamtök sauðfjárbænda, Húnavatnshreppur, Bláskógabyggð, Bændasamtökin/Landssamband kúabænda</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Áhersla lögð á að skipulagshlutverk sveitarfélaga verði ekki skert.</p>
	<p><b>Svar:</b> Sjá svar við sömu athugasemdum sem bárust vegna verkefna 1-2 (Athugasemd: <i>Skipulagshlutverk sveitarfélaga</i>).</p>
<b>Skógrækt</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Landssamtök skógareigenda</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti en ef til náttúrulegrar sáningar skógarplantna kemur á miðhálandinu má ætla að einhverjir vilji nýta þá skógarauðlind sem þar býr sér bólfestu. Ekki er tjaldað til einnar nætur þegar um þjóðgarð er að ræða og því er vert að velta framtíð hans og þróun fyrir sér. Passa þarf upp á að skógarnir verði ekki eyddir út en um leið að þeir verði nýttir á sjálfbæran hátt, hvort sem er af landeiganda eða umsjónarmönnum þjóðgarðsins sjálfs.</p>
	<p><b>Svar:</b> Horft til framtíðar þá er þetta atriði sem yrði farið yfir í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Sú áætlun er endurskoðuð reglulega.</p>
<b>Stjórnskipan</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Páll Ásgeir Ásgeirsson, Einar Haraldsson, Minjastofnun, Húnavatnshreppur.</p>

	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) Í kafla sem fjallar um aðgengi og almannarétt er sjálfsagt að taka undir að útivistarfolk geti nýtt hálendið til útivistar þar sem því verður við komið með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að leita samráðs við þá aðila sem nú nýta hálendið í slíkum tilgangi b) þarf að tryggja áhrif almennings, hvort sem er Vestfirðinga, höfuðborgarbúa eða íbúa Reykjanes og Akureyrar. Það má ekki vera á þann hátt að íbúar örfárra smárra hreppa muni ráða yfir slíku landsvæði. Sporin úr VJP hræða c) Telur að fara þurfi varlega í að fyrst og fremst séu settir sveitastjórnarmenn og fulltrúar hagaðila á sviði náttúruverndar og ferðamála í héraði í ráð og nefndir. Þá sé verið að færa ákvörðunarvaldið frá fagaðilum yfir í svæðis og jafnvel hagsmunapólitík d) telur ekki ásættanlegt að umráð yfir 40% Íslands verði í höndum fárra aðila. Stöðugt er vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélag og þeim ekki treyst fyrir því að landsvæði sem er innan þeirra sveitarfélagamarka e) Nauðsynlegt að fulltrúar sveitarfélaga verði beinir þátttakendur í stjórnun og skipulagi þjóðgarðsins. Gætt verði að því að þegar málefni sem heyra undir sveitarfélög eru til umræðu verði fulltrúi frá viðkomandi sveitarfélagi þátttakandi í ákvarðanatöku, en ekki einungis aðili sem er fulltrúi margra sveitarfélaga. Þá verði gert að skilyrði að stjórnunar- og verndaráætlun þurfi samþykki hvers sveitarfélags fyrir sig.</p>
	<p><b>Svar:</b> a) Sjá áherslur nefndar varðandi valddreifingu í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Stjórnskipan</i> b)-c) Tillaga nefndar hefur gengið út frá þeirri lagalegu skipan sem er í lögum með stjórnslu sveitarfélaga og skipulagi lands. Skipulagshlutverk og mörk sveitarfélaga eru með þeim hætti sem fyrir þær ólíku skoðanir sem fólk kann að hafa á því. Það stjórnkerfi sem nefndin leggur til byggir á þessum forsendum ásamt því að skilgreina með skýrum hætti beina aðkomu hagaðila að umdæmisráðum og stjórn. Hvað varðar beina aðkomu að starfsemi þjóðgarðs er gert ráð fyrir að þjóðgarðsverðir, landverðir og aðrir sem þar starfa uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna á friðýstum svæðum. d) Sjá áherslur nefndar varðandi valddreifingu í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Stjórnskipan</i> e) Sjá áherslur nefndar varðandi valddreifingu í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Stjórnskipan</i>.</p>
<b>Stærð þjóðgarða</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Húnaþing vestra
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Einungis virðist miðað við einn stóran þjóðgarð á miðhálandi Íslands fremur en að skoðað sé með einhverjum raunverulegum áhuga hvernig smærri og fleiri þjóðgarðar kæmu út í samanburði.</p>
	<b>Svar:</b> Vísað er í hlutverk nefndar í kaflanum <i>Um verkefni þverpólitískrar nefndar</i> .
<b>Veiðistjórnun</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skotvís
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Beinir því til samráðshópsins að tryggja í lögum um þjóðgarðinn að veiðistjórnun lúti almennum ákvæðum laga um vernd friðun og veiðar. Einnig að sérstaklega verði farið í gegn um núverandi veiðitakmarkanir sem gilda innan hans og mat lagt á nauðsyn og lögmæti þeirra takmarkana.</p>
	<b>Svar:</b> Sjá áherslur nefndar varðandi hefðbundnar nytjar í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarpi-Hefðbundnar nytjar</i> og umfjöllun nefndar um núverandi friðlýst svæði á miðhálandinu í kaflanum <i>Áherslur: Verndarflokkar</i> .
<b>Víðerni og vernd</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Sólveig Lilja Söbech Óladóttir, Eldvötn, Jón G Guðmundsson, 4x4
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) Vernd víðerna á miðhálandinu mikilvæg b) Nýting á miðhálandinu má ekki hafa áhrif á vernd víðerna og stýra þarf umferð til að svo sé c) Til að miðhálandisþjóðgarður geti verið fyrir þjóðina þurfa víðerni þar að geta verið með fáfarna slóða fyrir vélknúna umferð. Því að ferðaleiðir fyrir vélknúin ökutæki geta líka verið til upplifunar en ekki bara til samgangna d) krafa um að það verði skrifað skýrt inn í þetta skjal að fáfarnir vegslóðar sem liggja í sátt við landið fái að standa innan víðerna.</p>
	<p><b>Svar:</b> a) Nefnd tekur undir ábendinguna og bendir áhersluna Vernd í töflu í kaflanum <i>Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun</i> b) Nefnd bendir á fyrstu áherslu sína í markmiðum laga í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarpi</i> sem er að vernda náttúru miðhálandisins en þar kemur einnig fram það áherslumarkmið nefnda að auðvelda aðgengi almennings án þess að náttúran spillist. Áherslan er því á vernd náttúru c)-d) Nefnd vísar í skilgreiningu náttúruverndarlaga á víðernum. En jafnframt er bent á að vinna við kortlagningu víðerna og útfærslu á viðmiðum þeirra er nú í vinnslu hjá vinnuhópi Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar.</p>

<b>Vöktun</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Veðurstofan
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Ósk um viðbætur við texta.
	<b>Svar:</b> Brugðist við ábendingum í köflunum Öryggismál og vöktun
<b>Þjónusta, fræðslu og upplýsingar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Fannborg
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Í kaflanum <i>Þjónusta, fræðsla og upplýsingar</i> : Málsgrein er ekki nægilega skýr, er hér átt við þjónustu sem umsjónaraðili þjóðgarðs veitir eða er verið að tala almennt um þjónustu á svæðinu?
	<b>Svar:</b> Setning hefur verið lagfærð.

## VERKEFNI 4-6

<b>Athugasemdir við verkefni 4-6</b>	
<b>ATHUGASEMDIR</b>	
<b>Aðra þjóðgarða</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Byggðaráð sveitarfélagsins Skagafjarðar, Bændasamtökin/Landssamband kúabænda.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Taka þarf saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig.
	<b>Svar:</b> Sjá kaflann Verkefni nefndar. Einnig má benda á nýlega skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagræn áhrif friðlýstra svæða á Íslandi sem og nýútkomna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Náttúruvernd og eflingu byggða. Sjá tengil hér að neðan:
	<a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ca602df4-044e-11e9-942f-005056bc4d74">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ca602df4-044e-11e9-942f-005056bc4d74</a>
<b>Aðrar áætlanir yfirvalda</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skógræktin, Samorka, Páll Gíslason, Orkustofnun, Hrafnabjargavirkjun h.f.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Spurt um samspil þessa verkefnis við aðrar áætlanir yfirvalda.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun í kaflanum Um verkefni nefndar.
<b>Almenningssamgöngur</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvarðafélag Íslands.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Seinustu ár hefur mikið dregið úr almenningssamgöngum á hálendinu. Almenningsamgöngur eru ekki einungis þjónusta, sem eykur aðgengi fólks að hálendinu, heldur einnig stuðla þær að auknu öryggi fyrir göngu- og hjólafólk og reynslulitla ferðamenn sem vilja síður þurfa að aka sjálfir við aðstæður sem þeim eru framandi. En almenningssamgöngur stuðla einnig að aukinni náttúruvernd með færri bílum á villigötum og skipulagðari upplýsingagjöf til ferðamanna. Við teljum því mikilvægt að Hálendisþjóðgarður geri ráð fyrir almenningssamgöngum í uppbyggingu á innviðum og þjónustu þjóðgarðsins.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Útivist og ferðaþjónusta</i> .
<b>Alþjóðleg viðmið um þjóðgarða</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Bláskógabyggð.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Skýringar á alþjóðlegu viðmiðum um þjóðgarða hafa ekki komið fram.
	<b>Svar:</b> Í kaflanum <i>Áherslur: verndarflokkar</i> má finna upplýsingar um alþjóðleg viðmið/skilgreiningar á þjóðgördum.
<b>Atvinnustefnu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skútustaðahreppur
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Telur að þurfi að skoða atvinnustefnu mun ítarlegar.
	<b>Svar:</b> Nefnd tekur undir að atvinnustefna þurfi að vera ítarlega unnin. Hlutverk nefndar var þó eingöngu að setja fram áherslur í atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn. Vinnan við tillöguna að atvinnustefnu verður svo á hendi stjórnar og rekstrarsvæða þjóðgarðsins.

<b>Fagþekkingu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Telur að rétt sé að setja kröfur á þá fulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum þjóðgarðsins um fagþekkingu og að þeir hafi ekki persónulegra hagsmuna að gæta af því hvernig þjóðgarðinum er stýrt til dæmis þegar kemur að nýtingu í atvinnuskyni eða eignarhaldi á landi í grennd þjóðgarðarins. Þá er rétt að benda á að sveitarfélög hafa í mörgum tilfellum á að skipa fagfólki í skipulags-, náttúruverndar- og nýtingarmálum sem gætu tekið sæti í nefndum/ráðum/stjórnnum þjóðgarðsins og hafa þá fagþekkingu og skyldu til þess að gæta hlutleysis .
	<b>Svar:</b> Stjórnkerfi þjóðgarðsins gerir ráð fyrir öflugum faglegu starfi og að öll framkvæmd verkefna og daglegs rekstrar fari fram á vegum faglega ráðinna starfsmanna, þ.m.t. forstjóra/framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvörðum á öllum rekstrarsvæðum. Hlutverk umdæmisráða og stjórnar verður stefnumótandi ákvarðanatáka öðru fremur, þ.m.t. um landnýtingu og skipulagstengd mál, sem almennt tilheyra vettvangi sveitarstjórna sem fara með skipulagshlutverk alls lands á Íslandi lögum samkvæmt. Nefndin telur ekki ástæðu til að óttast hagsmunaárekstra innan þjóðgarðsins fremur en hjá öðrum stofnunum, sveitarfélögum og aðilum, enda ljóst að um stjórnsýslu þjóðgarðsins muni þurfa að fylgja öllum lögbundnum viðmiðum um vanhæfi.
<b>Fjármagn</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Vatnajökulþjóðgarður, Skútustaðahreppur, Fljótsdalshreppur.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Það er mögulega betur heima setið en af stað farið að tryggja ekki grunnfjármuni sem þarft til rekstrarins og uppbyggingu innviða strax í upphafi.
	<b>Svar:</b> Nefndin leggur áherslu á að meta þarf sjónarmið um mögulega vanfjármögnun núverandi starfsemi á friðlýstum svæðum og ná fram þeim úrbótum sem nauðsynlegar þykja við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Sjá nánari umfjöllun í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs</i> .
<b>Flutningskerfi raforku</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landsnet
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Vantar umfjöllun um mannvirki LN b) LN telur að afmörkun verði að taka tillit til núverandi kerfis LN og skapa svigrúm til styrkingar á kerfinu í samræmi við langtímastefnumörkun kerfisáætlunar.
	<b>Svar:</b> a) Flutningskerfi raforku bætt við upptalningu á nýtingu á miðhálandinu í kaflanum <i>Þjóðgarður á miðhálandi Íslands-Miðhálandi Íslands - að öðru leyti vísað í skýrsluna</i> Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands-sjá hlekk b) Sjá umfjöllun um orkumál í kaflanum <i>Áherslu í lagafrumvarp-Orkunýting</i>
	<a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ee-c478-11e7-941e-005056bc4d74">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ee-c478-11e7-941e-005056bc4d74</a>
<b>Gáttir/aðkomuleiðir í þjóðgarð</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Vatnajökulþjóðgarður, Samband íslenskra sveitarfélaga, SAF, Fljótsdalshreppur, Bláskógabyggð, Páll Gíslason.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Það eru bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar á því að hafa margar lykilorðsgáttir ekki síst út frá því sjónarmiði að það byggist upp faglegt starf og faglega þjónusta og þar með atvinutækifæri fyrir sérfræðimenntað fólk b) veltir fyrir sér hvort þingvallarþjóðgarður og innviðir þar geti talist gátt þó PVP sé ekki hluti af Hálendisþjóðgarði c) gera athugasemd við þann fjölda sem lagður er til. Mjög mikil hætta er á að fjármagn fari frekar í rekstur þjónustugáttanna en í uppbyggingu á innviðum þjóðgarðsins d) vill að gert verði ráð fyrir hálendisvegi norðan Vatnajökuls sem tengi saman NA-land og Austfirði við Suðurland með heilsársvegi e) sumar þjónustugáttir eru nokkuð langt frá hinum fyrirhugaða þjóðgarði. Telur sveitarstjórn eðlilegra að gáttirnar verði sem næst þjóðgarði f) Á korti eru hálendismiðstöðvar sýndar og staðsettar: Athygli vekur að sú upptalning stemmir ekki við skilgreiningu í landsskipulagsstefnu, sbr. mynd á að neðan, spurt er hverju það sætir.



	<p><b>Svar:</b> a) Nefnd tekur undir þetta og því er það áhersla hennar að lágmarki þurfi að tryggja a.m.k. eina þjóðgarðsmiðstöð („STIG 1 - hálendisgátt) í hverju rekstrarsvæði við upphaf rekstrar hins nýja þjóðgarðs. Hins vegar verði ákvarðanir um fleiri miðstöðvar tekin strax á fyrsta rekstrarári þjóðgarðsins í samráði við umdæmisráð þjóðgarðsins b) Nefnd leggur ekki upp með að PVP geti talist gátt en vísar að öðru leyti í kaflann Staðsetning þjónustumiðstöðva þar sem brugðist er við ábendingum um gáttir c) Eins og fram kemur í texta er nefndin ekki að leggja til ákveðinn fjölda miðstöðva heldur er á einu korti dregin upp mynd af þeim tillögum um miðstöðvar sem fram komu á samráðsfundum nefndar. Nefnd leggur eingöngu til að lágmarki þurfi að tryggja a.m.k. eina þjóðgarðsmiðstöð („STIG 1 - hálendisgátt) í hverju rekstrarsvæði við upphaf rekstrar hins nýja þjóðgarðs. Hins vegar verði ákvarðanir um fleiri miðstöðvar tekin strax á fyrsta rekstrarári þjóðgarðsins í samráði við umdæmisráð þjóðgarðsins d) Nefndin leggur ekki til í skýrslu sinni fram tillögur að nýjum vegum á miðhálandinu. Í umfjöllun um samgöngur vísar hún m.a. í umfjöllun <i>Landsskipulagsstefnu 2015-2026</i> um samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi e) Nefnd fannst eðlilegt að sumar miðstöðvar (Stig 1-hálendisgátt) yrðu nærri byggð til að þær hefðu betri tengingu við þau nærsamfélög sem þar eru f) Eins og fram kemur í texta er nefndin ekki að leggja til ákveðinn fjölda miðstöðva heldur er á einu korti dregin upp mynd af þeim tillögum um miðstöðvar sem fram komu á samráðsfundum nefndar.</p>
<b>Innviðir</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvarðafélag Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Nauðsynlegt er að náttúruverndin sé alltaf sett í fyrsta sæti og að landvarsla, fræðsla og aðsetur landvarða fái alltaf sitt vægi og rými í þessari uppbyggingu.
	<b>Svar:</b> Vísað er í kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið laga</i> .
<b>Kolefnislosun ferðamanna</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skógræktin
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Veltir fyrir sér hvernig á að binda á losun ferðamanna. Væri hægt að gera það með skógrækt og uppgræðslu á miðhálandinu?
	<b>Svar:</b> Eitt af markmiðum þjóðgarðsins skv. áherslum nefndarinnar er að þar verði hægt að vinna að endurheimt vistkerfa.
<b>Landgræðslu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skógræktin
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Telur að það eigi að vera eitt af meginmarkmiðum Íslendinga að græða upp hálendið eins og kostur er og endurheimta þá virkni vistkerfa sem áður var á hálendinu, s.s. vatnsmiðlun, kolefnisbindingu, líffræðilega framleiðni og fjölbreytni o.fl. Einnig er nauðsynlegt að efla getu gróðurvistkerfa til að takast á við framtíðaráföll vegna öskufalls og ekki síst þær breytingar sem þegar eru og munu verða á loftslagi.
	<b>Svar:</b> Nefndin tekur undir athugasemdina og hefur sett það sem eitt af áherslum í markmiðum með stofnun þjóðgarðs að hægt verði þar að endurheimta vistkerfi.
<b>Markmið</b>	<b>Umsagnaraðili:</b>
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Af hverju þarf að friða svona stórt svæði? b) Sér enga ástæðu til að stofna til þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.
	<b>Svar:</b> a) - b) Sjá kaflann <i>Verkefni nefndar</i> .
<b>Markmið náttúruverndarlaga</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Húnavatnshreppur
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Sjónarmið náttúruverndarlaga mæta jafnvel afgangi í þeim tillögum sem komnar eru fram.

	<p><b>Svar:</b> í 1. gr. náttúruverndarlaga kemur eftirfarandi fram um markmið þeirra laga: <i>Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Lögin eiga að: a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur, b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna, c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar. Til samburðar vísar nefnd á áherslur sínar varðandi markmið laga um Hálendisþjóðgarð í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið laga sem komu fram síðar í vinnuferli nefndar.</i></i></p>
<b>Mörk þjóðgarðs</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Vatnajökulsþjóðgarður, Ungir umhverfissinnar, Byggðaráð sveitarfélagsins, Skagafjarðar, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN), Skógræktin, Samtök sveitarfélaga á norðurlandi vestra, Samorka, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd, Landvarðafélag Íslands, Landsvirkjun, Landeigendur Reykjahlíðar, Húnavatnshreppur, Hrunamannahreppur, Hrafnabjargavirkjun h.f., Fuglavernd, Fljótsdalshreppur, Húnaþing vestra, Bláskógabyggð, Verndarfélag Svartár og Suðurár.</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> athugasemdir sneru að því að mörk væru: a) of umfangsmikil b) þau væru of umfangslítill d) að umsagnaraðilar vildu vera utan marka d) að huga þurfi betur að náttúrulegum heildum e) þau tækju ekki tillit til annarra áætlaða ríkisins</p>
	<p><b>Svar:</b> a)-d) Sjá viðbrögð við þessum athugasemdum í kaflanum <i>Forsendur nefndar um mörk þjóðgarðsins og Útskýring á meginlögum nefndar</i> e) Sjá viðbrögð við athugasemd í síðustu málsgrein í kaflanum <i>Um verkefni nefndar.</i></p>
<b>Núverandi virkjanir á miðhálandinu</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Ungir umhverfissinnar, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun, Landvernd, Landvarðafélag Íslands, Landsvirkjun.</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) Varðandi það hvort núverandi virkjanir skuli falla innan eða utan þjóðgarðsmarka, þá er ljóst að aðskilið fyrirkomulag skapar flækjustig m.a. varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna og almenna náttúruvernd, s.s. uppgræðslu. Eðlilegt er að þjóðgarðurinn sé heildstæð eining og að orkuvinnslusvæði lúti því yfirstjórn þjóðgarðs og þ.a.l. svæðisráða en ekki fyrirtækja, s.s. Landsvirkjunar, sem hafa enda aðrar áherslur en þjóðgarður. Slíkt ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á aðkomu virkjunaraðila, enda myndi það frekar efla samstarfstækifæri undir skýrari handleiðslu þar til bærs stjórnvalds, þ.e. þjóðgarðsins b) Mikilvægt að gera ráð fyrir rekstri og viðhaldi núverandi virkjana sem lendi innan marka þjóðgarðs c) Það er að mati Náttúrufræðistofnunar engin sérstök ástæða til að gera virkjunarsvæði að hluta þjóðgarðs. Nær væri að samvinna næðist um rekstur/rekstrarfyrirkomulag þeirra þátta sem snúa að náttúrunni og varðar virkjanir sem eru „innan“ eða á jaðarsvæðum þjóðgarða d) Skilgreina ætti sjálfar virkjanirnar og lón utan þjóðgarðs en skrifa inn í lög og reglugerðir hvernig fara á með orkuvinnslu sem fyrir er umlukt þjóðgarðinum til þess að skilgreina skyldur og ábyrgð umsónaraðila virkjana sem eru nátengd þjóðgördum e) Landverðir vilja benda á að svæði eins og t.d. virkjanasvæði við Sprengisand, sem eru utan þjóðgarðs og utan verndaðra svæða. Þessi svæði eru lítið vöktuð og verða fyrir meiri ágangi á náttúruna eins og utanvegaakstri. Það yrði til mikilla hagsbóta fyrir þessi svæði að vera innan þjóðgarðs. Það er þó mikilvægt eins og nefndin leggur til að þessi svæði verði með óbreyttu nýtingarformi og ekki verði gert ráð fyrir auknum virkjanaframkvæmdum f) Telur að virkjanir eigi að vera utan þjóðgarðsmarka en ef þær verði innan þá þurfi mjög skýrar verklagsreglur sem taka til að nýting geti haldið áfram og gert verði ráð fyrir viðhaldi og stækkunum.</p>

	<p><b>Svar:</b> a) -b) Sjá kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i> c) Nefnd vísar í áherslur sínar um núverandi orkunýtingu og aðra mögulega orkuvinnslu í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i> d) Sjá svar við c-lið e) Varðandi fyrri hluta athugasemdar tekur nefnd undir hana og hefur þess vegna lagt áherslu á að svæðin geti verið innan þjóðgarðs. Varðandi síðari hluta þá vísar hún á kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i> f) <i>Nefnd hefur brugðist við þessari athugasemd í sinni vinnu og sett inn áherslu um þessi mál í kaflanum Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting.</i></p>
<b>Nytjarétt</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Skútustaðahreppur, Húnavatnshreppur, Bændasamtök Íslands/Landssamband kúabænda, Húnaþing vestra, Bláskógabyggð.</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a)-e) Þarf að kveða skýrt á um að réttindi varðandi veiði, beitarrétt og nytjarétt haldist.</p>
	<p><b>Svar:</b> Nefnd hefur lagt áherslu á þetta í sinni vinnu og er þetta eitt af áhersluatriðum hennar í lagafrumvarp. Sjá kaflanna <i>Áherslur í lagafrumvarp-Hefðbundnar nytjar</i>.</p>
<b>Orkuvinnslu</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Ungir umhverfissinnar, Samorka, Páll Gíslason, Fljótsdalshreppur, Orkustofnun, Landsvirkjun, Landvarðafélag Íslands, Landvernd.</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> a) fagna því sérstaklega þeirri áherslu að ekki komi til frekari stórtækra inngripa í náttúru og vistkerfi svæða innan miðhálandisins, s.s. í formi meiriháttar orkuvinnslu, enda skerði slíkt verndargildi miðhálandisins verulega b) Samkvæmt tillögu nefndarinnar verður öll ný orkuvinnsla og orkuflutningur á miðhálandinu bönnuð og lög um verndar- og orkunýtingaráætlun þar með að engu gerð. Þá er með engum hætti gert ráð fyrir að sú vinna sem nú er í gangi um orkustefnu get haft áhrif á tillögur nefndarinnar og þar með hvaða hætti ætlunin er að mæta orkuþörf og orkuöryggi Íslands til framtíðar c) Hvergi er vitnað í samþættingu við önnur áform stjórnvalda, hvorki Rammaáætlun, átak í Loftslagsmálum og þýðingu orkuauðlinda svæðisins í þessu samhengi d) Fram kemur að nefndin telji að þau orkuvinnslusvæði sem fyrir eru geti rúmast innan skilgreiningar IUCN, en verndarflokkun IUCN geri ekki ráð fyrir nýjum orkuvinnslusvæðum og er þá væntanlega lokað fyrir öll áform um frekari orkuvinnslu innan markaðs Hálendisþjóðgarðs. Það væri stór ákvörðun sem snerti hag landsmanna allra og ástæða væri til fyrir nefndina að taka ítarlegra samtal um það e) Við stofnun þjóðgarðs útilokast virkjunarkostir í eru fólgin verðmæti m.t.t. orkuframleiðslu og mikilvægt að fyrir liggja hverju sé fórnað með verndun þeirra landsvæða sem heyra undir þjóðgarðinn f) nýting orkulinda hefur gríðarlega þjóðahagslega þýðingu en sú endurnýjanlega orka sem þar er framleidd er undirstaða atvinnulífs og nútíma lífsgæða þjóðarinnar g) mikilvægt eins og nefndin leggur til að þessi svæði verði með óbreyttu nýtingarformi og ekki verði gert ráð fyrir auknum virkjanaf framkvæmdum h) að aldrei megi raska frekar landi innan þjóðgarðsins í þágu orkuvinnslu.</p>
	<p><b>Svar:</b> Varðandi liði a) g) og h) - umræddar athugasemdir beindust að texta nefndar um nýja orkuvinnslu sem birtur var í samráðsgátt í júní 2019. Í kjölfar athugasemda um orkuvinnslu - sjá aðrar athugasemdir hér - þá hefur nefnd breytt áherslum sínum varðandi orkuvinnslu. Varðandi liði b)-f) Nefnd hefur breytt áherslum sínum varðandi orkunýtingu í þjóðgarðinum. Sjá áherslur hennar í <i>Áherslur í lagafrumvarpi-Orkunýting</i>.</p>
<b>Rök fyrir afmörkun</b>	<p><b>Umsagnaraðili:</b> Byggðaráð sveitarfélagsins Skagafjarðar.</p>
	<p><b>Samantekt athugasemda:</b> Tillaga um afmörkun tekur ekki mið af aðalskipulagi sveitarfélaga og ekki fjallað um hvert skuli vera gildi þeirra varðandi afmörkun svæðisins. Kortin eru ekki nægjanlega skýr svo hægt sé að bera saman tillöguna við aðalskipulag Skagafjarðar með nákvæmum hætti.</p>

	<p><b>Svar:</b> Tilkoma Hálendisþjóðgarðs á þessu svæði tekur ekki skipulagshlutverk af sveitarfélögum, en þau munu áfram sinna lögbundnum hlutverkum, s.s. við aðalskipulags- og deiliskipulagsáætlanir innan marka þjóðgarðs, sem markast af þjóðlendum miðhálandisins. Innan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi sveitarfélaga út fyrir sveitarfélagamörk. Fyrirkomulagið verður á þann veg að innan rekstrarsvæða þjóðgarðsins verða umdæmisráð, þar sem sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru innan rekstrarsvæðis, og munu þessi ráð hafa umsjón með stjórnar- og verndaráætlun fyrir hvert rekstrarsvæði. Stjórnar- og verndaráætlun gegnir meginhlutverki í stefnumörkun landnýtingar og er gert ráð skipulagsáætlanir falli að henni. Á stórum hluta svæðisins sem um ræðir er töluverð reynsla af áþekku fyrirkomulagi, þ.e. innan núverandi Vatnajökulsþjóðgarðs. Auk þess sem að framan er rakið um aðkomu sveitarfélaga og skipulagshlutverk, mun stjórn þjóðgarðsins, sem staðfestir allar áætlanir og stefnumörkun, verða samsett af fulltrúum sveitarfélaga að meirihluta. Bera má þetta fyrirkomulag saman við samstarf sveitarfélaga í svæðisskipulagsáætlunum, þar sem komið er á formlegu samstarfi um meginlínur landnýtingar á tilteknu landsvæði í samstarfi hlutaðeigandi sveitarfélaga.</p>
<b>Sameining þjóðgarða undir einni stofnun</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skútustaðahreppur
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Ekki verði búin til ný stjórnslueining heldur verði þjóðgarðar landsins sameinaðir undir einni stofnun og eitt rekstrarsvæði þar sem sveitarfélögin eigi sína fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins.
	<b>Svar:</b> Gert er ráð fyrir að um Hálendisþjóðgarð gildi sérlög. Ekki er þó gert ráð fyrir að Hálendisþjóðgarður verði sér stofnun. Varðandi eina stofnun yfir þjóðgördum er vísað á frumvarp um þjóðgarðastofnun, sem þó fellur utan verksviðs þessarar nefndar.
<b>Samráð: SJÁ G-LIÐ</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Byggðaráð Rangárþings eystra, Húnavatnshreppur, Bændasamtök Íslands/Landssamband kúabænda, Rangárþing ytra, Bláskógabyggð, Landsvirkjun.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-f) Ekki hafi verið samráð um hvort stofna ætti Hálendisþjóðgarð heldur um hvaða áherslur ætti að leggja til varðandi stofnun hans g) Velta fyrir sér samráði og að það komi á óvart að ekki hafi verið haft samráð við fyrirtækið umfram opna fundi og samráðsgátt.
	<b>Svar:</b> a)-f) Sjá umfjöllun í kaflanum <i>Verkefni nefndar</i> g) sjá umfjöllun um tilhögun samráðs víða í skýrslunni, t.d. í kaflanum <i>Verkefni nefndar</i> , sem og í viðauka. Nefndin hefur haldið tugi funda um land allt og birt allt efni jafnóðum í samráðsgátt stjórnvalda. Nefndin hefur haldið úti heimasíðu og einnig birt þar vinnugögn, fundargerðir og ítarefni. Enn fremur hafa starfsmaður nefndarinnar og formaður nefndar verið til viðtals og svara um verkefni nefndarinnar eftir óskum. Það var ekki talin vænleg leið við skipulagningu samráðsvinnunnar að nálgast tiltekna hagaðila umfram aðra, heldur gefa öllum jafnt færi á að taka þátt í vinnunni og koma athugasemdum að.
<b>Sjálfstæði eininga inna þjóðgarðs</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Svæðisráð telur þó mikilvægt að skoðaðar verði leiðir til að einstökum svæðum, svo sem Jökulsárgljúfrum, verði gert kleift að starfa undir sjálfstæðu heiti og nýta þannig sérstöðu sína í þjónustu við gesti og til kynningar.
	<b>Svar:</b> Nefnd vísar í umræðu sína um Jökulsárgljúfur í kaflanum <i>Mörk þjóðgarðsins-Útskýring á tillögum nefndarinnar</i> .
<b>Skipulagshlutverk</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skútustaðahreppur, Samtök sveitarfélaga á norðurlandi vestra, Húnavatnshreppur, Fljótsdalshreppur, Bændasamtök Íslands/Landssamband kúabænda, Bláskógabyggð.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Athugasemdir snúa að því að: ekki megi skerða skipulagshlutverk sveitarfélaga, þjóðgarður muni skerða skipulagshlutverk sveitarfélaga.
	<b>Svar:</b> Sjá svar við sömu athugasemdum sem bárust vegna verkefna 1-2 (Athugasemd: Skipulagshlutverk sveitarfélaga).
<b>Skógrækt</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Skógræktin

	<b>Samantekt athugasemda:</b> Þjóðgarður dregur til sín ferðamenn og gæti haft í för með sér töluverða fjölgun ferðamanna. Veltir fyrir sér hvernig á að binda þá losun? Væri hægt að gera það með skógrækt og uppgræðslu á miðhálandinu?
	<b>Svar:</b> Eitt af markmiðum þjóðgarðsins skv. áherslum nefndarinnar er að þar verði hægt að vinna að endurheimt vistkerfa.
<b>Skýrslu um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Samorka
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Engin tilraun er gerð til þess að ræða þær ólíku sviðsmyndir fyrir Hálendisþjóðgarði eða görðum sem fjallað er um í skýrslunni „Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands – lokaskýrsla nefndar“ frá 7. nóvember 2017.
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun um verkefni nefndar í kaflanum <i>Verkefni nefndar</i> .
<b>Stjórnskipan</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd, 4x4.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Gæta verður að því að veita ákveðnum aðilum ekki of mikið vald umfram aðra í nafni valddreifingar og hafa þarf í huga að markmið þjóðgarðs er alltaf vernd náttúru, víðerna, landlagsheilda og menningarminja b) Til þess að sátt náist um stofnun nýs þjóðgarðar eða stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs þarf fyrst að lagfæra þann lýðræðishallann sem hefur verið í Vatnajökulsþjóðgarði.
	<b>Svar:</b> Nefnd telur að ein helsta forsenda þess að stofna þjóðgarð á miðhálandinu sé að sveitarfélög sem eiga skipulagshlutverk á þjóðlendum miðhálandisins komi að stjórn þjóðgarðsins. Að öðru leyti vísar nefndin í áherslur sínar í kaflanum <i>Áherslur í lagafrumvarp-Stjórnskipulag</i> .
<b>Stjórnsýslu menningarminja</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Spurt er hvort til standi að taka stjórnsýslu menningarminja á svæðinu af minjastofnun og færa undir stjórn þjóðgarðs. Og hvort lög um menningarminjar eigi ekki að gilda innan hans.
	<b>Svar:</b> Nei, ekki stendur til að taka stjórnsýslu menningarminja af Minjastofnun. Lög um menningarminjar munu gilda innan garðsins. Sjá neðanmálgrein um lög um menningarminjar í kaflanum <i>Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun</i> .
<b>Verndarflokkar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Vatnajökulsþjóðgarður, Ungir umhverfissinnar, Dr. Þorvarður Árnason, SUNN, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd, Fuglavernd, Landsvirkjun. Páll Gíslason.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) vafasamt að það sé ávinningur að orkunýtingasvæði séu skilgreind sem hluti þjóðgarðs b) Varðandi hvort núverandi virkjanir skuli falla innan eða utan marka, þá er ljóst að aðskilið fyrirkomulag skapar flækjustig m.a. varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna og almenna náttúruvernd, s.s. uppgræðslu. Eðlilegt er að þjóðgarðurinn sé heildstæð eining og að orkuvinnslusvæði lúti því yfirstjórn þjóðgarðs og þ.a.l. svæðisráða en ekki fyrirtækja c) ljóst er að skilgreining orkuvinnslusvæðanna þriggja sem verndarsvæða í IUCN verndarflokki V væri ekki aðeins misráðin ákvörðun, heldur hefði hún afar slæmt og misvísandi fordæmisgildi fyrir landslagsvernd á Íslandi d) benda á mikilvægi þess að sjónarmið náttúruverndar á grunni fagþekkingar verði haft að leiðarljósi innan stjórnsýslu þjóðgarðsins í öllu samráði um nýtingu þess e) illskiljanlegt að nefndin leggi til að helsti verndarflokkur nýs þjóðgarðs skuli verða verndarflokkur V. Auka á áherslu á verndarflokk II f) Telur varhugavert að horft verði of mikið til verndarflokka V og VI m.t. orkuvinnslu og annarrar landnýtingar nema lögð séu drög að stjórnsýslu í kringum svæði í flokki VI, skilgreiningar á sjálfbærri landnýtingu og virkt eftirlit og úttekt óháðra aðila á ástandi lands g) bendir á að hefðbundin sjálfbær landnýting rúmist innan Vatnajökulsþjóðgarðs í flokki II h) Telur að núverandi orkuvinnslusvæði eigi að vera utan þjóðgarðs, en ef nefnd telur að þau eigi að vera innan þjóðgarðs þá þurfi að gera skilmerkilega grein fyrir því hvaða starfsemi megi fara þar fram og að þar verði hægt að vera ráð fyrir þróun, viðhaldi og stækkun virkjana i) vitnað er í erlendar skilgreiningar um þjóðgarða og þær nýttar meðal annars til að stikla í kringum hugmyndir um aðlögun okkar að þessum verndarflokkum. Þessar skilgreiningar og aðferðafræðin sem á þeim byggir eru sumar fyrir þann tíma þegar samfélagið hafði þann skilning á afleiðingum loftslagsbreytinga sem það hefur í dag

	<b>Svar:</b> a)-h) Vegna fjölda umsagna um þessi atriði, sem og um orkuvinnslu á miðhálandinu og umsagnir um mikilvægi hefðbundinna nytja hefur nefndin endurskoðað texta kaflans og skrifað almennari umfjöllun um verndarflokka. Áfram er lögð áhersla á að horft sé til verndarflokka VI og II en jafnframt leggur nefnd nú til að réttihöfum verði tryggðar áframhaldandi hefðbundnar nytjar í lögum um þjóðgarðinn- sjá <i>Áherslur í lagafrumvarp-Hefðbundnar nytjar</i> . Umræða um orkunýtingu er einnig umorðuð - sjá <i>Áherslur í lagafrumvarp-Orkunýting</i> i) Erlendar skilgreiningar sem vísað er í eru reglulega uppfærðar. Síðast voru þær uppfærðar 2013. Verndarflokkar sem skilgreindri eru í íslenskum lögum um náttúruvernd taka m.a. mið af umræddum skilgreiningum.
<b>Vöktun</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Veðurstofa Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Stofnunin rekur fjölda mælistöðva á miðhálandinu. VÍ leggur því ríka áherslu á að áfram verði tryggt aðgengi starfsmanna stofnunarinnar að mælistöðvum hennar á öllum tímum árs, enda er vöktunin í þágu almannahags.
	<b>Svar:</b> Brugðist við athugasemd í kaflanum <i>Áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun-Öryggismál og vöktun</i> .
<b>Önnur verndarsvæði</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Byggðaráð sveitarfélagsins Skagafjarðar
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Velta má fyrir sér hvort ríkið ætti að sinna friðlýstum svæðum betur en nú er gert áður en ráðist er í stofnun nýs þjóðgarðs á miðhálandinu.
	<b>Svar:</b> Vísað er í umfjöllun nefndar í kaflanum <i>Fjármögnun þjóðgarðs</i> .

## VERKEFNI 7-8

<b>Athugasemdir við verkefni 7-8</b>	
<b>ATHUGASEMDIR</b>	
<b>Aðgengi</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd, Arngrímur Hermannsson, Andri Freyr Sigurðsson, Ungir umhverfissinnar, Ferðafélagið slóðavinir
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Hvetja alla Íslendinga til að njóta hálendisins og jökla Íslands og ekki síst að koma unga fólkinu á bragðir. Við eigum ekki að læsa því engum til gagns b) núverandi notendahópur hálendisins lítur á erfitt aðgengi sem hluta af aðráttarafli miðhálandisins. Vaknar sú spurning hvort þetta þýði að ráðast eigi í miklar vegabætur innan þjóðgarðsins c) Aðgengi almennings, hvernig sem þeir ferðast, akandi, hjólandi ríðandi eða gangandi verður að vera virt til jafns en leiðum ekki lokað til upphafjunar á einum ferðamáta d) óska eftir frekari stefnu varðandi aðgengi almennings með tilliti til innviða á borð við brýr og uppbyggða vegi í samræmi við kafla 6 í Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum e) Taka þarf tillit til þarfa allrar þjóðarinnar við ferða um landið og gæta þess að flestir geti notið þess.
	<b>Svar:</b> a) Nefnd tekur undir þessa ábendingu og vísar í áherslur sínar í skýrslu um aðgengi b) Í skýrslu er ekki talað um miklar vegabætur. Hins vegar er bent á að eitt af markmiðum þjóðgarðs er að auðvelda aðgengi almennings og taka þarf mið af því c) Nefnd er tekur undir þessa ábendingu og vísar í áherslur sínar í skýrslu um aðgengi d) Nefnd telur það ekki hlutverk sitt að útfæra nánar stefnu varðandi aðgengi almennings e) Nefnd er tekur undir þessa ábendingu og vísar í áherslur sínar í skýrslu um aðgengi
<b>Aðilar með umsjón lands fyrir hönd ríkis</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Verkfræðingafélag Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Leggst gegn því að aðilar sem fara með umsjón lands fyrir hönd ríkisins geti óskað eftir því að jarðir þeirra verði innan þjóðgarðsins. Í þeim tilvikum þarf að hafa heildarhagsmunum í huga.
	<b>Svar:</b> Nefndin leggur áherslu á í skýrslu að opin verði leið fyrir landeigendur við jaðra þjóðgarðsins til að óska eftir því að jarðir eða hlutar þeirra farin inn fyrir mörk þjóðgarðs. Við meðferð lagafrumvarps þarf að útfæra það hvernig tilhögun mögulegra breytinga á þjóðgarðsmörkum verði háttáð.

<b>Aðrir þjóðgarðar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Jón Sigurgeirsson, Arngrímur Hermansson, Jóhann Björgvinsson, Andri Freyr Sigurðsson, Ferðafélagið slóðavinir, Austurlandsdeild 4x4, Sveitarfélagið Skagafjörður
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-f) gagnrýni á Vatnajökulspjóðgarð, lokun leiða o.fl. g) að teknar verði saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist
	<b>Svar:</b> a)-f) Nefnd þakkar ábendingarnar og hefur í skýrslu almennt tekið mið af ábendingum um hvað megi betur varðandi þessi mál g) Sjá kaflann Verkefni nefndar. Einnig má benda á nýlega skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagræn áhrif friðlýstra svæða á Íslandi sem og nýtútkomna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Náttúruvernd og eflingu byggða. Sjá tengil hér að neðan:
	<a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ee-c478-11e7-941e-005056bc4d74">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ee-c478-11e7-941e-005056bc4d74</a>
<b>Ákvörðunarréttur einstakra landeigenda</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Verkfræðingafélag Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> leggst gegn því að einstakir landeigendur geti óskað eftir því að jarðir þeirra verði innan þjóðgarðsins. Í þeim tilvikum þarf að hafa heildarhagsmuni í huga.
	<b>Svar:</b> Nefnd telur eðlilegt að landeigendur geti óskað eftir því að setja land sitt inn í þjóðgarð. Hvert tilvik yrði skoðað og samráð haft við hagaðila við þá skoðun.
<b>Boðleiðir</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Bláskógabyggð
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Telja að svæðisráð leiði til lengri boðleiða og aukins flækjustigs
	<b>Svar:</b> Nefnd telur að aukin samvinna í gegnum umdæmisráð geti mögulega dregið úr flækjustigi varðandi viðfangsefni á miðhálandinu.
<b>Endurheimt vistkerfa</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landgræðslan, Guðmundur Hörður Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) mikilvægt að ráðist verði í þannig verkefni í samræmi við viðurkenndar aðferðir b) Í markmiðskafla vantar að nefna endurheimt náttúrusvæða c) ekki fjallað um hvernig það skuli gert þ.e. hver eigi að vera grundvallaratriði í slíkri endurheimt
	<b>Svar:</b> a) Nefndin tekur undir það og vísar í samstarf Landgræðslunnar við bændur o.fl. Sem fyrirmynd b) Eitt af áherslumarkmiðum nefndar er endurheimt vistkerfa sem hafa raskast. Ekki er ljóst hvað átt er við þegar nefnd er endurheimt náttúrusvæða c) Slíkt yrði væntanlega útfært í hverju tilviki fyrir sig sem og í stjórnunar- og verndaráætlun
<b>Fararmáti</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Arngrímur Hermansson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Þetta tal um að afleggja vélknúin ökutæki til þess að göngu menn fái að njóta er algerlega á misskilningi bygg
	<b>Svar:</b> Sú umræða kemur ekki fyrir í skýrslu nefndar.
<b>Fjármagn</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Jón Guðmundur Guðmundsson, Páll Gíslason, Borgarbyggð
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) of loðið hvernig á að tryggja fjármagn í þetta b) Ákjósanlegt hefi verið ef umfjölluninni hefði fylgt mat á þessum kostnaðaraliðum ásamt raunsæjum hugleiðingum um fjármögnun á rekstri hugsanlegs Hálendisþjóðgarðs til lengri tíma c) Tryggt verði fjármagn í að byggja upp aðgangsgáttir í Borgarbyggð sem tengjast fyrirhuguðum Hálendisþjóðgarði
	<b>Svar:</b> a)-b) Kafli um fjármögnun hefur verið uppfærður eftir athugasemdir og frekari umræður nefndar c) Nefndin leggur almennt áherslu á fjármagn til uppbyggingar miðstöðva í kaflanum <i>Samantekt um fjármögnun</i>
<b>Gjaldtaka</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Jón Guðmundur Guðmundsson, Landvarðafélaga Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) talað um "gjaldtöku fyrir veitta þjónustu," en hvaða þjónusta er það? b) Vill benda á tekjuleið Noregs á Svalbarða en þar greiða allir ferðmenn 150 NOK eða um 2.000 ISK í svokallaðan náttúrusjóð
	<b>Svar:</b> a) getur t.d. átt við um salerni, bílastæði, landvörslu, tjaldstæði b) Nefnd þakkar ábendinguna. Samstaða var hjá nefnd að nefna þær gjaldtökuleiðir sem fram koma í skýrslu.
<b>Hagræn áhrif þjóðgarða</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Jón Sigurgeirsson

	<b>Samantekt athugasemda:</b> mikið rætt um það að þjóðgarðar gefi svo mikið fé fyrir samfélagið. Auðvitað er verið að ljúga að fólki.
	<b>Svar:</b> Hagfræðistofnun Háskóla Ísland hefur unnið rannsókn sem kannar hagræn áhrif friðlýstra svæða. Sjá hlekk hér:
	<a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ca602df4-044e-11e9-942f-005056bc4d74">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ca602df4-044e-11e9-942f-005056bc4d74</a>
<b>Heilnæma útivist</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> 4x4, Snorri Ingimarsson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Hvað þýðir heilnæm útivist - lagt til að heilnæm sé tekið út.
	<b>Svar:</b> Nefnd gerir ekki upp á milli mismunandi tegunda útivistar með þessu orðalagi.
<b>Innviðir/uppbygging</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Ferðafélagið slóðavinir, Landvernd, Verkfræðingafélag Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) vilja að náttúran sé lítið sem ekkert breytt með óparfa uppbyggingu eða virkjunum og komumst við af án mikillar eða hreinlega nokkurrar þjónustu til viðbótar því sem er í dag á hálendi landsins b) Við uppbyggingu innviða verður þó að taka mið af því takmörkuð þjónusta er hluti af aðráttarafli Hálendisþjóðgarðs c) Uppbygging innviða og manngerðs umhverfis er óhjákvæmileg í þjóðgarði líkt og á öðrum stöðum
	<b>Svar:</b> Vísað er í umfjöllun í kaflanum <i>Áherslur í atvinnustefnu- Auðlindir og uppbygging</i>
<b>Jaðarsvæði</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Orkustofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Orkustofnun bendir á að skilgreining friðlýstra svæða hefur verið í mörgum tilfellum verið túlkuð þannig að miklar takmarkanir um framkvæmdir gildi einnig á jaðarsvæðum slíkra svæða. Nauðsynlegt sé því að gerð sé grein fyrir slíku fyrirætlunum þegar í upphafi vinnunnar
	<b>Svar:</b> Varðandi orkunýtingu áréttar nefnd að hún vísar til þess að tekið verði tilliti til annarra áætlana ríkisins þegar m.a. kemur að nýtingu orku. Þar færi sú vinna, sem Orkustofnun bendir á, væntanlega fram í samráði við þjóðgarðinn.
<b>Landgræðsla</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Jóhann Björgvinsson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Stofnun Hálendisþjóðgarðs mun einnig koma algerlega í veg fyrir alla uppgræðslu á þeim gríðarmiklu auðnum sem eru á hálendinu.
	<b>Svar:</b> Nefnd bendir á að eitt af áherslumarkmiðum þjóðgarðsins á að vera endurheimt vistkerfa.
<b>Landvarsla</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Jón Sigurgeirsson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Þegar landið er gert aðgengilegt eins og tillögurnar gera ráð fyrir þá þarf að auka vörslu til muna. Friðun án vörslu er gagnslaus
	<b>Svar:</b> Nefnd tekur undir að landvarsla er mikilvægt og bendir á umfjöllun um landvörslu í kaflanum Fjármögnun þjóðgarðs. Þar kemur m.a. fram að aukið fé þurfi víða til landvörslu, þjónustueflingar og eflingar faglegrar starfsemi tengdri friðlýstu svæðunum
<b>Markmið</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Guðmundur Hörður Guðmundsson, Landvernd, Ungir umhverfissinnar, Eldvötn, Húnaþing vestra, Arngrímur Hermannsson, SAF, Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-d) lagt til að markmið um verndun víðerna verði sett inn í áherslur nefndar varðandi markmið laga e) hugmyndir virðast fyrst og fremst vera til að styrkja eignar- eða ráðstöfunarrétt ríkisins yfir miðhálendi Íslands f) Spurt er hvert sé markmið með friðun g) sett eru fram markmið áherslna nefndarinnar. Sjöunda markmiðið er orðað svo: Vera vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og þróun hennar. Væntanlega er þarna átt við að áherslur nefndarinnar hafi það markmið að skapa vettvang umræðu o.s.frv. h) ekki er minnst á menningarminjar en ekki er síst mikilvægt að aðgengi og útivist fari fram ísátt við menningarminjar í þjóðgarði þar sem vernd sögu og menningarminja er talið upp meðal helstu markmiða þjóðgarðsins.



	<p><b>Svar:</b> a)-d) Vernd víðerna er sértaklega skrifuð inn í kaflann um stjórnar- og verndaráætlun: „Nefndin telur í þessu ljósi að verndarmarkmið þjóðgarðs á miðhálandinu skuli snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna víðerna, náttúruverðmæta og menningarminja hálendisins á heildstæðan hátt, þó einnig verði horft til stakra svæða, náttúrufyrirbæra eða minja, sem kunni að útfæra með sérstökum hætti e) markmiðið er að styrkja samvinnu sveitarfélaga, ríkis og annarra hagaðila um málefni landsvæðisins f) Sjá kaflann <i>Áherslur í lagafrumvarp-Markmið g</i>) átt við að stofnun þjóðgarðs búi til vettvang fyrir umræðu, o.s.frv. h) menningarminjum hefur verið bætt við textann</p>
<b>Menningarminjavernd</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Minjastofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Mikilvægt er að öll aðkoma þjóðgarðsins að menningarminjavernd sé unnin í náinni samvinnu við lögbundin yfirvöld menningarminjaverndar í landinu.
	<b>Svar:</b> Nefnd tekur undir þetta og leggur áherslu á þetta í skýrslunni. Sjá neðanmálsgrein um lög um menningarminjar í kaflanum <i>Miðhálandi Íslands</i> .
<b>Mörk</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Húnaþing vestra, Eldvötn, Bláskógabyggð, Húnavatnshreppur, Skagafjörður, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Samorka, Landsvirkjun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Land innan marka HP verði ekki hluti af þjóðgarðinum b) Ítrekar því fyrri athugasemdir sínar í umsögnum frá 30. júní s.l. um mörk þjóðgarðsins og þar með að eignamörk þjóðlenda og mögulega jarðir í eigu ríkissjóðs séu ráðandi þar um. Slík nálgun getur á engan hátt verið fagleg um hvaða svæði kunni að vera ástæða til að friða og hver ekki c) leggjast gegn því að land innan marka þeirra fari inn í þjóðgarð nema að undangengnum samningi d) lagst gegn afmörkun-land innan marka þeirra verði ekki hluti af þjóðgarðinum e) Mörk þjóðgarðs virðast fyrst og fremst eiga að ráðast af eignarhaldi eða ráðstöfunarrétti ríkisins á landi f) NAUST að gera þá kröfu til þeirrar þverpólítísku nefndar sem fjallar um afmörkun á Hálendisþjóðgarði að tillaga verði gerð um að það sem eftir stendur af svokölluðu Hraunasvæði verði með öllu skilgreind sem þjóðlenda og þar með innleidd sem hluti af Hálendisþjóðgarði g) Eldvötn benda á áður innsenda ábendingu sína, dags. 16. apríl s.l., um hálendismörk. Sú lína sem unnið var út frá við gerð svæðisskipulags miðhálandisins 1999-2015 – og síðan hefur verið nefnd hálendislína – byggði á stöðu þjóðlenduúrskurða eins og þeir stóðu á þeim tíma. Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru hafa svæði á jarðinum verið úrskurðuð þjóðlendur; svæði sem sannarlega eru hálendissvæði og mynda sterka heild með svæðum innan línunnar – og ættu skilyrðislaust að teljast til miðhálandis Íslands. Því óska samtökin eftir því að þessi mörk verði skoðuð m.t.t. þjóðlenduúrskurða eins og þeir standa í dag og eðlilegra landslagsheilda h) áréttar að fyrirtækið telur að besta lausnin sé að núverandi virkjunarsvæði séu utan þjóðgarðs
	<b>Svar:</b> a)-g) Sjá viðbrögð við þessum athugasemdum í kaflanum <i>Forsendur nefndar um mörk þjóðgarðsins og Útskýring á megintillögum nefndar</i> h) Nefnd telur að orkuvinnslusvæði fyrirtækisins geti verið innan þjóðgarðs en að það þurfi að gera ráð fyrir því að þar megi þróa starfsemina og sinna þeim atriðum sem nauðsynlegt er svo rekstur svæðanna geti haldið áfram.
<b>Núverandi virkjanir</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Tryggja þarf núverandi rekstur og framþróun núverandi orkukerfis b) þurfa ekki að vera hluti af þjóðgarðinum sem slíkum heldur verði gert samkomulag við rekstraraðila um hvernig sé tekið á sameiginlegum málum sem kunna að varða báða aðila.
	<b>Svar:</b> a) Nefnd vísar í umfjöllun sína um núverandi orkunýtingu b) Nefnd vísar í umfjöllun sína um virkjanasvæði á miðhálandinu.
<b>Nytjaréttur/sjálfbær nýting</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Náttúrufræðistofnun, Páll Gíslason, Bláskógabyggð, Landgræðslan, Jón Guðmundur Guðmundsson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Skilgreina þarf hefðbundnar nytjar áður en talað er um að þær geti þróast b) Undir kaflanum hefðbundnar nytjar hefði verið eðlilegt að fjalla einnig um útivist og ferðamennsku, enda eru það nytjar sem eiga sér áratuga sögu og skila umtalsverðum arði í þjóðarbúið c) Mikilvægt að hefðbundin not verði ekki skert, heldur ekki með tilvísun í sjálfbærni viðmið sérlega d) Eðlileg krafa að nýting þessara réttinda sé takmörkuð, sé hún þess eðlis að ósjálfbær teljist og valdi jafnvel hnignun á nú þegar viðkvæmum vistkerfum e) Þau lagafrumvörp sem fjalla m.a. um sjálfbærni í lögum um afréttarmál hafa sýnt sig að virka engan veginn

	<b>Svar:</b> a)-b) Þegar vísað er í hefðbundnar nytjar á miðhálandinu í umfjöllun nefndar er þar átt við t.d. rétt skv. 7. gr. laga um lax- og silungsveiði og 7-8 gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. c) Nefnd tekur undir að mikilvægt sé að hefðbundin not geti haldið áfram. Til þess að svo verði þarf að huga að sjálfbærri notkun þeirra. Eðlilegt er að tekið sé mark á lögum sem samþykkt hafa verið af löggjafarvaldinu d) Nefnd vísar til þeirra laga sem stuðla eiga að sjálfbærri nýtingu þessara nytja e) Ný lög um landgræðslu voru samþykkt árið 2018 þar er gert er ráð fyrir að öll nýting lands skuli vera með sjálfbærum hætti.
<b>Orðalag</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> 4x4, Landsnet
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Tillaga að orðalagsbreytingu þar sem notað er orðið "njóta" í áherslum um markmið b) tillaga að orðlagsbreytingu um flutning raforku í áherslum um orkunýtingu.
	<b>Svar:</b> a) Nefnd er sammála því að það sé eðlilegt að fólk njóti útivistar í náttúru. Náttúruvernd gerir það að verkum að stuðlað er að vernd náttúrunnar svo m.a. hægt sé að njóta hennar. Af þeim ástæðum er orðið notað b) Sjá viðbót við texta í umfjöllun um orkunýtingu.
<b>Orkuflutningsleiðir</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landsnet, Samorka, Orkustofnun, Verkfræðingafélag Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Mikilvægt er að tekin sé afdráttarlaus afstaða til stöðu þeirra flutningsmannvirkja sem kunna að vera inni á markaðum þjóðgarðs með sama hætti og gert er varðandi virkjanir í textanum b) Skortur á umfjöllun um orkunýtingu og orkuflutningsleiðir c) mjög mikilvægt að gert sé ráð fyrir framkvæmdum vegna lagningu flutningsmannvirkja raforku innan þjóðgarðsmarkanna og að í engu verði girt fyrir að hægt sé að byggja flutningskerfi landsins upp með hagkvæmum hætti til framtíðar d) mikilvægt að tryggja að flutningur raforku geti átt sér stað á sem hagkvæmastan hátt en þó þannig að flutningsleiðir valdi eins litlu raski og hægt er innan skynsamlegra kostnaðarmarkna.
	<b>Svar:</b> Vísað er í texta um orkunýtingu þar sem bætt hefur verið við áherslu um flutning raforku og flutningsvirki.
<b>Orkunýting</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Guðmundur Hörður Guðmundsson, Landvernd, Náttúrufræðistofnun, Verkfræðingafélag Íslands, Austurlandsdeild 4x4, 4x4, Orkustofnun, Eldvötn, Samorka
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Af lestri um orkunýtingu má ætla að þjóðgarðurinn muni ekki hafa í för með sér neina aukna vernd náttúrusvæða fyrir orkuöflun og að virkjanir sem Alþingi kann að setja í virkjanaflokk Rammaáætlunar megi reisa innan marka þjóðgarðsins b) Við stofnun þjóðgarðs verður að vera ljóst að uppbygging frekari orkuvinnslu innan þjóðgarðs er andstæð markmiðum þjóðgarðarins og furðar stjórn Landverndar sig á tillögum nefndarinnar sem segja annað c) Ekki er ljóst hvað átt er við með orðalaginu að þróa orkuvinnslusvæði. Ef átt er við t.d. að skipta um túrbínu er hægt að skilja það sem þróun en ef átt er við að stækka virkjun eða bæta við vindorkugarði á virkjanasvæði þá er um allt annað að ræða. Þessi kafli er einfaldlega of óljós. Hér má t.d. nefna til skýringar áratuga deilur um orkunýtingu á Þjórsárverasvæðinu sem vel má flokka sem þróun á eldri virkjunum d) Stofnun þjóðgarðs getur haft ýmis jákvæð áhrif en að sama skapi þarf að tryggja að sjálfbær þróun íslensks samfélags verði ekki hindruð með sömu aðgerð e) finnst það ekki samræma jafnræðisreglu að þjóðgarðurinn fái einn að afla orku af svæðinu f) Óska nánari útskýringa á orkunýtingar áherslu nefndar g) ljóst sé að stofnun þjóðgarðs geti ekki talið að niðurstöður rammaáætlunar hafi ekki gildi innan þjóðgarðsins h) mat Eldvatna að „þróun og viðhald“ virkjana innan marka Hálendisþjóðgarðs megi alls ekki krefjast frekara rasks á landi og náttúru en orðið er i) erfitt að átta sig á því hvað er átt við með því að „málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum skuli samræmast áætlunum Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu

	<b>Svar:</b> Innan þverpólitískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs voru uppi ólíkar skoðanir varðandi orkunýtingu - nefnd var sammála um að núverandi orkuvinnslusvæði gætu verið afmörkuð innan þjóðgarðs. Hvað varðar frekari orkunýtingu var nefndin sammála að það væri ekki á hennar færi að ákveða um hana heldur ættu þau málefni að vinnast fram í áætlunum Alþingis um orkunýtingu og flutning raforku.
<b>Orkustefnu</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Samorka
	<b>Samantekt athugasemda:</b> lagt áherslu á mikilvægi þess, að áður en ákvarðanir sem fela í sér friðun á stórum hluta landsins verði teknar, þurfi að liggja fyrir niðurstöður í vinnu nefndar um orkustefnu fyrir Ísland
	<b>Svar:</b> Vísað er í svar að ofan um orkunýtingu.
<b>Orkuöryggi</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landsvirkjun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Huga þarf að orkuöryggi til framtíðar.
	<b>Svar:</b> Vísað er í svör um flutning raforku og orkunýtingu.
<b>Rammaáætlun</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Verkfræðingafélag Íslands, Samorka, Orkustofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Rammaáætlun er sá farvegur sem á Íslandi er nýttur til að stýra vernd og nýtingu náttúrusvæða með tilliti til orkuöflunar, og á að taka tillit til þriggja stöða sjálfbærni. Félagið telur ekki rétt að taka fram fyrir hendurnar á því ferli með því að friða orkuauðlindir gagnvart nýtingu sem ekki hafa verið flokkaðar í verndarflokk b) Fyrir liggur að verkefnisstjórn rammaáætlunar á enn langt í land með að ljúka störfum um þá orku-nýtingarkosti sem þegar liggja fyrir. Þá er ljóst að enn eiga orkunýtingarkostir eftir að koma fram, þ.e. hafa ekki verið lagðir fram af Orkustofnun enda ekki lokið rannsókn á mögulegum orkunýtingar-kostum t.d. í vindorku c) Tryggt sé að stofnun þjóðgarðs geti á engan hátt haft gildi framar þeirri vinnu sem þegar hefur verið lagt upp með af hálfu Alþingis um mat einstakra virkjunarkosta á hálendinu
	<b>Svar:</b> Vísað í svar um orkunýtingu.
<b>Rekstraraðilar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Páll Gíslason
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Leggur áherslu á að nefna þurfi rekstraraðila í samhengi við svæðisráð og í kafla um þjónustumiðstöðvar.
	<b>Svar:</b> Í umfjöllun um þjónustumiðstöðvar leggur nefnd m.a. áherslu á samstarf við rekstraraðila.
<b>Rekstrarsvæði</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd, Páll Gíslason, Reykjavíkurborg, 4x4, Eldvötn
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Í ábendingum er bent á að svæðaskipting veldur því að landfræðilegar heildir skiptast á milli svæðisráða sem getur verið óheppilegt og að horfa eigi frekar til landslagsheilda við skiptingu svæða.
	<b>Svar:</b> Sjá eftirfarandi umfjöllun nefndar úr skýrslu: „Skipting þeirra miðist við landfræðilegar forsendur, reynslu af samvinnu nærliggjandi samfélaga og aðkomu að miðhálandi Íslands öðru fremur. Í ljósi mögulegra breytinga á sveitarfélögum á komandi árum, með sameiningum og breytingum á mörkum þeirra, telur nefndin ekki heppilegt að grundvalla rekstrarsvæði þjóðgarðs á miðhálandinu á núverandi fjölda eða mörkum sveitarfélaga. Sú hugmynd sem kynnt er byggir á því að horfa m.a. til aðkomuleiða, samgangna og landfræðilegra forsendna innan hálendis og við jaðra þess. Þrátt fyrir að hér sé kynnt tillaga að skiptingu í rekstrarsvæði telur nefndin ákjósanlegt að nákvæm skipting í rekstrarsvæði verði útfærð með öðrum hætti en í sérlægum fyrir Hálendisþjóðgarð. Þannig verði gerlegt að færa mörk rekstrarsvæða komi upp aðstæður sem kalli á slíkt, t.d. eftir óskum sveitarfélaga eða með þróun samgangna í framtíð, án þess að til lagabreytingar þurfi að koma.“ Ennfremur í kafla um mörk þjóðgarðsins: „Hvað varðar hugmyndir sem fram hafa komið í samráðsferlinu um að skilgreina mörk þjóðgarðs ekki út frá eignarhaldi eða stjórnsýslumörkum heldur landfræðilegum heildum, þá telur nefndin ýmis fagleg rök hníga að slíkri tilhögun. Á þessu eru hins vegar hagnýtir annmarkar sem gera slíkt erfitt í framkvæmd strax við stofnun þjóðgarðsins, enda ljóst að ef landfræðilegum heildum er fylgt alfarið eru líkur á að mörk þjóðgarðsins muni ná yfir eignarlönd og út fyrir það svæði sem lög um þjóðlendur og landsskipulagsstefna ná yfir. Mikilvægt sé hins vegar að gerlegt verði að færa mörk þjóðgarðsins eftir stofnun hans í samráði við sveitarfélög og nærliggjandi landeigendur sé vilji fyrir slíku hjá þeim sem eiga eða fara með umráð lands

<b>Ríkisjarðir</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd, Náttúruverndarsamtök Austurlands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) telur skynsamlegra að vísa til hagsmuna þjóðgarðsins frekar en vilja þeirra aðila sem hafa umsjón með ríkisjörðum b) ekkert er til fyrirstöðu að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og miðhálandisnefnd geri skýlausa kröfu á að allt það land sem eftir stendur óraskað og er í ríkiseigu á austurhálandi Íslands verði í ljósi eignarhalds fellt innan marka þeirrar tillögu sem unnið er að um afmörkun þjóðgarðsins.
	<b>Svar:</b> a) Niðurstaða nefndar var að horfa ætti til vilja þeirra sem hafa umsjón með slíkum jörðum b) eins og kemur fram í texta telur nefndin ekki forsendur á þessum tímapunkti (í texta skýrslu) fyrir því að leggja til að þjóðgarðsmörk nái yfir einstakar ríkisjarðir eða jarðarhluta við jaðra hálandisins.
<b>Samgöngur</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvarðafélag Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Vakinn er athygli á að umfjöllun vegabætur og samgöngur er of almenn eða óljós b) stjórn Landvarðafélagsins gagnrýnir óljósa greinagerð um samgöngur og samgöngu úrbætur innan þjóðgarðs.
	<b>Svar:</b> Nefnd telur ekki vera forsendur fyrir frekari umfjöllun um vegabætur í skýrslunni. Varðandi samgöngur má benda á umfjöllun um mikilvægi almenningsgangna hefur verið bætt við í skýrslu eftir ábendingar um að slíkt skorti.
<b>Samráð</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Húnavatnshreppur, Sveitafélagið Skagafjörður
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-b) Ekki hafi verið samráð haft um hvort stofna ætti þjóðgarð
	<b>Svar:</b> Sjá umfjöllun í kaflanum <i>Verkefni nefndar</i>
<b>Samstarfssamninga</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Bláskógabyggð, Náttúrufræðistofnun
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Heimamenn munu ekki leggja sömu vinnu og fjármagn í svæðið nema það sé á þeirra forræði eins og það hefur verið b) efnisatriði þessa kafla mjög þröng og mjög óljós um hverjir séu heimamenn og hverjir ekki nema að átt sé við að heimamenn séu eingöngu þeir sem tilheyra ákveðnu sveitarfélagi. Varla er átt við það að heimamenn allra sveitarfélaga sem eiga land að fyrirhuguðum þjóðgarði hafi einhver réttindi umfram aðra landsmenn
	<b>Svar:</b> Sjá aukna umfjöllun um þessi átriði í kaflanum <i>Áherslur í stjórnunar- verndaráætlun- Samningar/samstarf</i>
<b>Sérþókn mhl.Skagafjarðar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Álfhildur Leifsdóttir Vinstri hreyfingunni-grænu framboði og óháð
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Hálendisþjóðgarður sem er í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar stuðlar að náttúruvernd á einstöku svæði sem geymir fágætan gróður og sérstæðar jarðmyndanir. Leggja þarf áherslu á að unnið verði náið með heimamönnum í öllu ferlinu og hagsmuna heimafólks og sérstaklega bænda gætt í hvívetna.
	<b>Svar:</b> Nefnd vísar í texta sinn um áherslur í lagafrumvarp. Þar eru lagðar áherslur á náttúruvernd, tryggingu hefðbundinna sjálfbærra nytja og víðtæka valddreifingu.
<b>Sérlög</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu (SAF), Náttúrufræðistofnun, Guðmundur Hörður Guðmundsson
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) Að mati SAF er afar hætt við að afurð setningar enn eins lagabálks um þjóðgarð verði svo hátt flækjustig að næsta átaksverkefni á sviði þjóðgarða verði einkum fólgið samræming og einföldun regluverks. Á heildina litið telja SAF því eðlilegra að ákvæðum um Hálendisþjóðgarð verði komið fyrir þeim frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun b) óljóst er hvernig sérlög um Hálendisþjóðgarð verða fléttuð við lög um náttúruvernd og enn síður hvernig boðuð lög um þjóðgarðastofnun, sérlög um Hálendisþjóðgarð og lög um náttúruvernd verða fléttuð saman c) Mikilvægt er að Hálendisþjóðgarður heyri undir nýja þjóðgarðastofnun, verði frumvarpið að lögum

	<b>Svar:</b> a) Nefnd telur mikilvægt að lög um Hálendisþjóðgarð verði sérlög í ljósi umfangs þjóðgarðsins og valdreifingar sem lögð er til a)-c) Varðandi eina stofnun yfir þjóðgörðum er vísað á frumvarp um þjóðgarðastofnun, sem þó fellur utan verksviðs þessarar nefndar.
<b>Skipulagsvald</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Bláskógabyggð, Skagafjörður, Borgarbyggð
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-e) Athugasemdir lúta að því að stofnun þjóðgarðs skerði skipulagsvald. Ekki megi skerða skipulagsvald sveitarfélaga.
	<b>Svar:</b> Sjá svar í töflunni <i>Verkefni 1-2</i> , athugasemd: <i>Skipulagshlutverk sveitarfélaga</i>
<b>Stjórnskipulag</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd, Náttúrufræðistofnun, Jón G Guðmundson, Reykjavíkurborg, Minjastofnun, 4x4, SAF, Borgarbyggð,
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) vara við því að meirihluti stjórnarmanna komi frá þeim sveitarfélögum sem hafa sveitarfélagsmörk upp á miðhálandið. Um er að ræða þjóðgarð, sem vísar til þjóðarinnar í heild, og því þarf að skipa stjórn í samræmi við það b) getur t.d. talist óeðlilegt að sveitarfélög, meirihluti þjóðarinnar, t.d. á Vestfjörðum, Akureyrarbær, höfuðborgarsvæðið eða á Reykjanesi eigi engan fulltrúa í stjórn stærstu þjóðlendu landsins nema að einstaklingar frá þessum svæðum séu hluti af félagasamtökum c) Þetta á að vera ÞJÓÐ-garður en er í raun smákóngagarður. ("Að meirihluti stjórnarmanna séu fulltrúar sveitarfélaga sem hafa sveitarfélagamörk upp á miðhálandið.") d) Aðkoma annarra sveitarfélaga en þeirra sem eiga mörk inn á miðhálandið. Ekki óeðlilegt að fulltrúar þeirra eigi aðkomu að ákvarðanatöku sem varðar Hálendisþjóðgarð í ljósi þess að svæðið er sameign allrar þjóðarinnar e) telur að fara þurfi varlega í að fyrst og fremst séu settir sveitarstjórnarmenn og fulltrúar hagsmunasamtaka á sviði náttúruverndar og ferðamála í ráð og stjórn. Með þessu er hætt á að verið sé að færa ákvörðunarvaldið frá fagaðilum yfir í svæðis- og jafnvel hagsmunapólitík. f) Svæðisráð – fulltrúi ferðamálasamtaka kemur úr röðum heimamanna – er þetta ekki of þröngt þegar kemur að ferðaþjónustu og getur leitt til þess að hagsmunir fjöldans verði fyrir þá? Gagnrýna að meirihluti stjórnar sé skipaður fulltrúum sveitarfélaga sem hafa mörk upp á miðhálandið – þar sem þeir séu með lítið hlutfall landsmanna á bakvið sig en fá mikið vald. g) leggja til að í stað ferðamálasamtaka á viðkomandi svæði verði SAF og markaðsstofum landshlutanna í sameiningu tryggt tækifæri til að tilnefna fulltrúa í svæðisráðin h) Stjórn fyrirhugaðs svæðisráðs fyrir þann hluta Hálendisþjóðgarðs sem tengist Borgarbyggð verði alfarið í höndum sveitarstjórnar Borgarbyggðar
	<b>Svar:</b> a)-h) Tillaga nefndar hefur gengið út frá þeirri lagalegu skipan sem er í lögum með stjórnslu sveitarfélaga og skipulagi lands. Skipulagshlutverk og mörk sveitarfélaga eru með þeim hætti sem fyrir liggur. Það stjórnkerfi sem nefndin leggur til byggir á þessum forsendum ásamt því að skilgreina með skýrum hætti valdreifingu, þ.m.t. beina aðkomu hagaðila að umdæmisráðum og stjórn
<b>Víðerni</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Ungir umhverfissinnar, Guðmundur Hörður Guðmundson, Landvernd, Eldvötn, Slóðavinir.
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a)-d) Lagt til að markmið um vernd víðerna verði bætt við áherslur nefndar um markmið í lagafrumvarp e) Ef tilgangurinn með hálendisþjóðgarði er stækkun víðerna og skilgreining á víðernum svo þröng að hún muni síðan úthýsa vélknúinni umferð á leiðum sem löng hefð er fyrir því að ferðast eftir, er ekki hægt að styðja slíkan þjóðgarð
	<b>Svar:</b> a)-d) Vísað er í kaflann um <i>Áherslur í stjórnunar- og verndaráættun</i> . Þar kemur fram að nefndin telur að verndarmarkmið þjóðgarðs á miðhálandinu skuli snúa sérstaklega að vernd og viðhaldi lítt snortinna víðerna e) Nefnd ræðir ekki um stækkun víðerna í skýrslunni, heldur nefnir að verndarmarkmið skuli snúa sérstaklega að vernd þeirra þar sem þau eru til staðar.
<b>Þjónustumiðstöðvar</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Landvernd, Náttúrufræðistofnun, 4x4
	<b>Samantekt athugasemda:</b> a) varar við því að staðsetning á þjóðgarðsmiðstöðum fyrir hvert og eitt svæði verði í höndum svæðisráðs b) ekki eigi að ákveða fyrirfram að ákvörðun af þessu tagi sé í alfarið í höndum svæðisráðs án þess að um leið sé settar ákveðnar skorður c) telja óþarfa að tryggt verði sérstaklega að miðstöðvar sem þegar hefur verið mörkuð stefna um að byggja upp í Vatnajökulsþjóðgarði verði kláraðar

	<p><b>Svar:</b> a)-b) Nefnd telur mikilvægt að útfærsla verði í höndum umdæmisráða. Horfa þarf til ýmissa þátta þegar slík útfærsla fer fram og nefndin telur að slíkt verði haft að leiðarljósi meðal umdæmisráða c) Nefnd telur mikilvægt að þær verði kláraðar. Um er að ræða miðstöðvar sem gagnast myndu Hálendisþjóðgarði á sama hátt og þær munu gagnast Vatnajökulsþjóðgarði. Tekið er fram í texta að útfærsla og markmið geti tekið breytingum m.t.t. markmiða með stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands</p>
<b>Þolmörk</b>	<b>Umsagnaraðili:</b> Náttúruverndarsamtök Íslands
	<b>Samantekt athugasemda:</b> Æskilegt er að kannað verði hver sé æskilegur hámarksfjöldi ferðamanna innan þjóðgarðsins.
	<b>Svar:</b> Nefnd vísar til þeirra vinnu sem framundan er ef til stofnunar þjóðgarðs kemur. T.d. væri hægt að kanna hvort slík rannsókn gæti farið fram í tengslum við vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun.

# Viðauki II - Fundir og samráð

## Samráðs- og kynningarfundir nefndar

**2018:** Tíu fundir, fimm fundir með sveitastjórnarfulltrúum og strax í kjölfarið fimm opnir íbúafundir.

Fundirnir voru auglýstir í Ríkisútvarpinu, á heimasíðu nefndar, á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og beiðni var send á sveitarfélögin að þau auglýstu fundina á sínum vefsíðum.

**16. ágúst kl. 10:30-11:30** í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Boðuð sveitarfélög: Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur). **12:00-13:30** Opinn íbúafundur.

**17. ágúst kl. 10:30-11:30** í Breiðumýri í Þingeyjarsveit. Boðuð sveitarfélög: Þingeyjarsveit, Eyjafjarðarsveit, Norðurþings og Skútustaðahreppur. **13:00-14:30** Opinn íbúafundur.

**20. ágúst kl. 15:30-16:30** í félagsheimilinu á Hvammstanga. Boðuð sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Borgarbyggð, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður. **17:00-18:30** Opinn íbúafundur

**22. ágúst kl. 15:30-16:30** á Hótel Héraði Egilsstöðum. Boðuð sveitarfélög: Fljótshlíshérað, Fljótshlíshreppur, Djúpavogshreppur og Hornafjörður. **17:00-18:30** Opinn íbúafundur

**27. ágúst kl. 15:30-16:30** í félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Boðuð sveitarfélög: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur. **17:00-18:30** Opinn íbúafundur

**2019:** Átta fundir. Fundað með sveitarfélögum og hagaðilum. Beiðni var send til sveitarfélaga að boða þá hagaðila sem þau kysu til fundarins. Fundarpunktur af fundum voru sendir sveitarfélögum til yfirlestrar áður en þeir voru birtir á heimasíðu nefndarinnar.

**8. janúar 2019, Skaftafelli kl. 13:00** Með fulltrúum Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps og Hornafjarðar.

**9. janúar 2019, Egilsstöðum kl. 10:30** Með fulltrúum Djúpavogshrepps, Fljótshlíshrepps og Fljótshlíshéraðs.

**9. janúar 2019, Laugum kl. 16:00** Með fulltrúum Þingeyjasveitar, Skútustaðahrepps og Norðurþings.

**10. janúar 2019, Hvammstanga kl. 10:15** Með fulltrúum Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps og Borgarbyggðar.

**11. janúar 2019, Laugalandi kl. 10:00** Með fulltrúum Ásahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra.

**14. janúar 2019, Sauðárkróki kl. 13:00** Með fulltrúum Eyjafjarðarsveitar, Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

**17. janúar 2019, Selfossi kl. 13:00** Með fulltrúum Árborgar, Flóahrepps, Skeiða og Gnúpverjahrepps.

**22. janúar 2019, Selfossi kl. 14:00** Með fulltrúum Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Grímsnes og Grafningshrepps.

**12. ágúst 2019, Logalandi Borgarbyggð kl. 20:00** Með fulltrúum Borgarbyggðar, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra.

**Fundir í Reykjavík.** Boðað var til þriggja funda í Reykjavík: **4. júní 2018, 4. desember 2018, 20. maí 2019**

Þá fór nefndin í vettvangsferð í Veiðivötn á sunnanverðu miðhálendinu í ágúst 2019 og kynnti sér starfsemina á svæðinu.

Auk ofangreindra funda tóku formaður og/eða verkefnastjóri nefndarinnar þátt í fleiri fundum um verkefnið eftir því sem tók voru á með ýmsum hagaðilum að beiðni þeirra, þ.m.t. sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga og félagasamtökum.

# HEIMILDIR

- Alþingi. (1998). Lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Alþingi.
- Alþingi. (1998). Lög um þjóðlendur nr. 58/1998.
- Alþingi. (2012). Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Alþingi. (2013). Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Alþingi. (2016). *Landsskipulagsstefna 2015-2026*. Sótt frá [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is)
- Alþingi. (2018). Lög um landgræðslu nr. 155/2018.
- Alþingi. (2019). *Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun*.
- ALTA. (2018). *Hlutverk og verndarflokkar þjóðgarða. Greinargerð unnin fyrir þverpólítíska nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.*
- Björn Barkarson. (2003). Nýting afrétta á miðhálandi Íslands. Landgræðsla ríkisins.
- Capacent. (2018). *Vatnajökulsþjóðgarður. Rekstrar- og stjórnsýsluúttekt*.
- Forsætisráðuneytið. (Ágúst 2019). *Yfirlitskort yfir þjóðlendur*. Sótt frá [www.obyggdaneftnd.is](http://www.obyggdaneftnd.is)
- Hagfræðistofnun Íslands. (2018). Áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi. Skýrsla nr. C18:08.
- Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. (2018-2019). *Fundargerðir nefndarfunda*. Sótt frá Heimasíða þverpólítískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/thjodgardar-og-fridlyst-svaedi/nefnd-um-stofnun-midhalendisthjodgards/>
- Obyggðaneftnd. (2019). *Yfirlitskort yfir þjóðendur á svæðum 1-9B samkvæmt úrskurðum óbyggðaneftndar og niðurstöðum dómstóla*.
- Ríkisendurskoðun. (2019). *Vatnajökulsþjóðgarður. Skýrsla til Alþingis október 2019*.
- Sif Guðjónsdóttir. (2005). Megindrættir í þjóðlendumálum 1998-2005. *Tímarit lögfræðinga*, 55, 509.
- Skipulagsstofnun. (2018). Mannvirki á Miðhálandinu - Framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2017). *Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands*. Stjórnarráð Íslands.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2017). *Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands - lokaskýrsla nefndar*.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (September 2019). Upplýsingar frá skrifstofu fjármála og rekstrar. Svör við fyrirspurn nefndar um rekstrarkostnað friðlýstra svæða á miðhálandinu. .



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2019). Upplýsingar um Landsáætlun um uppbyggingu innviða frá sérfræðingum ráðuneytisins.

Umhverfissráðuneytið. (2011). *Náttúrvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands.*

Vatnajökulsþjóðgarður. (2019). *Ársreikningur 2018.*

Vegagerðin. (2018). *Heimasíða Vegagerðarinnar.* Sótt Nóvember 2019 frá [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is):  
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vegflokkar\\_kort\\_2018/\\$file/Vegflokkar\\_2018\\_kort.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vegflokkar_kort_2018/$file/Vegflokkar_2018_kort.pdf)

Vegagerðin. (2019). *Bréf Vegagerðarinnar til þverpólíttískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.*

Reykjavík, 3. desember 2019



Óli Halldórsson, formaður nefndarinnar

---


 Bergþór Ólason  
 Miðflokkurinn




Dagbjört Jónsdóttir  
Samband íslenskra sveitarfélaga

Guðmundur Andri Thorsson  
Samfylkingin

Halldóra Mogensen  
Píratar

Hanna Katrín Friðriksson  
Viðreisn

Inga Sæland  
Flokkur Fólksins

Margrét Hallgrímsdóttir  
f.h. forsætisráðuneytis

Líneik Anna Sævarsdóttir  
Framsóknarflokkurinn

Valtýr Valtýsson  
Samband íslenskra sveitarfélaga

Vilhjálmur Árnason  
Sjálfstæðisflokkur


Steingrímur J. Sigfússon

